



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

# **Ábyrgð og sannleikur í stjórnámálum**

*Undirstöður trausts stjórnámálakerfis*

Lokaritgerð til M.A.-prófs

**Guðný Ásta Ragnarsdóttir**

**Maí 2012**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Viðskiptasiðfræði**

# **Ábyrgð og sannleikur í stjórnámálum**

*Undirstöður trausts stjórnámálakerfis*

**Lokaritgerð til M.A.-prófs**

**Guðný Ásta Ragnarsdóttir**

**Kt.: 070967-5539**

**Leiðbeinendur: Róbert H. Haraldsson**

**Salvör Nordal**

**Maí 2012**

## **Þakkir**

Ég vil þakka Salvöru Nordal og Róbert H. Haraldssyni, leiðbeinendum mínum, fyrir alla þá aðstoð sem þau veittu mér í þessu verkefni sem og öðrum verkefnum í námi mínu. Einnig vil ég þakka dr. Sveinbirni Gizurarsyni fyrir lokayfirlestur á ritgerðinni. Eiginmanni mínum Guðjóni Bragasyni kann ég einnig miklar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning og margvíslega aðstoð. Síðast en ekki síst vil ég svo þakka dóttur minni Sunnevu Kristínu Guðjónsdóttur fyrir mikla þolinmæði gagnvart oft mjög upptekinni mömmu sinni.

## Ágrip

Markmið mitt með þessari ritgerð er að skoða hvort ábyrgð og sannleikur eigi samleið bæði í og með stjórnámálum, líkt og almenn krafa er um í dag, en sannsögli og ábyrgð þykja ekki bara ákjósanlegir eiginleikar heldur eru jafnvel flokkaðir sem dyggðir. Ég mun leita svara hjá þremur höfundum, Max Weber, og tveimur samtíma heimspekingum, Hannah Arendt og Garrath Williams.

Weber setur fram áhugaverða sýn á stjórnámál, sem ég nota sem nokkurs konar leiðarstef í ritgerð minni, um að sérhver siðleg athöfn lúti öðru tveggja siðalögmála, hugarfarssiðgæðis eða ábyrgðarsiðgæðis. Samkvæmt því fyrra skal fela afleiðingar breytni guði á vald, en regla þess seinna er að hver og einn verði að vera tilbúinn til að taka ábyrgð á fyrirsjáanlegum afleiðingum gjörða sinna. Samkvæmt algildu siðferði er sannleikurinn undantekningarlaus og spyr ekki um afleiðingar meðan að ábyrgð stjórnámálamannsins er einmitt að horfa til afleiðinga þess sem er gert, jafnvel þótt á kostnað sannleikans sé. Að bera ábyrgð á gjörðum sínum felur í sér að bera ábyrgð á fyrirsjáanlegri framtíð, sem er skylda stjórnámálamannsins samkvæmt Weber. Hluti af þessari skyldu og ábyrgð er að vera reiðubúinn til að beita valdi til að verja hana. Ein birtingarmynd þess er að beita valdi blekkinga og bregðast þannig sannleiksskyldunni.

Áhersla Arendt í ritgerð sinni „Sannleikur og stjórnámál“ er ekki á algilda sannleiksskyldu heldur á þær aðferðir sem stjórnámálamenn nota til að fela eða afbaka sannleikann. Samkvæmt Arendt er það verulegt áhyggjuefni að stjórnámálamenn ganga sífellt lengra í að reyna að umbreyta og jafnvel afmá sannleikann. Aðferðir þeirra og markmið samræmist ekki þeim hefðbunda tilgangi lyga stjórnámálanna að vinna gegn utanaðkomandi ógn og því eru þessar aðferðir ekki réttlætanager.

Í ritgerð sinni „Responsibility as a Virtue“ fjallar Garrath Williams um ábyrgð, en fyrir honum er hún mikilvæg dyggð sem stofnanakerfi nútímans byggist á. Grundvallaratriðið hér er sú dreifða ábyrgð sem fylgir stofnanakerfinu, og hvernig ábyrgð í dag er ekki einskorðuð við stjórnálmenn heldur nær hún til alls almennings. Ábyrgð í dag einkennist af því hversu margþætt hún er, og því er mikilvægt að hún byggist á samvinnu. Þannig hefur ábyrgð þróast yfir í samábyrgð ríkis og þegna.

## **Abstract**

The purpose of this essay is to examine whether responsibility and truth can go together in and with politics, as is the general demand today, but truthfulness and responsibility are not only regarded as desirable qualities, but are even seen as virtues. I will seek answers from three authors, Max Weber, and two contemporary philosophers, Hannah Arendt and Garrath Williams.

Weber puts forth an interesting view on politics, which I will use as a kind of guiding light in my essay, that each ethical action is ruled by one of two ethical principles, ethics of conviction or ethics of responsibility. According to the former, consequences of actions shall be left to god, but according to the latter each person must be ready to bear responsibility for any predictable consequences of his or her actions. According to absolute ethics, truth is without exception and does not ask about consequences while the responsibility of the politician lies in acting according to desired consequences of actions, even if truth suffers. Being responsible for one's actions includes being responsible for the predictable future which is an obligation of the politician according to Weber. Part of this obligation and responsibility is to be prepared to apply force for its protection. One of the manifestations of this is to apply force of deception and thus fail the absolute truth obligation.

Arendts' emphasis in her essay „Truth and Politics“ is not on absolute truth but on the methods politicians use to hide or distort the truth. According to Arendt it is considerable reason for concern that politicians reach further and further in their attempt to transform or even obliterate the truth. Their methods and goals are not consistent with the traditional political purpose of deception, fighting against foreign threats and therefore their actions are not justifiable.

In his essay „Responsibility as a Virtue“ Garrath Williams discusses responsibility, which he sees as an important virtue that modern institutions are based on. The principal issue here is the divided responsibility that is a part of the institutional system, and how responsibility today is not confined to politicians but includes the public as a whole. Responsibility today is defined by its plurality and therefore it is important that it is based on cooperation. Through this, responsibility has developed into joint responsibility of government and subjects.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	7
<b>Max Weber</b>	9
<b>Hannah Arendt</b>	29
<b>Garrath Williams</b>	49
<b>Lokaorð</b>	67
<b>Heimildaskrá</b>	70

## Inngangur

Í fyrirlestri sínum „Starf stjórnámálamannsins“ veltir Max Weber meðal annars fyrir sér hinni siðferðilegu hlið stjórnámálalífsins. Ábyrgð er honum þar ofarlega í huga, en að hans mati eiga stjórnámálamenn að binda hugann við ábyrgð á framtíðinni<sup>1</sup>, það er að vera meðvitaðir um afleiðingum gerða sinna. Samkvæmt Weber lýtur sérhver siðleg athöfn annars tveggja ólíkra siðalögmála, hugarfarssiðgæðis eða ábyrgðarsíðgæðis. Regla hugarfarssiðgæðisins er að breyta rétt og fela afleiðingar breytni guði á vald. Svo lengi sem rétt er breytt, en rétt breytni hér felur í sér að breyta af hreinu hugarfari, eru afleiðingarnar, ef slæmar, ekki sök gerandans heldur utanaðkomandi afla. Þessi öfl eru heimsku mannanna eða ákvörðun guðs, sé siðaboðið skoðað út frá trúarlegu sjónarhorni. Reglur hugarfarssiðgæðisins hafna því alveg að tilgangurinn helgi meðalið, enda sé heiminum skynsamlega fyrir komið út frá siðferðilegu sjónarmiði. Samkvæmt hugarfarssiðgæðinu felst gildi aðgerða í að sýna gott fordæmi. Regla ábyrgðarsíðgæðisins er hins vegar að hver maður verði að vera reiðubúinn til að taka ábyrgð á fyrirsjáanlegum afleiðingum gjörða sinna. Ekki er hægt að gera ráð fyrir hreinu hugarfari mannanna og því er ekki hægt að varpa ábyrgð á utanaðkomandi öfl líkt og í hugarfarssiðgæðinu.<sup>2</sup> Að þessu leyti er ábyrgðarsíðgæðið síðgæði stjórnámálamannsins þótt Weber bendi síðar í fyrirlestrinum á að hvort tveggja þurfi „til að gera góðan dreng, sem sinnt geti stjórnámálum af köllun“.<sup>3</sup>

Ábyrgð á framtíðinni er grundvallaratriðið hér en um leið það sem skilur á milli ábyrgðar og sannleika. Weber bendir á að sannleiksskyldan sé undantekningarlaus samkvæmt algildu siðferði án tillits til afleiðinganna, enda spyrji algild siðaboð ekki um afleiðingar. Í stjórnámálum skipta afleiðingar hins vegar mestu máli. Um leið og undantekningarlaus sannleiksskylda horfir ekki til afleiðinga þá horfir hún ekki til framtíðarinnar þar sem afleiðingar þess sem er gert mótar framtíðina. Að þessu leyti fer hún því ekki saman við starf stjórnámálamannsins. Weber bendir einnig á að „engin siðfræði kemst framhjá þeirri staðreynd, að oft er því aðeins hægt að ná „góðum“ markmiðum, að beitt sé óskemmtilegum eða að minnsta kosti varhugaverðum aðferðum“.<sup>4</sup> Sé þetta haft í huga er rétt að staldra við áður en öll afbökun eða fegurin á

---

<sup>1</sup> Max Weber, *Mennt og máttur*, (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1973), bls. 186

<sup>2</sup> Sama rit, bls. 190-193

<sup>3</sup> Sama rit, bls. 201

<sup>4</sup> Sama rit, bls. 191

sannleikanum hjá stjórnámálamönnum er fordæmd, enda getur margt slíkt fallið hér undir.

Í byrjun fyrirlestrar síns um sannleika og stjórnámál bendir Hannah Arendt á að sannleikurinn sé ekki talinn meðal dyggða stjórnámálanna og að ávallt hafi verið litið til lyga sem nauðsynlegra og réttlætunlegra tækja stjórnámálanna.<sup>5</sup> Þessi staðhæfing Arendt, sem óneitanlega á við rök að styðjast, er í nokkrum takti við það sem Weber hefur að segja um siðferði stjórnámálamannsins, sem byggir ekki endilega á sömu forsendum og siðferði annarra.<sup>6</sup> Því er áhugavert að skoða hvað hún hefur til málanna að leggja um sannleikann í meðförum stjórnámálanna og hvernig það samræmist Weber.

Sé tekið mið af bæði Arendt og Weber er ljóst að til að vera ábyrgur gagnvart framtíðinni getur verið nauðsynlegt á stundum að horfa framhjá sannleikanum. Í stjórnámálum geta komið upp aðstæður þar sem sannleikurinn getur valdið meiri langtíma skaða en tímabundin lygi. Með því að velja lygi, sem leiðir til jákvæðra afleiðinga fyrir borgara, umfram sannleiksskyldu sem hirðir ekki um afleiðingar er stjórnámálamaðurinn að taka ábyrgð fram yfir heiðarleika þegar það tvennt fer ekki saman. Með þessu er hann að ákveðnu leyti að velja á milli dyggða, en bæði ábyrgð og sá heiðarleiki að segja sannleikann eru iðulega talin til dyggða, eða að minnsta kosti eiginleika sem æskilegt er að temja sér.

En þrátt fyrir ópólítískt, eða jafnvel andpólítískt eðli sannleikans<sup>7</sup> hafa valdhafar sett á fót, og stutt, stofnanir, svo sem háskóla og réttarkerfið, sem miða að því að halda sannleikanum á lofti. Af þessu er augljóst að þótt sannleikurinn spili kannski ekki alltaf stórt hlutverk hjá valdhöfum sjálfum, þá eru þeir samt meðvitaðir um mikilvægi hans og vilja styrkja stöðu hans. Þetta er í samræmi við ábendingu Arendt um að heimurinn entist ekki lengi ef menn væru ekki tilbúnir til að segja það sem er. Án þess er ekki hægt að ímynda sér neina festu eða stöðugleika í tilverunni.<sup>8</sup>

Af öllu framangreindu er ljóst að ábyrgð er nauðsynleg í stjórnámálum og þó vissulega sé nauðsynlegt að þekkja sannleikann þá er það ekki endilega svo að opinberun hans eigi alltaf við í stjórnámálum á hverjum og einum tímamarki. Þótt sannleikurinn sé almennt hátt skrifaður og talinn mikilvægur í öllum samskiptum, eru skiptar skoðanir um hversu nauðsynlegur hann er öllum stundum þegar kemur að

---

<sup>5</sup> Hannah Arendt, „Truth and Politics“. *The Portable Hannah Arendt*. Rittstj. Peter Baehr (Penguin 2003), bls. 545

<sup>6</sup> Dæmi um siðferði stjórnámálamannsins má til að mynda finna efst á bls. 189 í fyrirlestri Weber.

<sup>7</sup> Arendt, „Truth and Politics“. *The Portable Hannah Arendt*, bls. 571

<sup>8</sup> Sama rit, bls. 546-547



stjórnmálum, og eins hversu vel og mikið hann geti þrífist innan stjórnmálaumhverfisins.

Í nútíma vestrænu samfélagi er krafan um ábyrgð og sannleika í stjórnmálum hávær. Almennigur vill geta trúað og treyst því að yfirvöld sýni þá ábyrgð gagnvart sér að stjórnmál einkennist af sannleika, enda þjóni það hagsmunum sínum best. Einnig vill almenningur vera upplýstur um hvað nákvæmlega það er sem stjórnmálamenn eru að gera og hvernig þeir vinna verk sín. Einn af kostunum við gegnsæi sem þetta er að það getur komið í veg fyrir spillingu.

Spurningin hér er hins vegar hvort ábyrgðarsíðgæðið sem Weber fjallar um sé ekki einmitt þess valdandi að sannleiksskyldan eigi ekki ávallt við í stjórnmálum. Stjórnmálamaðurinn getur í raun ekki sýnt af sér þetta ábyrgðarsíðgæði og um leið virt sannleiksskyldu sem spyr ekki um afleiðingar sannleikans, því þótt óhætt sé að halda því fram að ábyrgð og sannleikur fari iðulega saman þá geta óneitanlega komið upp tilvik þar sem það á ekki við.

Ef bæði ábyrgð og sannleikur eru jafn mikilvægar dyggðir og almennt virðist viðurkennt, en eru um leið dyggðir sem geta skarast á afgerandi hátt, er rétt að skoða þessar dyggðir hvora fyrir sig og hvernig þær, eða skortur á þeim, birtast í stjórnmálum. Til að skoða þetta valdi ég sem útgangspunkta skrif tveggja samtíma heimspekinga um annars vegar dyggðina ábyrgð og hins vegar um sannleika og stjórnmál.

Í greininni „Responsibility as a virtue“ fjallar Garrath Williams um ábyrgð í sögulegu ljósi og hvernig hún kemur fram í stofnanakerfi nútíma lýðræðisríkja, jafnt í pólitískum sem ópólitískum störfum. Í fyrirlestrinum „Truth and politics“ fjallar Hannah Arendt síðan um sannleikann í stjórnmálum bæði í sögulegu ljósi og einnig og sérstaklega um það sem hún kallar raunsannindi og þá hvernig stjórnvöld hafa á hinn margvíslegastan máta tilhneigingu til að afbaka hann.

Þessar tvær greinar endurspeгла á margan hátt það sem Weber setur fram um ábyrgð og sannleika í stjórnmálum og varpa um leið skýrara ljósi á hvers vegna þetta tvennt tengist, en á þó ekki endilega samleið.

## **Max Weber**

Í umfjöllun minni um ábyrgð og sannleika í stjórnmálum spila kenningar þýska heimspekingsins Max Weber (1864–1920) stóran sess. Weber var upp á miklum umbrotatímum í stjórnmálum og endurspeglar margt í fyrirlestri hans „Starf stjórnmálamannsins“ forsendur farsæls lýðræðislegs samfélags.

Kjarninn í siðfræði Weber er að ábyrgð stjórnámamannsins sé umfram annað að horfa til afleiðinga verka sinna. Þetta er mikilvægara en að verk hans stjórnist eingöngu af hreinu hugarfari. Æskilegast væri að þetta tvennt færi saman, en sé þess ekki kostur verður ábyrgð á afleiðingum að ganga fyrir. Þetta á einnig við þótt það felli um leið sannleikann úr gildi.

Eitt af því áhugaverðasta við grein Weber, samanborið við bæði Arendt og Williams, er hvernig hann aðskilur viðfangsefni og siðfræði stjórnámálanna frá öðrum sviðum tilverunnar. Í skrifum Weber má skilja að eðlilegt sé að þeir sem starfa á vettvangi stjórnámálanna lúti ekki sömu lögmálum og aðrir, og að málefni varðandi þá séu því skoðuð út frá öðrum forsendum. Dæmi um það er hvernig ofbeldi tengist starfi þeirra, sem ég fer nánar í hér á eftir. Arendt og Williams skoða hins vegar sín viðfangsefni, sannleika og ábyrgð í samhengi stjórnmála, út frá almennari forsendum, svo sem hvað það er sem dyggðirnar sannsögli og ábyrgð krefjast almennt af mönnum, en ekki því að mismunandi siðferði fylgi mismunandi störfum.

En áður en ég fer í meiri smáatriðum í kenningar Weber ætla ég fyrst að fara aðeins yfir það sem hann helst fjallar um og tengist siðferði stjórnámamannsins.

Í kenningum sínum kemur Weber fram með ákveðinn grundvöll að því siðferði sem góður stjórnámamaður byggir á, og er því ekki úr vegi að byrja á að skoða það aðeins nánar. Weber hafði mjög áhugaverða sýn á siðferði stjórnmála. Hann leit svo á að siðferði skiptist í tvær ólíkar gerðir sem færu illa saman í reynd. Önnur gerðin, hugarfarssiðgæðið, stjórnast af góðu og hreinu hugarfari þar sem rétt breytni og hið góða fordæmi sem hún felur í sér er mikilvægara en afleiðing hennar. Ef afleiðingin reynist slæm er ástæða þess af utanaðkomandi völdum og utan ábyrgðar viðkomandi. Hin siðferðisgerðin, ábyrgðarsiðgæðið, stjórnast öðru fremur af ábyrgð, og samkvæmt henni þarf umfram annað að horfa til þess sem gerðir leiða af sér. Afleiðingin er öðru mikilvægari. Siðferði sem stjórnast af ábyrgð er, að áliti Weber, góður vegvísir fyrir stjórnámamanninn meðan að siðferði sem stjórnast af hugarfari samræmist ekki hlutverki hans og markmiðum. En þótt þessar tvær siðferðisgerðir fari ekki endilega vel saman getur þó hvor um sig tekið gott frá hinni.

Í þessum kenningum er tvennt sem gerir þær sérstaklega aðgengilegar. Annars vegar er það einfaldleiki þeirra, og hitt er hversu tímalausar þær eru, en allt að því jafn auðvelt er að heimfæra þær upp á stjórnmál í dag eins og þegar Weber setti þær fram. Vegna þessara eiginleika er einnig mjög gott að hafa þær í huga þegar siðferði stjórnmála er skoðað út frá kenningum annarra, en ég mun gera það þegar ég skoða kenningu Garrath Williams um ábyrgð.

Weber fjallar einnig um þau lögmál sem sannleikurinn lýtur og hvernig hann tengist siðferðinu. Þegar það er skoðað er sérlega áhugavert að sjá að sannleikurinn, sem er í eðli sínu hlutlaus, lýtur mismunandi lögmálum eftir því hvort siðferðið hann er heimfærður upp á, hugarfars- eða ábyrgðarsiðgæði. Þessa umfjöllun Weber um tengsl sannleika og stjórnmála mun ég hafa í huga þegar ég fjalla um ritgerð Hannah Arendt um sannleika í stjórnmálum hér síðar í ritgerð minni.

En áður en ég kem til með að skoða þessar kenningar Weber betur, byrja ég á að líta á hvað það er sem Weber telur að einkenni stjórnmálalífið umfram önnur svið mannlífsins, enda er nauðsynlegt að þekkja einkenni starfs áður en siðferði þess er skoðað. Samkvæmt Weber er valdasókn og ofbeldi einkennandi fyrir starf stjórnmálamannsins. Þetta eru ekki eiginleikar sem koma fyrst upp í hugann við umræðu á siðferði, og er því nauðsynlegt að skoða bæði eðli þeirra í þessu samhengi, og eins eðli ofbeldis eða valdbeitingar almennt. Einnig lít ég til þess hvað getur flokkast undir réttmætt ofbeldi, en Weber vitnar margoft til þess í umfjöllun sinni. Í fyrirlestri sínum gerir Weber einnig skýran greinarmun á bæði hlutverki og skapgerðareiginleikum embættismanna annars vegar og stjórnmálamanna hins vegar. Þessi umfjöllun hans kallast að mörgu leyti á við umfjöllun Garrath Williams um ábyrgð embættismanna og mun ég skoða það nánar síðar. Áður en ég sný mér svo að umfjöllun Weber um siðferðið skoða ég tvær gryfjur sem Weber bendir á að stjórnmálamönnum sé hætt við að falla í, gryfju hégómleikans og þess að sækjast í völd án markmiðs.

Í fyrirlestri sínum „Starf stjórnmálamannsins“ er Weber tíðrætt um að vald og ofbeldi móti ákveðinn grundvöll ríkisins. Algengt tæki, en þó ekki hið eina eða algengasta, sem ríki ræður yfir til halda völdum er ofbeldi. Vegna þessa er ljóst að ofbeldi að einhverju marki verður alltaf til í stjórnmálum. Ríki byggist á því að þegnar þess viðurkenni rétt stjórnarherra til valda. Um leið og þegnar ríkisins gera það eru þeir að samþykkja rétt ríkisins, eða stjórnarherra þess, til að beita ofbeldi, sé þess þörf, til að viðhalda völdum sínum. Einnig er mikilvægt að einskorða þennan rétt til ofbeldis við ríkið.<sup>9</sup> Samkvæmt Weber er ofbeldi því sérkennandi aðferð ríkisins og er ríki jafnframt „það samfélag manna, sem gerir viðurkennda kröfu til *einkaréttar til að beita réttmætu ofbeldi*.“<sup>10</sup> Ofbeldið er þannig orðið réttmætt þar sem þegnar ríkisins viðurkenna rétt valdhafanna til að beita því fyrir hönd ríkisins og þeirrar stjórnar sem þeir samþykktu. Markmið stjórnmálamanns í ríki er að ná völdum, en völdin eru tæki til að ná öðrum

---

<sup>9</sup> Weber, *Mennt og máttur*, bls. 120-121

<sup>10</sup> Sama rit, bls. 121

markmiðum.<sup>11</sup> Út frá þessum orðum Weber vaknar sú spurning hvort stjórnámamanninum sé leyfilegt og jafnvel skylt að beita ofbeldi sé það talið stjórnómálag nauðsyn. Lykilorðið í tengslum við ofbeldi er hins vegar „ríkið“, ekki stjórnómálagurinn. Stjórnámamanninum er leyfilegt að beita ofbeldi í starfi sínu sem fulltrúi ríkisins. Þau völd sem hann er þá ýmist að leitast við að ná, eða að halda, eru þá völd sem koma ríkinu, og þeim sem því stjórna, til góða. Þar sem ríkið er lykilaðriði þá hefur stjórnómálagurinn ekki leyfi til að nota ofbeldi til að koma persónu sinni á framfæri eða viðhalda völdum sínum, heldur einungis sem málsvari málefni sem þegnarnir styðja. En ýmislegt getur fallið undir ofbeldi og með staðhæfingu sinni má segja að Weber viðurkenni almennan rétt valdhafa til að beita ofbeldi, án sérstakrar skilgreiningar á hvað í því felst. Eina forsenda Weber hér fyrir að ofbeldi sé talið réttmætt er að þegnar ríkisins viðurkenni valdatilkall valdhafa þess.<sup>12</sup>

Áður en lengra er haldið hér vil ég líta aðeins á hvað felst í ofbeldi. Eitt sýnilegasta form ofbeldis í heiminum er ofbeldi stríðsátaka, en birtingarmynd þeirra getur verið mismunandi, bæði að umfangi og eðli. Þetta er því sú birtingarmynd ofbeldis sem er Weber efst í huga, enda notar hann stríð oft sem dæmi máli sínu til stuðnings. Notkun hans á orðinu „ofbeldi“, sem er mjög sterkt orð, styður þá túlkun að hann eigi við þessa tegund ofbeldis. Að auki hefur skilgreining á því hvað felst í ofbeldi rýmkast síðan Weber flutti þennan fyrirlestur sinn, þar sem andlegt ofbeldi var ekki flokkað undir ofbeldi á tímum Weber líkt og það er í dag. Þessi rýmkun á hugtakinu ýtir undir að hann eigi fremur við fyrrgreinda túlkun. En ofbeldi getur hins vegar einnig verið óbeint og í dag er almennt í hinum vestræna heimi litið á ofbeldi sem mannréttindabrot, enda er ein skilgreining á ofbeldi að það „sé það að beita styrk - sýnilegum eða ósýnilegum - í því skyni að ná af einstaklingi eða hópi einhverju sem hann vill ekki afsala sér af fúsum og frjálsum vilja.“<sup>13</sup> Hér undir fellur það sem einstaklingurinn hefur lagalegan rétt til, en undir það myndu flokkast eignir, bæði skuldlausar og það sem staðið er í skilum með, og það sem er mikilvægara hér, óáþreifanleg réttindi svo sem mannréttindi og siðferðileg réttindi. Sé þessi skilgreining tekin gild má ætla að hún nái bæði yfir líkamlegt og andlegt ofbeldi og því geti bæling á sannleika flokkast sem form ofbeldis. Sannleikskrafa á hendur valdhöfum er æ ríkari í nútíma samfélagi, eins og sjá hefur mátt til að mynda hér á landi í kjölfar bankahrunsins, og því er þörfin fyrir sannleika nokkuð sem almenningur afsalar sér

---

<sup>11</sup> Sama rit, bls. 121

<sup>12</sup> Sama rit, bls. 121

<sup>13</sup> *Kompás. Handbók um réttindafræðslu fyrir ungt fólk.*  
[vefir.nams.is/kompas/pdf\\_klippt/5.kafli/12.pdf](http://vefir.nams.is/kompas/pdf_klippt/5.kafli/12.pdf)

væntanlega ekki af fúsum og frjálsum vilja. Í sinni verstu mynd getur skipuleg afbökun sannleikans af hálfu stjórnvalda leitt af sér skoðanakúgun þar sem útgáfa stjórnvalda er hin eina rétta og refsivert er að halda öðrum sannleika fram. Þar af leiðandi má líta á afbökun sannleika eða bælingu á honum sem ákveðna tegund ofbeldis. Um slíkt stjórnarfar má finna fjölmörg dæmi á síðustu áratugum.

Þar sem Weber tekur fram að hann sé að ræða um réttmætt ofbeldi er einnig rétt að velta fyrir sér hvað geti falist í því. Skýring hans að ofbeldi sé réttmætt fallist þegar ríkis á tilkall valdahafa til valds síns<sup>14</sup> er vissulega skýring, en mér finnst samt að meira þurfi að liggja að baki. Ofbeldi er of alvarlegur hlutur til að jafn einföld skýring og Weber situr fram sé réttlæt看leg að mínu mati. Til að ofbeldi geti verið réttmætt ætla ég að eitthvað gott þurfi að leiða af því, eða að minnsta kosti að ætlunin sé að eitthvað gott leiði af því. Þetta á sér í lagi við þar sem siðgæði í líkingu við ábyrgðarsiðgæði Weber er ráðandi. Og þar sem það er ríkisins að beita ofbeldi hlýtur afleiðing þess að þurfa að vera góð fyrir ríkið, og í lýðræðisríki væntanlega þegna þess einnig. Réttmætt ofbeldi getur þá til dæmis verið refsingar fyrir að brjóta gegn gildandi lögum, stríðsrekstur gegn utanaðkomandi ógn við ríkið og lygar eða aðrar blekkingar til að villa um fyrir óvinum ríkisins. Ekki má hins vegar gleyma því að þótt ofbeldi sem ríki beitir kunni að vera byggt á réttmæti getur það engu að síður snúist upp í andstæðu sína. Eitt dæmi um þetta er dauðarefsingar. Það er réttmætt fyrir ríki að refsa fólki fyrir brot þess gegn lögum ríkisins, hvort sem þau snúa að ríkinu sjálfu eða þegnum þess, og þessar refsingar fela margar hverjar í sér það sem kalla má ákveðna tegund ofbeldis. Ofbeldi af þessari gerð birtist þá helst í frelsisskerðingu. Strangasta refsingin er þó dauðarefsing, en að taka einhvern af lífi er líklega eitt versta form ofbeldis sem til er. Ég gef mér hér að pyntingar geti í vissum tilvikum verið verra form ofbeldis. Þrátt fyrir að dauðarefsingar séu samþykkt form refsingar í ýmsum löndum, og flokkist þar undir réttmætt ofbeldi af hendi þeirra ríkja, þá eru dauðarefsingar víðast fordæmdar sem óréttmætt ofbeldi, enda gangi þær þvert á þau mannréttindi sem jafnvel afbrotamenn eiga að njóta. Þótt réttur ríkis til að taka eigin ákvarðanir sé það sterkur að önnur ríki geti ekki haft áhrif þar á, nema með því að beita til þess ofbeldi, þá þýðir það ekki að ákvarðanir þess séu endilega réttmætar eða ábyrgar. Gott er því að hafa í huga að þótt ríki kunni að hafa rétt til að beita valdi og ofbeldi þá þarf engu að síður að gæta að því hvernig sá réttur er nýttur.

Í annan stað, líkt og Weber bendir á, byggir réttmætt ofbeldi á réttmæti valdatilkalls og yfirráða. Hafi yfirvöld verið valin með samþykki meirihluta þegna

---

<sup>14</sup> Sjá umræðu hér á undan

hlýtur það ofbeldi sem þau kunna að beita til að verja hagsmuni ríkisins að vera réttmætara en ofbeldi frá hendi valdhafa sem hafa brotist til valda gegn vilja almennings. Þetta leiðir af því að þegar þegnar samþykkja valdhafa þá eru þeir um leið að samþykkja réttmæti ákvarðana þeirra. Þetta er þó langt frá því að vera algilt eins og gleggst má sjá sé litið til Þýskalands nasismans. Nokkuð líklegt er að meirihluti þegna hefði ekki kosið yfir sig viðkomandi yfirvöld hefðu þeir geta séð fram í tímann hvað það, sem þau yfirvöld hugsanlega töldu réttmætt ofbeldi, leiddi af sér.

Á Íslandi byggja yferráð að mestu á því sem Weber kallar *lögætti*. Skýring Weber á lögætti er að „trúa [...] á gildi lagaboða, sem sett eru með viðurkenndum hætti, og lúta valdi stjórnenda, sem uppfylla hæfniskröfur eftir rökstuddum reglum.“<sup>15</sup> Álitamál kann að vera um hvort yferráð á Íslandi byggir í raun á þessu, þar sem innan stjórnmalaflokkana má sjá dæmi um *náðarforustu*<sup>16</sup>, þegar persóna leiðtogans virðist vera leiðandi afl innan flokksins. Eitt besta dæmi um slíkt er persóna Davíðs Oddsonar sem erfitt er að mótmæla að hafi verið leiðandi afl innan Sjálfstæðisflokksins um árabíl. Þar sem náðarforustan á Íslandi á sér hins vegar stað innan flokka fremur en á almennum vettvangi stjórnmalanna er rétt að líta svo á að yferráðin byggir á lögætti. En samkvæmt því „er ætlað til að menn gegni samvirkusamlega lögboðnum skyldum sínum.“<sup>17</sup> Eigi valdhafar að fara eftir þessum skilyrðum er erfitt að skilja það öðruvísi en svo að komi upp þörf á að beita réttmætu ofbeldi sé það beinlínis skylda þeirra og ábyrgð að gera það, enda samræmist það lögum sem í gildi eru á hverjum tíma og eftir atvikum innan ramma stjórnarskrár viðkomandi ríkis. Beiting á réttmætu ofbeldi þar sem tilgangurinn er að ná fram afleiðingum sem koma sem flestum til góða fellur þá í raun undir hatt ábyrgðarsíðgæðis. Í þessu samhengi finnst mér ekki úr vegi að staldra aðeins við og velta orðinu „samvirkusamlega“ aðeins fyrir sér. Hvað samviskan býður hverjum að gera getur verið mjög einstaklingsbundið, enda mennirnir mjög mismunandi á þessu sviði. Sumir hafa sterka samvisku meðan að aðrir eru allt að því samviskulausir, og því getur túlkun byggð á samvisku boðið upp á mjög mismunandi niðurstöður. Í stjórnmalum má ætla að þetta sé mjög mikilvægt, enda má vænta þess að það hversu tamt stjórnmalamanni er að grípa til einhvers konar ofbeldis til að ná markmiðum sínum velti meðal annars á því hversu sterk samviska hans er. Hluti af því að gegna lögboðnum skyldum sínum samvirkusamlega hlýtur svo einnig að vera að

---

<sup>15</sup> Weber, *Mennt og máttur*, bls. 122

<sup>16</sup> Náðarforusta samkvæmt Weber byggir á valdi innblásins leiðtoga sem nýtur sérstakrar náðargáfu. Undirgefni beinist að persónu hans og er byggð á einhverjum sérstökum eiginleikum hans. Sjá nánari útlitun á bls. 122 í *Mennt og máttur*.

<sup>17</sup> Weber, *Mennt og máttur*, bls. 122

beita dómgreind sinni. Sé dómgreindinni beitt má væntanlega oft sjá að eina leiðin til að gegna lögboðnum skyldum samviskusamlega sé að hunsa sum lagaboð, þótt þau hafi verið sett fram með viðurkenndum hætti. Skemmtileg dæmi um lagaboð sem eðlilegt væri að hunsa má sjá í lagabálkum ýmissa bandarískra ríkja. Í Fíladelfíu má til dæmis, samkvæmt lagabókstaf frá 1760, ekki setja saltkringlu í poka, og í Alaska má ekki horfa á elg úr flugvél.<sup>18</sup> Vissulega eru þetta ýkt dæmi, en á einhverjum tíma þótti greinilega tilefni til að setja þau, og því eru þau ágæt áminning um að ekki skal taka hluti sem sjálfgefna þótt þeir finnist í lagabókstafnum.

En ef við snúum okkur aftur að Weber þá bendir hann á að skoða þurfi hvaða hlutverk krefst hvers af mönnum. Hann tekur sem dæmi embættismann og stjórnámamann, en samkvæmt honum er ábyrgð þeirra mjög ólík. Meðan ábyrgð embættismannsins er að vera hlutlaus og fylgja fyrirskipunum yfirboðara síns samviskusamlega, líkt og þær væru eigin sannfæring, jafnvel þótt hann sé ósammála, þá er: „Sómi stjórnámaleiðtogans, [...] að bera sjálfur óskipta ábyrgð gerða sinna, ábyrgð, sem hann má ekki og getur ekki neitað eða varpað á aðra.“<sup>19</sup> Hér er ég fyllilega sammála Weber varðandi stjórnámamanninn en ekki alveg jafn sammála honum varðandi embættismanninn. Með nokkurri einföldin má segja að vissulega sé ábyrgð embættismannsins að vera hlutlaus og fylgja fyrirskipunum yfirboðara síns, enda treysti hann því að yfirboðarinn sé með hag almennings í huga. En ekki er hins vegar eðlilegt að ætlast til að viðkomandi vinni gegn eigin sannfæringu. Gangi sannfæring embættismannsins gegn því sem ætlast er til af honum væri rétt að hann viðraði andmæli sín við yfirboðara sinn. Ef þeir gætu ekki komist að samkomulagi um hvernig mætti leysa ágreining sem upp kæmi væri eðlilegt að viðkomandi embættismaður léti af starfi sínu, eða fengi sig fluttan til, fremur en að vinna gegn sannfæringu sinni. Þessi skoðun mín byggir reyndar á því að stjórnámamaðurinn sé í raun tilbúinn til að bera sjálfur óskipta ábyrgð gerða sinna. Ef það er reyndin er eðlilegt að ætla að hann muni bregðast á einhvern hátt við andmælum embættismanna sinna, í hið minnsta að hann ígrundi þau vel. Fullyrðing Weber um mismunandi ábyrgð er mjög rökrétt enda eru störf embættis- og stjórnámamanna ólík þótt þeir starfi á sama vettvangi. Þetta á við jafnt í dag og á tímum Weber. Stjórnámamennirnir taka ákvarðanir um hvað þarf að gera hverju sinni meðan að embættismennirnir sjá um framkvæmdina. Meðan stjórnámamenn koma og fara samkvæmt úrslitum kosninga, og af öðrum pólitískum ákvörðunum, er algengara að embættismennirnir sinni störfum sínum árum saman,

---

<sup>18</sup> Tekið af vefsíðunni <http://lorla.com/strange-and-funny-american-laws/>

<sup>19</sup> Weber, *Mennt og máttur*, bls. 149

burtséð frá því hver fer með völd. Starf þeirra felst í að láta hjól ríkisins snúast án tillits til pólitískra hræringa. Samfara þessum mun á störfum er því eðlilegt að einnig sé munur á eðli ábyrgðar þeirra. Það breytir því samt ekki að embættismenn bera mikla ábyrgð í störfum sínum enda er það ábyrgðarhlutur að sjá til þess að stofnanakerfið virki á öllum tímum, jafnt í stóru sem smáu. Ekki má gleyma því að þótt að stjórnámálamennirnir leggi línurnar í því hvaða stefnu á að fylgja þá eru þeir almennt ekki með puttana í hverju einasta smáatriði, heldur treysta embættismönnum fyrir þeim. Sé stjórnálmum líkt við fyrirtækjarekstur má segja að stjórnámálamennirnir séu stjórn og framkvæmdastjórn sem taki stóru ákvarðanirnar en embættismennirnir séu deildarstjórar og starfsmennirnir sem vinna úr þeim. Í grein sinni „Responsibility as a Virtue“ fjallar Garrath Williams talsvert um ábyrgð embættismanna og þá ábyrgð sem stofnanakerfi nútímans sinnir, og kem ég til með að skoða stofnanaábyrgð betur í þriðja kafla ritgerðarinnar.

En Weber heldur áfram og bendir á að góðir embættismenn verða lélegir stjórnámálamenn „óábyrgir frá stjórnálmálasjónarmiði og að því leyti ósiðlegir. Slíkir menn hafa því miður hvað eftir annað valizt til forustu fyrir okkur; það er „embættismannaveldið“, sem við svo köllum.“<sup>20</sup> Það stjórnálmálasjónarmið sem Weber vísar til er, umfram annað, að berjast fyrir ákveðnum málstað og að taka ábyrgð á afleiðingum þess, meðan að aðall og ábyrgð góðs embættismanns er að sýna hlutleysi. En þessi skortur embættismennskunnar á pólitískri ábyrgð sem hann nefnir virðist einmitt vera einkennandi fyrir margan stjórnámálamanninn í nútíma lýðræðisríkjum. Birtingarmynd þessa skorts á ábyrgð kemur þá fram sem hlutleysi gagnvart bæði afleiðingum eigin gerða/ákvarðana og jafnvel sameiginlegum ákvörðunum/gerðum stjórnvalda.

Áður en ég fer betur ofan í þessa fullyrðingu er rétt að skoða þá skapgerðareiginleika sem stjórnámálamaðurinn þarf að búa yfir, samkvæmt Weber, og sem geta réttlætt það vald og ábyrgð sem hann ber. Hér bendir Weber á þrjá eiginleika umfram aðra: eldmóð, ábyrgðarkennd og glöggskyggni.<sup>21</sup> Eldmóðurinn á að vera einlægur og þarf hann að byggjast á málefnalegri ábyrgðartilfinningu, en ekki ófrjóum æsingi. Af þessu má leiða að stjórnámálamaðurinn þurfi að vera knúinn áfram bæði af raunverulegum áhuga á því málefni sem hann berst fyrir, og að hafa til að bera ástríðu fyrir að ná þessu málefni fram. Skorti þetta þá er væntanlega hætt við að lítið fari fyrir sannfæringarkrafti hans, en sannfæringarkraft þarf til að fá aðra á band sitt, sem er eðli

---

<sup>20</sup> Sama rit, bls. 149

<sup>21</sup> Sama rit, bls. 180



málsins samkvæmt nauðsynlegt til að ná völdum, en það er það sem stjórn málin snúast í raun um í lýðræðissamfélagi. En um leið og eldmóðurinn er nauðsynlegur þá er hann líklega sá af þeim þremur eiginleikum sem Weber nefnir sem erfiðast er að viðhalda. Fáir stjórn málamenn í dag geta leyft sér þann munað að einbeita sér að einu verkefni, en um leið og þeir þurfa að hugsa um þau mörg í einu er hætt við að eldmóðurinn brenni smám saman út og að rúttína hversdaglegra verkefna taki við.

Til að gera ábyrgðina að mælikvarða breytni þarf glöggskyggni, hæfileikann til að læra af veruleikanum, og yfirsýn yfir menn og málefni. Glöggskyggni er stjórn málamanninum nauðsynleg til að gera sér grein fyrir möguleikum sínum og hversu líklegur hann er til að ná sínu fram. Hún felur í sér að geta skoðað málefni og metið þau á nokkuð hlutlausan máta, burt séð frá því hversu ástríðufullur hann er gagnvart þeim. Stjórn málamaður sem vill ná árangri og komast áfram innan stjórn mála getur ekki leyft sér að eyða tíma og orku í málefni sem ljóst er við kalt mat að hann muni ekki ná árangri með. Glöggskyggni gerir stjórn málamanninum einnig betur kleift að gera sér grein fyrir hvort hann sé fær um að fylgja málstað sínum eftir á ábyrgan hátt. Vandinn, samkvæmt Weber, er hins vegar „hvernig sami hugur geti hýst brennandi eldmóðinn og kalda glöggskyggnina.“<sup>22</sup> Þótt vissulega séu þetta andstæður veldur það ekki nauðsynlega á vanda. Að hafa brennandi eldmóð fyrir málstað kallar á að viðkomandi hafi skýra sýn á þann málstað, enda erfiðara að fá áhuga á einhverju sem ekki er mjög skýrt í huga manns. Og þegar við setjum jafnaðarmerki milli eldmóðs og skýrrar sýnar er stutt í glöggskyggnina.

Svo ég snúi mér aftur að embættismennsku stjórn málamannsins þá minnir framgangur íslenskra stjórn málamanna í dag oft á óábyrgð og hlutleysi embættismenskunnar sem Weber talar um. Algengt virðist að eldmóðurinn hafi vikið fyrir fylgni við almenna stefnu og regluverk, og að ábyrgð sé ekki borin á eigin gerðum heldur sé vísað til annarra aðila þegar svara þarf fyrir skort á ábyrgð. Þetta má sjá þegar litið er til bankahrunsins hér á landi árið 2008. Enginn var tilbúinn að taka á sig þá ábyrgð að viðurkenna að hann / hún hefði átt að bregðast við á einhvern hátt til að sporna við því ferli sem leiddi til hrunsins, heldur vísaði hver á annan<sup>23</sup>. Það sama má segja um glöggskyggnina sem einnig virðist oft vera eftirlátin öðrum. Innan

---

<sup>22</sup> Sama rit, bls. 181

<sup>23</sup> Á blaðamannafundi sem haldinn var 12. apríl 2010 í tilefni af útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis bendir Páll Hreinsson til að mynda á að enginn af þeim sakaðir eru um að hafa sýnt af sér vanrækslu og sendu rannsóknarnefndinni svör hafi gengist við ábyrgð. Sjá kynningarefni frá blaðamannafundinum á vefsíðunni [www.rannsoknarnefnd.is](http://www.rannsoknarnefnd.is). Einnig má sjá í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, bindi 1, á bls. 46 að í svörum viðmælenda var iðulega vísað á aðrar stofnanir eða embættismenn.

stjórnmalaflokka er algengt að það séu fáir aðilar sem gegna aðalhlutverkum þar, leggja málefnalegar línur flokkanna, og bera meginábyrgð. Hlutverk og ábyrgð hinna flokksmeðlimanna virðist þá verða að fylgja þeim eftir líkt og embættismenn. Á þetta er til dæmis bent í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis: „Eitt einkenni [Íslenskrar stjórnmalamenningar] er að foringjar eða oddvitar flokkanna leika lykilhlutverk en hinn almenni þingmaður er atkvæðalítill.“<sup>24</sup> Þetta fylgir í raun því stjórnarfari sem Weber kallar náðarforystu. En, eins og ég benti á hér fyrr, þá ganga kosningar á Íslandi ekki út á náðarforystu, heldur lögmæti, þótt að náðarforysta verði oft ofan á innan stjórnmalaflokkanna. Vissulega má vel vera að almenningur sé að kjósa flokk eftir því hver er „náðarforinginn“ innan hans, en engu að síður er enn verið að kjósa flokk og hver flokkur er byggður upp af mörgum einstaklingum sem hver á að hafa jafnan rétt á við þann næsta, eins og rétturinn til að strika út einstaklinga bendir til. Því hefur náðarforystu stjórnarfarið ekki orðið ofan á í íslenskum stjórnmalum ennþá þótt komið gæti að því.

Þrátt fyrir að ég fjalli um embættismennsku og ábyrgð þar að lútandi í síðari kafla um Garrath Williams langar mig til að líta hér aðeins til þess sem ég kys að kalla „stjórnmalamennsku embættismannsins“. Ég er að vísa til þess þegar embættismenn hegða sér eins og stjórnmalamenn, en eins og Weber bendir á þá á „sannur embættismaður ekki að stunda stjórnmal, heldur stjórnsýslu.“<sup>25</sup> Hér á landi er mjög algengt að herra settir embættismenn séu pólítískt valdir og oftsinnis eru þeir einnig fyrrverandi stjórnmalamenn. Þeir virðast hins vegar einatt eiga erfitt með að láta af síðum stjórnmalamannsins við þess breytingu á starfi og að taka upp það síðferði sem Weber ætlar embættismönnum að fylgja. Það hlutleysi og fylgispekt við stjórnmalamanninn sem Weber er hugleikið sem aðall embættismannsins fer því oft forgörðum hjá embættismönnum á Íslandi, að minnsta kosti þeim sem eru pólítískt valdir og / eða fyrrum stjórnmalamenn. Þó nokkur dæmi um þetta má sjá í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, en þar er, til dæmis, bent á hvernig mikilvægum upplýsingum hafi verið haldið frá viðskiptaráðherra í aðdraganda bankahrunsins hér á landi.<sup>26</sup>

---

<sup>24</sup> Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. Bind 8*. (Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010), bls. 179

<sup>25</sup> Weber, *Mennt og máttur*, bls. 148

<sup>26</sup> Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. Bind 8*, bls. 140-141

Í þessu samhengi er rétt að skoða kafla í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem nefnist „*Sjálfstæði eða ofríki embættismanna gegn stjórnámálamönnum*“. Í byrjun þessa kafla segir:

Fagmennska í stjórnsýslunni krefst þess að embættismenn hafi ákveðið sjálfstæði gagnvart stjórnámálamönnum í þeim skilningi að þeir líti einkum á störf sín sem þjónustu við almannaheill og lýðræðisleg markmið, en ekki sem þjónkun við hið pólitíska vald hverju sinni.<sup>27</sup>

Ef við berum þetta saman við Weber þá er þetta ljóslega í algjörrri andstæðu við skoðun hans á embættismanninum en rétt er hins vegar að hafa í huga að viðhorf og kröfur til stjórnsýslunnar hafa að sjálfsögðu breyst mikið á einni öld. Það sem mér finnst hins vegar sérstaklega áhugavert er að ekki er minnst á ábyrgð í tengslum við staðhæfinguna hér á undan. Er ábyrgðin hér þá ekki lengur stjórnámálamannsins heldur er hún orðin embættismannsins? Ef að embættismanninum er frjálst að haga störfum sínum í takt við það sem hann telur þjónustu við almannaheill og lýðræðisleg markmið þá er væntanlega um leið verið að færa ábyrgðina frá hinu pólitíska valdi og yfir til embættismannsins. Ef það er raunin er þá hlutverk stjórnámálamannanna að mæla fyrir þeim verkum sem embættismennirnir vilja ná í gegn? Ekkert kemur hins vegar fram hér um hvort embættismaðurinn sé tilbúinn að taka á sig þá ábyrgð sem fylgir valdi. Ekki fæst því annað séð en að staða sem þessi leiði til valds til að taka eigin ákvarðanir, en án ábyrgðar þar sem mun auðveldara er fyrir embættismann að fela sig bak við stjórnámálamann en fyrir stjórnámálamann að fela sig bak við embættismann. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið er til dæmis bent á ofríki embættismanna gagnvart stjórnámálamönnum í umfjöllun um hvernig ráðuneytisstjórar upplýsa ekki endilega ráðherra sína um mál sem þeim er sjálfum kunnugt um.<sup>28</sup> Ekki var þó að sjá að nokkur tæki á sig ábyrgð vegna þessa, nema helst Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sem sagði af sér sem ráðherra rétt fyrir fall þá sitjandi stjórnar.<sup>29</sup> Vissulega má deila bæði um tímasetningu afsagnar hans og einnig um hvort aðrar ástæður en þær sem hann nefndi hafi legið þar að baki, en eftir situr þó sú staðreynd að hann sagði af sér. Út frá þessum vangaveltum er ljóst að Weber hefur þó nokkuð til síns máls með skilgreiningum sínum á muninum á hlutverkum embættismannsins og stjórnámálamannsins. Þegar allt kemur til alls þá eru það stjórnámálamennirnir sem bera hitann og þungann af því að leggja meginlínurnar fyrir stjórnsýsluna að vinna eftir, og um leið þeir sem ætlast er til að beri ábyrgðina. Vegna þessa er eðlilegt að valdið jafnt

---

<sup>27</sup> Sama rit, bls. 140

<sup>28</sup> Sama rit, bls. 141

<sup>29</sup> Ástæður Björgvins fyrir afsögn sinni má meðal annars sjá á vefsíðunni [www.eyjan.is](http://www.eyjan.is) sunnudaginn 25.01.2009 þar sem vísað er í blaðamannafund sem hann hélt þann sama dag.

sem ábyrðin sé hjá þeim. Hlutverk og ábyrgð embættismannanna liggur hins vegar í því að vinna þannig úr þessum meginlínunum að tvinna þær saman eftir bestu getu við þjónustu við almannaheill og lýðræðisleg markmið.

En ef við snúum okkur aftur að stjórnámamanni Weber, þá þarf hann einnig að berjast gegn hversdagslegum vágesti, sem er hégómleikinn, en fáir eru alveg lausir við hann. Hégómleikinn getur valdið því að sókn stjórnámamannsins í völd snúist ekki lengur um að fylgja ákveðnum málstað heldur að upphefja sjálfan sig. Ef það gerist er hann sjálfur orðinn málstaðnum mikilvægari og þar með hafa bæði eldmóður málstaðarins og glöggskyggnin glatast. Einnig býður hégómleikinn upp á þá hættu fyrir stjórnámamanninn að hann fari fremur að hugsa um hvernig hann sjálfur kemur fram heldur en afleiðingar gerða sinna, og þá hefur ábyrgðarleysið, ofan á annað náð yfirhöndinni.<sup>30</sup>

Við lestur Rannsóknarskýrslu Alþingis má sjá mörg dæmi um ýmsa mannlega breyskleika og þar á meðal hégómleika. Gott dæmi þar um er vísun í borgarafund í Háskólabíói 24. nóvember 2008. Þar viðurkenndi Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir að starfsmaður hjá Merrill Lynch ætti inni hjá henni afsökunarbeiðni sökum hrokafullra ummæla sem hún lét falla um hann í tengslum við neikvæða gagnrýni um íslenska bankaútrás. Á þessum sama fundi lét Geir H. Haarde hafa þetta eftir sér: „Það er því miður ekki hægt að biðja þennan mann hjá Merrill Lynch afsökunar því að Merrill Lynch fór á hausinn í millitíðinni og var gripinn í fallinu af bandarískum yfirvöldum.“<sup>31</sup> Hér er Geir enn að upphefja sig og stjórn sína með því að horfa framhjá því að viðkomandi hafi í raun haft rétt fyrir sér, og einblína fremur á atriði sem litlu ef nokkru skiptir varðandi staðreyndir málsins. Staðreyndin var sú, eins og kom í ljós, að hvorki íslensku bankarnir, íslenskar eftirlitsstofnanir né íslensk stjórnvöld voru að standa sig vel í starfi. Það að fyrirtæki sérfræðings sem vogaði sér að benda á þessar staðreyndir skyldi hafa farið á hliðina breytir ekki að það sem hann sagði var rétt og satt. Að reyna að gera orð hans marklaus vegna þessa lýsir þeim hégómleika að geta ekki viðurkennt mistök.

Þótt algengasta birtingarmynd hégómleika komi fram hjá einstaklingum og snúist um þá sjálfa má einnig sjá hana birtast hjá hópi fólks og snúast þá um stærra mengi en bara einstaklinga. Dæmi um slíkt má sjá í tengslum við bankahrunið á Íslandi 2008. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis má sjá nokkur dæmi um stjórnámamenn sem voru tilbúnir til að verja útrás bankanna gegn illu umtali af miklum móð. Í stað þess að kanna

---

<sup>30</sup> Weber, *Mennt og máttur*, bls. 182-183

<sup>31</sup> Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 8., bls. 162

hvort illt umtal gæti átt sér stoð í raunveruleikanum var talið mikilvægara að „bregðast við „neikvæðri umfjöllun“ með „jákvæðri ímynd“.“<sup>32</sup> Sá hégómleiki sem hér birtist snýst bæði um ímynd Íslands sem þjóðar sem ali af sér afburða einstaklinga, og ekki síður um ímynd íslenska stjórnkerfisins sem bæði stuðlar að og styður við útrás og meðfylgjandi velmegun.

Völd er annað atriði, tengt hégómleikanum, sem Weber fjallar talsvert um. Völd eru tæki stjórnámamannsins og það sem hann sækist eftir, enda þarf stjórnámamaðurinn völd til að geta uppfyllt markmið sín. Því þarf hann sérstaklega bæði að varast að sækja í yfirbragð valdsins, í stað valdsins sjálfs, og „að sækjast eftir völdum til þess eins að njóta þeirra, en án markmiðs“.<sup>33</sup> Þetta er gryfja sem bæði stjórnámamenn sem hafa of mikil völd og eins of lítil völd geta til jafns fallið í. Þegar stjórnámamenn hafa ekki mikil völd, eins og virðist oft vera hér á landi, og ég benti á hér fyrr, er meiri hætta á að þeir fari einmitt að sækja í yfirbragð valdsins, enda varla gott hlutskipti að vera valdalaus eða -lítill stjórnámamaður. Að sækja í þetta yfirbragð lýsir hins vegar bæði nokkru ábyrgðarleysi og einnig hégómleika, enda er með þessu verið að leita leiða til að upphefja sjálfan sig. Ábyrgðarleysið felst sér í lagi í því að hætta er á að hinn almenni borgari átti sig ekki á að raunverulegt vald sé ekki fyrir hendi og treysti því á hið meinta vald. Þetta getur skaðað bæði almenning og stjórnámamanninn, og kannski mikilvægast, einnig stjórnvaldið sjálft. Almennur sem er svikinn vegna rangfærslu af þessu tagi hættir ekki bara að treysta þeim tiltekna stjórnámamanni sem þannig hegða sér heldur einnig því stjórnvaldi sem elur hann af sér og samþykkir slíka hegðan. Varðandi málstað, og þar með markmið, stjórnámamannsins þá skiptir ekki meginmáli hver hann er, enda eru góðir málstaðir margir og misjafnt svið sem þeir ná yfir, heldur að hann byggir á trú stjórnámamannsins á viðkomandi málefni.<sup>34</sup> Málstaður sem ekki byggir á þessari trú skortir sannfæringu og án sannfæringar er ekki hægt að endurvarpa honum. Hann skilar því stjórnámamanninum hvorki atkvæðum eða trausti, sem er undirstaða fyrir farsæld hans. Né skilar málstaður af þessu tagi almenningi trú á viðkomandi og tilgang hans með framgangi sínum á stjórnálasviðinu, og þá enn síður völdum.

Eftir þessar vangaveltur allar snýr Weber sér að hinni siðferðilegu hlið stjórnámálanna. Eitt af því sem hann veltir fyrir sér hér er hvort siðaboð mismunandi hópa séu öll eins, og út frá því, hvort um siðaboð stjórnámálanna gildi aðrar reglur en almennt, þar sem boðum stjórnámálanna má fylgja eftir með ofbeldi. Boð

---

<sup>32</sup> Sama rit, bls. 162

<sup>33</sup> Weber, *Mennt og máttur*. Bls. 183

<sup>34</sup> Sama rit, bls. 184

stjórnmálamannsins samkvæmt Weber er: „Þú *skalt* beita valdi til viðnáms hinu illa; annars nær það yfirhöndinni, og þú ert ábyrgur.“<sup>35</sup> Sem dæmi þessu til skýringar nefnir Weber kúgunarvald verkfalla og byltingarafl. Að setja verkföll í flokk með kúgunartæki stjórnvalda er ekki nokkuð sem auðvelt er að finna samsvörun við í íslenskum veruleika í dag, enda verkföll notuð hér sem tæki til að vinna gegn misnotkun og til að ná fram félagslegu réttlæti og ekki notuð af stjórnvöldum. Hins vegar má víðsvegar í gegnum söguna finna dæmi um stjórnmálaöfl sem hafa ýtt undir og stutt allsherjarverkföll vitandi að þau geti auðveldlega leitt til glundroða og jafnvel byltingar. Þessi tegund verkfalla er þá hugsuð sem siðlegt ofbeldi stutt af stjórnmálaöflum til að kollvarpa óréttmætum valdhöfum, svo sem einveldi eða harðstjórn. Einnig má hugsa sér ýmsar aðrar leiðir til að beita valdi til viðnáms hinu illa sem of langt mál er að skoða hér. Með þessu boði stjórnmálamannsins er hins vegar nokkuð ljóst að siðaboð stjórnmálanna er annað en annarra hópa samfélagsins enda eins og áður hefur komið fram<sup>36</sup> þá er það, samkvæmt Weber, einkaréttur ríkisins að beita ofbeldi. Það eru því eingöngu kjörnir fulltrúar ríkisins, eða stjórnmálamennirnir, sem er heimilt að beita ofbeldi í krafti embættis síns. Siðaboð sem þetta er augljóslega mjög vandmeðfarið og hlýtur því að verða að vera bundið við eins lítinn hóp einstaklinga og mögulegt er. Því stærri sem hópurinn er sem hefur leyfi til að beita ofbeldi, því líklegra er að einhverjir innan hans misnoti það. Að auki gengur boð sem þetta þvert á þau siðaboð sem gilda á flestum öðrum sviðum lífsins, svo sem í ástum, viðskiptum og fjölskyldulífi, þar sem ofbeldi þykir ekki ásættanlegt.

Á svipaðan hátt og siðaboð um beitingu ofbeldis á ekki við á öðrum sviðum lífsins en á sviði stjórnmálanna þá lýtur sannleiksskylda stjórnmálanna aðeins öðrum lögmálum en almennt eiga við um sannleiksskyldu. Samkvæmt algildu siðferði er sannleiksskyldan undantekningarlaus án tillits til afleiðinganna. Þetta merkir að það að segja sannleikann gildir ávallt og jafnt fyrir alla<sup>37</sup>. Það þykir almennt lofsvert að fylgja þessari sannleiksskyldu, og eins og flest kristið fólk líklega veit leggur einnig áttunda boðorð Guðs bann við að bera ljúgvitni. Þótt ekki komi fram undantekningarlaus sannleiksskylda í þess boðorði þá felur bann við að bera ljúgvitni augljóslega þessa skyldu í sér, enda er sannleikurinn andstæða við lygar. Þar fyrir utan er nauðsynlegt fyrir eðlileg samskipti manna á milli að geta reiknað með að fólk segi sannleikann. Án þess myndu öll samskipti einkennast af gagnkvæmri tortryggni, sem er, þótt ekki sé

---

<sup>35</sup> Sama rit, bls. 189

<sup>36</sup> Á bls. 1 í þessari ritgerð

<sup>37</sup> Vissulega er þetta einföldun, en ítarleg umræða um siðaboð og hvernig þau geta stangast á er of viðamikil til að fara djúpt í hér.

nema út frá hagkvæmnisjónarmiði, mjög hamlandi. Þegar kemur að stjórnmálum er sannleiksskylda án tillits til afleiðinga hins vegar ekki alltaf ákjósanleg. Eina leiðin til að algildur sannleikur í stjórnmálum geti orðið til góðs er að við skoðun á honum sé stuðst við „skipuleg[a] könnun óvilhallra aðilja, sem litu jafnt á allar hliðar [...] [annars] gætu afleiðingarnar orðið slíkar, að áratugi taki að bæta fyrir þær.“<sup>38</sup> Hér á Weber væntanlega við að sannleika í stjórnmálum er auðvelt að nota sem tæki gegn ríkjandi valdhöfum, kjósi þeir að láta uppi allan sannleikann um allt það sem við kemur ríkinu og ákvarðanir sem valdhafar þess taka. Sannleikurinn sjálfur er ekki varasamur sem slíkur heldur hvernig hann er borinn fram. Valdhafar þurfa, til dæmis, mjög oft að taka ákvarðanir sem til langs tíma kunna að vera til góðs en eru það ekki við fyrstu sýn. Einnig geta þeir þurft að velja um vont ástand eða verra, þegnum sínum til handa. Hvoru tveggja eru aðstæður sem hægt er að útskýra fyrir almenningi þannig að hann sjái afleiðingar ákvörðunarinnar og skilji að um afarkosti er að ræða en ekki valdniðslu. Í aðstæðum sem þessum er hins vegar auðvelt að fá almenning upp á móti ríkinu með því hvernig sannleikurinn er fram settur. Sé vilji fyrir því er nokkuð auðvelt að afbaka sannleika, til dæmis með því að rangtúlka hann eða taka hann úr samhengi. Þótt sannleikurinn sé vissulega oft afbakaður og rangtúlkaður í daglegu lífi almennings er það fremur vegna vanhugsunar en einbeitts vilja. Eins og lesa má út úr Weber þá er hins vegar í stjórnmálum fremur einbeittur vilji sem veldur afbökun á sannleika.<sup>39</sup> Þessi munur er ein ástæða þess að aðrar reglur gilda um sannleika í stjórnmálum en á öðrum sviðum mannlífsins. Vegna þessa og einnig vegna þess hve mikil áhrif sannleikurinn og afbökun á honum getur haft í stjórnmálum væri mikilvægt að hlutlausir aðilar væru fengnir til starfa ef opinbera ætti allan sannleika. Ef hlutlausir aðilar væru fengnir til að skoða og meta sannleikann út frá öllum hliðum áður en hann er borinn fram eru líkur á að hann fái notið sín án afbökunar. Þetta er hins vegar ekki svo einfalt þar sem bæði getur verið erfitt að finna fullkomlega hlutlausa aðila, sannleikurinn getur verið flókinn og flestir eiga erfitt með að vera hlutlausir á öllum sviðum. Að auki er tímafrekt að fara svo nákvæmlega í saumana á öllum sannleika sem á rætur í stjórnmálum. Þegar afleiðingar skipta jafn miklu máli og þær gera í stjórnmálum er því augljóslega, eins og sjá má af framangreindu, ekki hlaupið að því að opinbera sannleika sem ekki spyr um afleiðingar.

Nú þegar ég er búin að skoða hvað einkennir stjórnmalamann Weber og hvað honum ber helst að varast er ég komin aftur að skýringum Weber á lögmálum siðlegra

---

<sup>38</sup> Weber, *Mennt og máttur*, bls. 190

<sup>39</sup> Sama rit, efst á bls. 190 þar sem Weber fjallar um misnotkun á sannleika.

athafna. Eins og áður hefur komið fram eru siðalögmálin tvö, hugarfarssiðgæði og ábyrgðarsíðgæði. Hugarfarssiðgæðið byggir á því að breyta rétt og að góðar afleiðingum hljóti að leiða af því. Í því felst það að hreint hugarfar sé það eina sem skiptir máli. Ef hugarfarið er hreint en afleiðingarnar samt sem áður slæmar þá er það vegna utanaðkomandi áhrifa, hvort sem þau koma frá guði eða mönnum. Weber setur hugarfarssiðgæðið í trúarlegan búning og bendir á að „[...] kristinn maður skuli breyta rétt og fela afleiðingar þess guði á vald“.<sup>40</sup> Þrátt fyrir að hugarfarssiðgæðið láti sig afleiðingar athafna ekki varða þá er samt ekki þar með sagt að það byggi ekki á ábyrgð að neinu leyti. Ábyrgð þess liggur í að sýna hreint hugarfar og gott fordæmi. Weber bendir á að hugarfarssiðgæðið eigi einungis um einn kost að velja: „að hafna allri beitingu viðsjárverðra meðala.“<sup>41</sup> Fylgi það ekki þessum kosti er það í raun að glata algildi sínu. Þetta er þó hægara sagt en gert þegar kemur að stjórnámum og bendir Weber á ofbeldi og stríð sem dæmi, og að þeir sem aðhyllast hugarfarssiðgæði beita oft stríði til að reyna að ná fram friði.<sup>42</sup> Ekki snúast þó öll viðsjárverð meðul um stríð og ofbeldi, heldur má finna þau víðar. Til dæmis má flokka blekkingar og lygar þar undir, en erfitt getur verið að vera stjórnámamaður og þurfa aldrei að koma nálægt því að fela sannleika með einhverjum hætti. Út frá þessu má ætla að hugarfarssiðgæði eigi ekki vel við störf stjórnámamannsins.

Einfalt dæmi um hugarfarssiðgæði í stjórnámum getur einmitt snúist um sannleika, en eins og komið hefur fram er það að segja sannleikann víðast talin mikil dyggð. Við skulum gefa okkur að miklar líkur séu á að eitthvað verulega slæmt sé að fara að gerast hér á landi, til dæmis að óprúttinn aðili ætli að lama allt netsamband við umheiminn. Ef yfirvöld leyna almenning þessari hættu þá eru yfirgnæfandi líkur á að þau geti komið í veg fyrir hana, en ef þau tilkynna almenningi hana þá eru allar líkur á að hún verði að veruleika. Aðhyllist yfirvöld hugarfarssiðgæðið ber þeim skylda til að sýna hreint hugarfar og hafa sannleikann að leiðarljósi fremur en að huga að því hvaða afleiðingar það hefur. Ábyrgð þeirra liggur í því að breyta rétt og í því að hafna beitingu lyga. Ef þetta veldur lömun netsambands þá er það vegna illsku manna eða vilja guðs. Þau tilkynna því almenningi um hættuna sem er fyrir hendi og auka þar með verulega líkur á að hún verði að veruleika. Hefðu yfirvöld ábyrgðarsíðgæðið að leiðarljósi myndu þau hins vegar fyrst og fremst horfa til afleiðinga ákvörðunar sinnar og myndu því beita öllum brögðum til að leyna sannleikanum til að forðast þetta.

---

<sup>40</sup> Sama rit, bls. 190

<sup>41</sup> Sama rit, bls. 192

<sup>42</sup> Sama rit, bls. 192



Annað örlítið snúnara dæmi gæti verið stjórnmalamaður sem kemst að því að yfirvöld lugu til um ástandið í dæminu hér á undan. Opinberi hann það missir almenningur trúna á stjórnvöld og stjórnarkreppa skellur á. Opinberi hann það ekki fréttir enginn af því og almenningur heldur áfram að lifa í lygi, en er sáttur og treystir stjórnvöldum. Þetta dæmi er aðeins snúnara að því leyti að spurningin hér er um hlut sem þegar er orðinn, en ekki eitthvað sem á eftir að gerast. Að auki þá er spurningin hér ekki eingöngu um hreint hugarfar og gott fordæmi, heldur er stjórnmalamaðurinn hér að vissu leyti einnig að taka ábyrgð á afleiðingum fyrri ákvörðunar, þótt hún hafi ekki verið hans, og því blandast ábyrgðarsíðgæðið hér inn í. Þetta dæmi er mun nær veruleikanum en hið fyrra, þótt kannski þurfi í reynd meira til til að mynda stjórnarkreppu. En bæði eru afleiðingarnar hér ekki jafn afgerandi og í því fyrra, og í raunveruleikanum eru aðstæður almennt ekki það klipptar og skornar að eingöngu ein gerð síðferðis sé ríkjandi í stjórnmalum eða hjá stjórnmalamönnum.

Ábyrgðarsíðgæðið er síðan fullkomin andstæða við hugarfarssíðgæðið, en það byggist á því að breytni skuli miða að útkomu hennar. Við allar ákvarðanir þarf að huga að afleiðingum þeirra og skal öll breytni því miða að því hverjar afleiðingarnar verða, þótt vissulega geti verið erfitt að meta það fyrirfram. Ábyrgðarsíðgæðið gerir ekki ráð fyrir því að mennirnir séu góðir eða fullkomnir og að því sé nægilegt að hafa hreint hugarfar að leiðarljósi. Ábyrgð á gerðum liggur hjá gerandanum sjálfum og á hann að huga að afleiðingum gerðanna áður en hann framkvæmir. Eða með orðum Weber þá verður „[...] hver maður [...] að vera reiðubúinn til að taka ábyrgð á fyrirsjáanlegum afleiðingum gjörða sinna.“<sup>43</sup> Áhersla á afleiðingar útilokar þó ekki rétta breytni, enda er líklegra að afleiðingar réttar breytni séu góðar en afleiðingar rangrar breytni. En þar sem megináhersla ábyrgðarsíðgæðisins er ábyrgð á eigin gjörðum þá er það þessi gerð síðgæðis sem er síðgæði stjórnmalamannsins. Vafalaust gerir það honum þó gott eitt að hafa áherslur hugarfarssíðgæðisins á rétta breytni í huga við ákvarðanir sínar. Stóri munurinn á þessum tveimur tegundum síðgæðis er að hugarfarssíðgæðið í sinni hreinu mynd byggir, eins og fyrr segir, á algildi þess að breyta rétt, meðan að ábyrgðarsíðgæðið horfir framhjá þessu algildi, enda er það niðurstaðan hér sem skiptir máli, og því misjafnt hvaða aðferðum er beitt.

Eins og áður hefur komið fram byggist hugarfarssíðgæði á hreinni hugsun og góðu fordæmi. Hvort tveggja miðar að því að stuðla að einhverju góðu, til dæmis friði. Ein hættan hér er að upp komi misskilningur um hvað er gott og hvað ekki, og að þannig brenglist grundvöllur hugarfarssíðgæðisins.

---

<sup>43</sup> Sama rit, bls. 190

Nýlegt dæmi um muninn á hugarfarssiðgæði og ábyrgðarsiðgæði í íslenskum stjórnámálum, þar sem fyrrnefnd brenglun kemur einnig skýrt fram, má sjá við að skoða afstöðu íslenskra stjórnvalda á árunum fyrir bankahrún. Íslensk stjórnvöld einblíndu á hugarfar sem einkenndist, á mjög einfaldaðan hátt, af því að nú skyldu allir verða ríkir og hamingjusamir fyrir samvinnu þeirra og útrásarvíkinganna svonefndu. Þrátt fyrir að þetta hugarfar gangi þvert á þann kristilega eiginleika hugarfarssiðgæðisins sem Weber tengir það við, enda telst græðgi seint til kristins gildis, einkennist þetta að ákveðnu leyti af þeim hreinleika og góða fordæmi sem einkennir hugarfarssiðgæðið. Vissulega kann það að hljóma sem þversögn að tengja græðgishugsun góðu hugarfari og fordæmi, en ekki má horfa framhjá því sem bjó að baki. Hugsunin virðist hafa verið sú að allir, ekki bara ákveðinn útvalinn hópur, sem vildu bera sig eftir því, gætu hagnast og aukið lífsgæði sín. Þessi hugsun ljær aðgerðunum ákveðinn hreinleika. Þar sem hugsunin væri góð hlytu afleiðingarnar líka að vera það, enda leit allt út fyrir að það væri rétt. Þegar slæmar afleiðingar aðgerðanna, eða aðgerðaleyfisins, fóru að koma í ljós voru fyrstu viðbrögðin einnig í samræmi við hugarfarssiðgæðið, ábyrgðin lá hjá utanaðkomandi aðilum. Hefði ábyrgðarsiðgæðið ráðið för og afleiðingar athafna hafðar í hávegum, auk þeirrar persónulegu ábyrgðar sem því fylgir, má álykta að öðruvísi hefði verið staðið að málum frá hendi stjórnámálamanna. Líkur eru að minnsta á að meiri áhersla hefði verið lögð á gagnrýna hugsun í öllu því ferli sem átti sér stað á þessum tíma, og afleiðingar athafna því verið ígrundaðar. Eins og fyrr segir er þetta dæmi mikil einföldun á því sem gerðist, en um leið og ætlunin er að sýna muninn á hugarfarssiðgæði og ábyrgðarsiðgæði í nútímanum þá er líka ætlunin að benda á að í raunveruleikanum er fátt klippt og skorið. Auðvelt er finna réttlætningar fyrir rangri breytni, líkt og virðist hafa verið gert í kjölfar hrunsins. Vissulega vitnuðu stjórnámálamenn ekki til siðgæðikenninga Weber þegar þeir réttlættu hegðan sína, enda ekki sjálfgefið að þeir þekki þær, en margt sem þeir hafa haft að segja hefur þó hljómað ansi hliðstætt við þær á stundum, og þá sérstaklega við hugarfarssiðgæðið.

Eins og bent hefur verið á er aðalmunurinn á milli hugarfarssiðgæðisins og ábyrgðarsiðgæðisins afleiðingar þess sem er gert, og þar af leiðandi það sem framtíðin felur í sér út frá breytni dagsins í dag. Það er einmitt þetta sem einnig skilur á milli stjórn mála og sannleika, því sannleikurinn líkt og hugarfarssiðgæðið setur afleiðingar ekki fyrir sig, meðan afleiðingar eru í forgrunni hjá bæði stjórnámálamönnum og eins í ábyrgðarsiðgæði. Sannleikur og siðgæði eru hins vegar ólík að því leyti að sannleikurinn horfir framhjá þeirri staðreynd, sem Weber bendir á að engin siðfræði komist hjá, að þurft geti að beita slæmum aðferðum til að ná fram „góðum“

markmiðum. En með því vísar Weber til ábyrgðarskiðgæðisins og að til þess að afleiðingar verði góðar getur þurft að beita varhugaverðum leiðum. Sannleikurinn er hins vegar oftast en ekki staðreynd sem ekki leitast eftir að ná markmiðum, hann einfaldlega er. Þrátt fyrir þetta eðli sannleika þá getur hann engu að síður verið vandmeðfarinn og það þarf að meðhöndla hann á ábyrgan hátt. Mismunandi er hins vegar eftir aðstæðum hvað er ábyrgur háttur, en ég mun fara betur í þessa umræðu um sannleika hér síðar í kafla um ritgerð Arendt sem ég hef minnst á hér fyrir.

Í áframhaldandi umræðu sinni um siðfræði stjórnmalanna og þau vandamál sem hún á við að glíma leiðir Weber umræðuna enn og aftur að ofbeldi sem viðurkenndu tæki mannlegs samfélags.<sup>44</sup> Við hvers konar beitingu ofbeldis er þörf á liðsmönnum sem hver hefur sín eigin markmið og ástæður fyrir því að styðja ákvarðanir stjórnmalamannsins. Þessar ástæður eru ekki endilega göfugar og breytast liðsmenn oft sjálfir í að verða fjötur um fót stjórnmalamannsins við að uppfylla markmið sín. Weber bendir á að:

Hver sá, sem [...] ætlar að fást við stjórnmal, [...] verður að átta sig á þessum siðferðilegu þversögnum og gera sér ljósa ábyrgð sína á því, hvað úr *honum sjálfum* verður undir ofurþunga þeirra. Hann hefur, [...] bundizt samningi við öfl hins illa, sem ævinlega þruga undir ofbeldisvaldinu.<sup>45</sup>

Ofbeldið sem Weber vitnar til hér í umræðunni er það líkamlega ofbeldi sem fylgir alls kyns stríðsrekstri, hvort sem um er að ræða stríðsrekstur gegn öðrum þjóðum eða stríðsrekstur vegna trúar eða einhverskonar ógn sem steðjar að ríkinu sem valdhafar telja sig þurfa að uppræta. Ef við lítum aðeins til sannleika í þessu samhengi má benda á að við bælingu á sannleika er þörf fyrir liðsmenn, sem einnig hér hafa eigin markmið og ástæður fyrir að styðja stjórnmalamanninn í afmyndun sannleika. Því má leiða líkur, í þessu samhengi líkt og hinu fyrra, að því að þó ástæður stjórnmalamannsins í því sem hann gerir geti verið sprotnar fram af ábyrgð þá er ekki víst að það sama eigi við um samverkamenn hans. Ábyrgðin er engu að síður stjórnmalamannsins, séu aðgerðir runnar undan hans rifjum.

En ofbeldi stjórnmalanna getur skapað fleiri hættur og á einum stað bendir Weber til dæmis á að sálum verði ekki bjargað á vettvangi stjórnmalanna nema að skaða sína eigin, þar sem ofbeldi þurfi til að leysa viðfangsefni stjórnmalanna.<sup>46</sup> Út frá þessari umræðu um ofbeldi má ætla að þótt að það geti verið réttmætt þá er það engu að síður skaðlegt notandanum, og þá ekki síst sálu hans. Hins vegar má ekki gleyma því að

---

<sup>44</sup> Sama rit, bls. 197

<sup>45</sup> Sama rit, bls. 199

<sup>46</sup> Sama rit, bls. 199

stjórnmálamaðurinn hefur alltaf eitthvað val um hvað hann gerir. Þó svo að þessi starfsvettvangur feli í sér að stjórnmálamanninum beri að taka hagsmuni samfélagsins fram yfir eigin hagsmuni þá er engu að síður eðlilegt að hann forðist í lengstu lög að grípa til aðgerða sem ganga gegn eigin sálarheill. Oft er einfalda leiðin, og sú fljótlegasta til að leysa vandamál, að grípa til ofbeldis eða lyga, en eðlilegt væri fyrir farsæld bæði stjórnmálamannsins og almennings að grandskoða alla aðra möguleika áður en gripið er til þessa. Með þessu minnka bæði líkurnar á að skaða eigin sálarheill og samfélagið, enda er eðli ofbeldis og lyga að skaða bæði, þrátt fyrir að hagarinn sé á stundum meiri en skaðinn. Við að forðast ofbeldi og lygar þar sem það er mögulegt losnar stjórnmálamaðurinn einnig við að þurfa að reiða sig á stuðning mishollra aðila.

Að endingu er rétt að líta á hvað Weber hefur að segja um tengsl stjórnmála og guðs: „Andi stjórnmálanna, illur og góður, og guð kærleikans, [...] eru andstæður, sem alltaf geta orðið ósættanlegar.“<sup>47</sup> Hér er Weber að vitna til ábyrgðarsíðgæðisins og hugarfarssíðgæðisins, en það fyrra tengir hann við stjórnmál og hið síðara við kristni. En þrátt fyrir þennan mismunandi vettvang síðgæðanna, og kannski vegna hans, þá er hugarfarssíðgæðið ekki útilokað úr stjórnmálum þótt það eigi verr við þar en ábyrgðarsíðgæðið. Hvoru tveggja hefur hins vegar óæskileg hliðaráhrif. Ábyrgðarsíðgæðið og ofbeldið sem fylgir stjórnmálum getur stofnað mönnum í sálarháska, meðan hugsjónabarátta hugarfarssíðgæðisins getur tekið mannsaldra að vera litin réttum augum, enda getur það að hunsa afleiðingar komið illa út.<sup>48</sup> Með því að tala um mannsaldra hér er Weber að vitna til þess að afleiðingar gerða geta verið það slæmar að hvorki sé hægt að sjá né meta þann hreina ásetning sem hefur legið að baki því að kjósa að horfa framhjá afleiðingum, fyrr en þá kannski þegar það er skoðað í sögulegu ljósi. Þrátt fyrir að engin regla verði, samkvæmt Weber, gefin um hvenær ábyrgðar- eða hugarfarssíðgæðið eigi að ráða styður hann ábyrgðarsíðgæðið sem síðgæði stjórnmálanna, þótt vissulega geti hvort um sig bætt hitt upp. Út frá þessum orðum má ætla að mikilvægt sé fyrir menn áður en þeir fara út í stjórnmál að gera sér grein fyrir hættum beggja hliða og meta út frá því eigin hæfni til stöðunnar. Nokkuð ljóst er að góður stjórnmálamaður setur ábyrgð á afleiðingum gerða sinna ofar eigin hagsmunum, svo spurningin hlýtur að vera hvort hann geri sér grein fyrir því að þessir hagsmunir fela ekki eingöngu í sér veraldlega hagsmuni heldur einnig andlega. Sé hann tilbúinn að fórna hvoru tveggja í þjónustu samfélags síns má leiða líkur að því að í honum búi góður stjórnmálamaður. Út frá þessu má einnig ætla að stjórnmálamenn sem

---

<sup>47</sup> Sama rit, bls. 190

<sup>48</sup> Sama rit, bls. 200

láta sig eigin sálarheill litlu varða láti einnig sálarheill annarra sig litlu varða, og þá getur verið stutt í að þeir láti hag annarra almennt sig litlu varða. Það má því jafnvel segja að grunnurinn að ábyrgðarskiðgæðinu liggja í því að skilja og gangast við þeim hættum sem það felur í sér að starfa samkvæmt því.

## **Hannah Arendt**

Í þessum kafla ætla ég að fjalla um sannleika út frá umfjöllun þýska heimspekingsins Hannah Arendt (1906–1975). Meginþema Arendt í ritgerð sinni „Truth and Politics“ er skoðun á eðli sannleikans og hvernig stjórnámamenn reyna að misnota hann sem tæki málum sínum til framdráttar. Arendt veltir hér upp þeim mörgu aðferðum sem stjórnámamenn nota til að reyna að afbaka, fela og jafnvel útmá sannleikann. Að hennar mati miða þessar aðferðir æ meira að því að skipta sannleikanum út fyrir nýjan veruleika, sem hún telur mikið áhyggjuefni. Áhersla Arendt er ekki á að sannleikurinn eigi að vera algildur í stjórnámum heldur á að það sé rík tilhneiging innan stjórnmála í dag til að misnota hann, og skoðar hún hvers vegna og hvernig það er gert. En þrátt fyrir áhyggjur Arendt af sannleikanum og hvernig hann er meðhöndaður þá er hún einnig þeirrar skoðunar að eðli sannleikans sé á endanum slíkt að ekki sé hægt að bæla hann niður í lengri tíma eða að útmá hann alveg. Þótt að Arendt ræði ekki beint um ábyrgð í ritgerð sinni þá er ábyrgð engu að síður mikilvæg í tengslum við sannleika þegar kemur að stjórnmálum, þar sem ábyrgð getur falist í að horfa framhjá algildri sannleiksskyldu, eins og kom fram í Weber kaflanum hér á undan. Þetta skín einnig í gegn hjá Arendt, því enda þótt hún sé að berjast fyrir sannleika í stjórnmálum þá er hún ekki að berjast fyrir algildum sannleika á því sviði, heldur bendir hún einnig á að í stjórnmálum geti verið nauðsynlegt að fela hann tímabundið. Mikilvægi umfjöllunar Arendt felst í því skilja þann eðlismun sem liggur í mismunandi lygi og afbökun á sannleikanum. Meðan að ákveðnar tegundir lyga geta verið nauðsynlegar og þar með af hinu góða geta aðrar valdið verulegum skaða. Arendt bendir til dæmis á hvernig hin hefðbundna lygi stjórnmálanna, að blekkja óvininn, veldur ekki miklum skaða meðan að nútímalegri lygar er líklegri til þess.<sup>49</sup> Það að ein tegund lygi geti verið þörf þýðir ekki að allar lygar séu það. Bæði lygi og sannleika verður að meðhöndla af ábyrgð, og mikilvægt er að gera greinarmun á lygi sem verndar hagsmuni borgara og lygi sem

---

<sup>49</sup> Hannah Arendt, „Sannleikur og stjórnmál,“ *Af ást til heimsins*, Ritsstj. Sigríður Þorgeirsdóttir, (Reykjavík: Heimspekistofnun — Háskólaútgáfan, 2011), bls. 151-152

verndar eingöngu hagsmuni yfirvalda, en Arendt fjallar einmitt um þetta, mismunandi tegundir lyga og blekkinga hvers tilgangur er að þjóna hagsmunum yfirvalda.

Arendt hefur oft verið talin einn af áhrifamestu pólitísku hugsuðum tuttugustu aldarinnar. Eftir hana liggja mörg áhugaverð skrif um stjórnámál, en hún lagði mikla áherslu á sannleika, staðreyndir, og heilbrigða skynsemi.<sup>50</sup> Eitt af því sem eftir hana liggur er ritgerðin „Sannleikur og stjórnámál“ sem er umfjöllunarefni mitt hér. Í upphafi þessarar greinar útskýrir Arendt í neðanmálgrein hvers vegna hún skrifar hana. Tilgangur hennar er að skýra tvö tengd en um leið aðskilin málefni sem komu upp í kjölfar útgáfu bókar hennar *Eichmann í Jerúsalem*. Annars vegar er það hvort alltaf sé réttmætt að segja sannleikann, og hins vegar lygar bæði um skrif hennar og um þær staðreyndir sem hún hafði skýrt frá.<sup>51</sup>

Arendt aðgreinir í umfjöllun sinni röksannindi frá raunsannindum.<sup>52</sup> Undir röksannindi falla stærðfræðileg, vísindaleg og heimspekileg sannindi, en Arendt segir þessa aðgreiningu hafa verið við lýði allt frá Leibniz, og velur að nota hana til hægðarauka. Raunsannindin snúast hins vegar um staðreyndir, einfaldar óhagganlegar upplýsingar um það sem er orðið, og þar sem stjórnámál snúast um staðreyndir og atburði, einbeitir Arendt sér því að raunsannindunum.<sup>53</sup> Rétt er þó að benda á að þrátt fyrir þessa aðgreiningu þá eru röksannindi ekki alveg aðskilin frá stjórnámálum, eins og sést oft í texta Arendt. Það er því ágætt að byrja aðeins á að skoða muninn á þessu tvennu, röksannindum og raunsannindum. Grein Arendt snýst að miklu leyti um hvernig sannleikanum er spillt. Samkvæmt henni er mismunandi hvaða aðferðum er beitt til þess eftir því um hvorn sannleikann er að ræða. Um þennan mun hefur hún til að mynda þetta að segja:

Andstæðan við röklega sanna staðhæfingu er annað hvort villa og fáfræði, eins og í vísindunum, eða ranghugmyndir og skoðanir, eins og í heimspekinni. Ósannindi sem haldið er fram af ásettu ráði, lygin, eiga sér aðeins stað á sviði raunsannra staðhæfinga [...]<sup>54</sup>

Munurinn á aðferðafræði við spillingu á sannindum er þó ekki alveg jafn klipptur og skorinn og Arendt vill meina þar sem einnig er hægt að spilla röksannindum með lygi.

---

<sup>50</sup> Hannah Arendt, *The Portable Hannah Arendt*. Ritstj. Baehr, Peter, (Penguin Putnam Inc. 2000), bls. vii í inngangi.

<sup>51</sup> Arendt, „Sannleikur og stjórnámál“, bls. 121, neðanmálgrein

<sup>52</sup> Rétt er að taka það fram að þessar þýðingar, röksannindi og raunsannindi, samsvara ekki hefðbundnum heimspekilegum skilningi á þessum tveimur hugtökum. Arendt notar „rational truth“ þar sem Guðrún Eva Mínervudóttir þýðir „röksannindi“ og „factual truth“ þar sem G.E. þýðir „raunsannindi“.

<sup>53</sup> Arendt, „Sannleikur og stjórnámál“, bls.126 og bls. 135 en þar vitna ég til dæmis í Arendt um hvernig staðreynd staðreynd raunsannindanna er.

<sup>54</sup> Sama rit, bls.127. Þetta kemur einnig fram á bls. 147 þar sem Arendt bendir á að andstæða raunsanninda sé fals og lygi.

Það er til dæmis hægt að ljúga til um niðurstöður í vísindum en bera við fáfræði komist upp um verknaðinn. En þar sem röksannindin byggja ekki á sömu óhagganlegu upplýsingunum og raunsannindi þá er ekki sama þörf á lygi til að afbaka þá tegund sannleika, enda má segja að lygi sé óvægnasta form blekkinga. Því er það frekar raunsannindunum sem er spillt á fleiri vegu en með lygi, heldur en að gripið sé til lyginna í stað annarra afbakana þegar kemur að röksannindum.

Samkvæmt Arendt eru raunsannindin pólitísk í eðli sínu. Þau eru alltaf bundin öðru fólki og snúast um atburði og aðstæður þar sem þátttakendur eru margir, og tilvera þeirra veltur á því að talað sé um þau. Gera þarf greinarmun á staðreyndum og skoðunum en þær geta þó stutt hvor aðra svo lengi sem raunsannindin eru virt, enda fódra staðreyndir skoðanir.<sup>55</sup> Munurinn á staðreyndum og skoðunum Arendt er sá að skoðanir spretta upp frá staðreyndum og virði skoðanirnar staðreyndirnar þá eru þær byggðar á einhverju sem er raunveruleiki og þar með styðja þær staðreyndirnar.

Einn mikilvægasti munurinn á röksannindum og raunsannindum er þó, samkvæmt Arendt, að auðveldara er að útmá raunsannindi fullkomlega en röksannindin. Séu röksannindi bæld niður er samt ekki útilokað að þau birtist aftur, ekki er til dæmis ólíklegt að mannshugurinn geti endurskapað heimspekilegan eða stærðfræðilegan sannleika. Sé raunsannleikurinn hins vegar bældur niður eru svo til engar líkur á að hann birtist aftur enda á hann sér ekki rætur í mannshuganum heldur í veruleikanum.<sup>56</sup> Þetta liggur í því að raunsannindi eru staðreyndir. Væri til að mynda þeirri staðreynd að það var ég en ekki einhver annar sem skrifaði þessa ritgerð eytt væru svo til engar líkur á því að sá sannleikur myndi birtast aftur. Þetta er hins vegar ekki algilt, eins og kemur einnig fram hjá Arendt og ég fjalla um hér á eftir. Rétt er þó að benda strax á að þessi staðhæfing Arendt á fremur við um viðaminni sannleika en viðameiri. Dæmi mitt getur því fyllilega orðið að veruleika meðan að, til dæmis, einvaldur í alræðisríki ætti erfiðara með að ná fram varanlegum staðgengli sannleikans, eins og sjá má til dæmis í fyrrum Sovétríkjunum.

Arendt varpar fram eftirfarandi spurningum: „Er sannleikurinn í eðli sínu getulaus og liggur það í eðli valdsins að blekkja? Og hvers konar raunveruleika býr sannleikurinn yfir ef hann er einskis nýtur á opinberum vettvangi, sem framar öllum sviðum mannlífsins tryggir raunveruleika tilvistarinnar í augum borinna og dauðlegra manna [...]? Og að endingu, er getulaus sannleikur ekki jafn fyrirlitlegur og vald sem er

---

<sup>55</sup> Sama rit, bls. 134

<sup>56</sup> Sama rit, bls. 125-126

skeytingarlaust um sannleikann?<sup>57</sup> Þetta eru stórar spurningar og Arendt skoðar í framhaldinu hinar ýmsu hliðar sannleikans og hvernig stjórnvöld meðhöndla hann, og fer ég nánar í það síðar í kaflanum.

Þrátt fyrir að Arendt byrji á að benda á að líkurnar séu litlar á að raunsannindi komi ósködduð frá átökum við valdið og að hætta sé á að þeim verði ýtt út af borðinu að eilífu<sup>58</sup>, þá er niðurstaða hennar samt önnur. Niðurstaðan sem Arendt kemst að er, í stuttu máli, sú að þrátt fyrir að sannleikurinn sé vissulega veikur fyrir og auðvelt að kaffæra hann, þá liggur meginstyrkur hans í því hversu erfitt er að skapa sannfærandi staðgengil fyrir hann.<sup>59</sup> Sannleikurinn býr einnig yfir þrálátri viðveru sem byggist á þeim stöðugleika að hann einfaldlega er.<sup>60</sup> Vegna þessa þá kemur hann iðulega aftur upp á yfirborðið þrátt fyrir tilraunir til annars. Umræða Arendt um raunsannindin og tilraunir til að skapa annan veruleika í þeirra stað er að mörgu leyti ruglingsleg. Fyrst segir hún að hægt sé að útmá þau en síðan er niðurstaða hennar að þau hafi í raun tilhneigingu til að rata aftur upp á yfirborðið, og því sé ekki hægt að skipta þeim út. Einnig var hún áður búin að segja að auðveldara væri að útmá raunsannindi en röksannindi því að verulegar líkur væru á að þau síðarnefndu rötuðu upp á borðið aftur, meðan að þau fyrrnefndu gætu það ekki. Þessi umræða, þótt hún kunni að hljóma óskýr, er hins vegar mjög þörf við skoðun á eðli sannleikans. Til að skýra hugsun Arendt í einföldu máli má segja að séu röksannindin útmáð þá rati þau hugsanlega aftur upp á yfirborðið þar sem þau eru byggð á rök hugsun og ekki er ólíklegt að margir aðilar geti komist að sömu niðurstöðu með samskonar rökfærslu, enda byggji rökin á staðreyndum. Raunsannindin byggja hins vegar á staðreyndum sem oft, þó ekki alltaf, sé hægt að fela áður en of margir komast að þeim, og síðan skapa nýjar falskar staðreyndir til að koma í þeirra stað. Hins vegar samanstanda sum raunsannindi ýmist af það mörgum staðreyndum eða staðreyndum þess eðlis að ekki er hægt að fela þær, og þá rata þær aftur fram. Einnig er gott að gleyma því ekki í þessari umræðu að þótt sannleikurinn sé einfaldur í eðli sínu þá hefur hann margbrotin áhrif, og því ekki auðvelt að skapa annan veruleika í stað hans, þótt vissulega séu gerðar tilraunir til þess.

Arendt tekur einnig fram í lok greinar sinnar að þessi valdabarátta milli sannleikans og stjórn mála einskorðist við lægstu svið mannglegra umsvifa, sem einkennast af hagsmunabaráttu, flokkshollustu og valdafíkn, en sé ekki það sem

---

<sup>57</sup> Sama rit, bls. 121-122

<sup>58</sup> Sama rit, bls. 126

<sup>59</sup> Sama rit, bls. 158

<sup>60</sup> Sama rit, bls. 157



stjórnmál í heildina snúist um.<sup>61</sup> Og þrátt fyrir allar þær tilraunir til að spilla sannleikanum sem hún bendir lesendum sínum á þá endar hún á því að benda á varanleika sannleikans: „Hugmyndinni samkvæmt getum við sagt að sannleikurinn sé það sem við fáum ekki breytt. Á líkindamáli má segja að hann sé jörðin undir fótum okkar og himininn yfir okkur.“<sup>62</sup> Sannleikurinn er því ekki eitthvað sem við getum verið án.

Valdabarátta og valdbeiting stjórnmálanna, ásamt þeirri misbeitingu sannleikans, sem einnig einkennir stjórnmálin, myndi ég ætla að sé þess valdandi að þau geta ekki verið fullkomlega siðleg. Eins og kom fram í kaflanum hér á undan þá er það álit Weber að sannleikurinn lúti mismunandi lögmálum eftir því hvort hann tengist hugarfarssiðgæði eða ábyrgðarsiðgæði. Í grein sinni er Arendt að ákveðnu leyti einnig að fjalla um siðgæði, en blekkingar geta verið hluti af siðgæði. Þótt erfitt geti verið að setja siðgæði í flokk með lygum eða blekkingum, þá setur Arendt mismunandi vægi á hvernig sannleikurinn er meðhöndlaður. Blekkingar eru óhjákvæmilegar á lægstu sviðum stjórnmálanna sem einkennist af hagsmunum og valdi, en mikill munur er á siðferði þeirra eftir því hver tilgangur þeirra er. Blekkingar sem hafa þann tilgang að vera smáar í sniðum, hóp- og tímabundnar eru mun saklausari og þar með ábyrgari en blekkingar sem hafa þann tilgang að breyta veruleikanum. Meðan Weber skiptir siðgæðinu í tvo flokka, þar sem mikilvægi sannleikans fer eftir því um hvorn flokkinn er að ræða, skiptir Arendt sannleikanum í tvo flokka, eins og áður hefur komið fram, röksannindi og raunsannindi, en líkt og hjá Weber fer mikilvægi sannleikans eftir því um hvorn flokkinn er að ræða. Hún skoðar eðli sannleikans út frá þessari skiptingu, en ég fer betur í hana hér rétt á eftir. Ástæða Arendt fyrir skiptingunni er, aftur ekki ósvipað og hjá Weber, að annar flokkurinn, raunsannindi og afbökun á þeim, fellur betur að stjórnmálum nútímans en hinn flokkurinn, röksannindin.

Kjarninn í kenningu Arendt er að hin hefðbundnu ríkisleyndarmál, eða tilhneiging stjórnvalda til að fela sannleikann, tímabundið og fyrir óvinum ríkisins, séu eðlilegar aðgerðir sem stjórnvöld þurfa að grípa til.<sup>63</sup> Hins vegar, og það sem henni finnst mun mikilvægara að skoða, er hinar tiltölulega nútímalegu aðgerðir stjórnvalda að breyta sannleikanum, eða að reyna að útmá hann alveg. Þessar aðgerðir eru mjög varhugaverðar og bendir Arendt á þær mismunandi hættur sem hinar ýmsu

---

<sup>61</sup> Sama rit, bls. 163

<sup>62</sup> Sama rit, bls. 163

<sup>63</sup> Þetta kemur skýrt fram til dæmis á bls. 132 í „Sannleikur og stjórnmál“ þar sem hún bendir á að ríkisstjórnir verði að leyndum upplýsingum, og þar tekur hún fram að sú tegund blekkinga sé ekki viðfangsefni hennar hér. Á bls. 151-152 er hún einnig í raun að verja þessa tegund blekkinga.

birtingarmyndir þeirra fela í sér. Þessi hugsun Arendt kemur sérstaklega vel fram þar sem hún ber saman muninn á hinni hefðbundnu lygi og lygi nútímans, og hvernig sú hefðbundna veldur tiltölulega litlum skaða og á sínar málsbætur, meðan að lygar nútímans eru mun skaðlegri.<sup>64</sup> Í grófum dráttum er munurinn á þessum tveimur tegundum lyga sá að hin hefðbundna miðar að því að blekkja takmarkaðan hóp manna í stuttan tíma, meðan að lygar nútímans miða að því að breyta raunveruleikanum. Með orðum Arendt, þá „er munurinn á hefðbundinni lygi og nútímalegri lygi oftast en ekki sá sami og munurinn á því að breiða yfir og því að útrýma.“<sup>65</sup> Ástæðan fyrir því að Arendt vitnar til síðarnefndu lyginna sem lygi nútímans er að hennar skoðun er sú að þessi tegund blekkinga sé tiltölulega ný af nálinni og verði sífellt algengari.

Að mati Arendt fara stjórnsmál og sannleikur ekki alltaf vel saman, og hafi það alltaf verið svo. Áhyggjur hennar í þessu samhengi beinast hins vegar ekki að því að þetta fari ekki alltaf saman heldur að því hvaða stefnu þessi tengsl hafa tekið í nútímanum. Hvernig sannleikurinn er leikinn af stjórnsmálum skiptir nefnilega meginmáli hér, þar sem það fer eftir eðli lyga og blekkinga hvort og hversu slæmar þær eru. Skoðun Arendt er að sannleikurinn fari meira og meira halloka í stjórnsmálum og að sífellt verri aðferðir séu notaðar til að umbreyta honum.

Þótt Arendt vísi ekki til hefðbundinnar lygi sem ábyrgð má engu að síður draga þá ályktun að hún telji þessa tegund lygi nokkuð ábyrga, eða að minnsta kosti réttlætunlega, út frá því sem hún hefur um hana að segja í samanburði við þá nútímalegu lygi að útmá sannleikann, og sem grein hennar fjallar að mestu leyti um. Arendt nefnir sérstaklega að þörf sé á að stjórnvöld leyndi almenning ákveðnum atriðum og einnig bendir hún á að tilgangur hinnar hefðbundnu lygi hafi verið að blekkja óvini. Vegna þessara þátta olli lygin ekki miklum skaða á sannleikanum. Arendt bendir einnig á að þeir sem höfðu atvinnu af að blekkja tilheyrðu litlum hópi stjórnsmálasköruna og erindreka sem sín á milli þekktu og varðveittu sannleikann.<sup>66</sup> Bæði það að beina lygi að takmörkuðum hópi sem vill ríkinu illt og eins, og þá kannski sér í lagi, að varðveita sannleikann getur ekki annað en lýst ákveðinni tegund ábyrgðar. Sú ábyrgð birtist í því að sjá til þess að sannleikurinn gleymist ekki með því annars vegar að afmarka lygina og hins vegar með því að lygarinn blekki ekki sjálfan sig um leið og hann blekkir aðra.

Eins og áður hefur komið fram er það hvernig sannleikurinn er meðhöndlaður af stjórnvöldum sem skiptir Arendt meginmáli, fremur en hvort hann sé alltaf í heiðri hafður, enda finnst henni það ekki raunhæft í stjórnsmálum. Samkvæmt henni þá skiptir

---

<sup>64</sup> Arendt, „Sannleikur og stjórnsmál“, bls. 151-152

<sup>65</sup> Sama rit, bls. 151

<sup>66</sup> Sama rit, bls. 151-152

máli bæði í hvaða tilgangi blekkingar eru viðhafðar og eins hvernig staðið er að þeim, það er hvaða aðferðir eru notaðar og til hversu langs tíma blekkingin á að standa. Í nútímanum snúast stjórnsmál um raunsannindi fremur en röksannindi, ólíkt því sem áður var samkvæmt Arendt. Megináhyggjuefni hennar er því að þar sem auðveldara er að útmá raunsannindin hafa stjórnvöld í dag tilhneigingu til að vilja skipta staðreyndum þeirra út fyrir annan veruleika.

Í tengslum við þessar áhyggjur sínar veltir hún upp ýmsu sem getur stuðlað að veikingu sannleikans og bendir á ýmsar þær leiðir sem stjórnvöld grípa til í meðhöndlun sinni á sannleikanum. Arendt bendir til dæmis á samspil skoðana og staðreynda í stjórnsmálum. Vettvangur beggja er pólitík, og bæði getur spilað saman, en skoðanafrelsi verður að byggja á staðreyndum eigi það ekki að vera hreinn farsí. <sup>67</sup> Í einfölduðu máli þá er munurinn á skoðunum og staðreyndum sá að staðreyndirnar byggja á því sem er, eða sjálfum sér, ef svo má segja, meðan að skoðanir byggja á staðreyndum. Það sem Arendt á við í umræðu sinni hér er að ef skoðanir byggja ekki á staðreyndum þá ýmist skortir þær undirstöður eða eru byggðar á lygi, og þá hafa þær lítið með skoðanafrelsi að gera, enda byggir frelsi á sannleika. Raunsannindin eiga það einnig sammerkt með skoðunum að þau bara eru, það er engin sérstök ástæða fyrir því að þau eru eins og þau eru enda hefðu þau allt eins getað verið önnur en þau eru. Þetta veldur því að auðvelt getur verið að gera þau út sem hverja aðra skoðun og ófrægja þau þannig. Að auki verða staðreyndir til fyrir tilstilli vitna, en vitni eru þekkt fyrir óáreiðanleika. Staðreyndir verða einnig til vegna skráa, skjala og minnismarkja, sem allt er hægt að falska. Á endanum er það algengt að staðreyndir verða til af völdum meirihluta, eða á sama hátt og skoðanir eru formaðar sé ósætti, það er álit meirihluta hlutlausra aðila ákvarðar hver staðreynd í máli sé. Sé lítið á málin á þennan hátt er ekkert sem kemur þá í veg fyrir rangar staðreyndir. Þvert á móti þá getur það að vera hluti af fjölda, þar sem margir af hinum ýmsu ástæðum sameinast um sömu skoðunina, ýtt undir ranga staðreyndamyndun. <sup>68</sup>

Önnur andstæða raunsannindanna er lygi. Vísitandi lygar hafa pólitískar rætur því þær miða að því að breyta staðreyndum, og þar með sannleikanum. Með þessu er verið að grípa til *aðgerða*. Annað form aðgerðar til að breyta sannleikanum sem Arendt bendir á, og tengt því hér að undan, er þegar lygarinn heldur því ekki fram að lygi hans sé endilega sannleikurinn heldur fremur „skoðun“ hans sem hann hefur fullan rétt á. Með þessu er enn verið að gera línuna milli staðreyndar og skoðunar óskýra. Það er

---

<sup>67</sup> Arendt, „Truth and Politics“, bls. 553-554

<sup>68</sup> Sama rit, bls. 557-558

hæfileiki okkar til að ljúga, fremur en hæfileiki okkar til að segja sannleikann, sem staðfestir, meðal annarra hluta, frelsi mannsins. Við getum breytt aðstæðum sem við búum við vegna þess að við búum við frelsi gagnvart þeim, en það er þetta frelsi sem er misnotað með lygi. Freisting atvinnustjórnmalamannsins er að ofmeta möguleika þessa frelsis og láta skilyrðislaust óátalið upplogna afneitun eða bjögun staðreynda.<sup>69</sup>

Arendt bendir einnig á tiltölulega nýlegt fyrirbæri, stórtæka hagræðingu staðreynda og sannleika eins og hún hefur sýnt sig í umritun sögunnar, ímyndasköpun og raunverulegum stefnum stjórnvalda. Þessi nútíma pólitíska lygi tekur skilvirknislega á atriðum sem eru ekki leyndarmál heldur eitthvað sem allir vita. Þetta er augljóst þar sem sagan er umrituð fyrir augum þeirra sem upplifa hana. Jafnframt sést þetta skýrt í alls kyns ímyndarsköpun, þar sem er hægt að afneita eða vanrækja þekktar og óyggjandi staðreyndir ef þær eru líklegar til að skaða ímyndina. Því tilgangur ímyndar er að koma í stað raunveruleikans, og vegna nútímatækni og fjölmiðla er ímyndin sem staðgengill mun meira áberandi en frummyndin sjálf var. Lygar sem þessar bera með sér, samkvæmt Arendt, hvort sem það er meðvitað eða ekki, snert af ofbeldi. Skipulögð lygi ber alltaf með sér tilhneigingu til að tortíma hverju svo sem það hefur ákveðið að hafna. Munurinn milli hefðbundinnar lygi og nútíma lygi liggur oftast en ekki í muninum á að fela og tortíma, sem er það form ofbeldis sem hún bendir á. Hér spyr Arendt, ef pólitískar lygar nútímans eru það stórar að þær þarfnast nýs raunveruleika sem þær geta fallið fullkomlega inn í, hvað kemur þá í veg fyrir að þessar nýju sögur og ímyndir verði fullnægjandi staðgengill raunveruleika og staðreynda?<sup>70</sup>

Önnur óheillavænleg þróun lyga í nútímanum er að því árangursríkari sem lygarinn er því líklegri er hann til að trúá eigin lygum. Svo virðist sem skilningur okkar á raunveruleikanum litist af því að við deilum heiminum með öðrum, og þörf er á miklum viljastyrk til að standa fastur á einhverju, hvort sem um sannleika eða lygi er að ræða, sem enginn annar er sammála um. Að auki virðist, samkvæmt Arendt, að litið sé á lygarinn sem trúir eigin lygum og tekur þátt í þeim sem áreiðanlegri en lygarann sem heldur sér meðvituðum að um lygi sé að ræða og stendur því utan við hana. Siðferðilegir fordómar nútímans hafa tilhneigingu til að beinast að kaldrifjuðum lygurum, meðan að á list sjálfsblekkingarinnar er iðulega litið með umburðarlyndi og undanlátssemi.<sup>71</sup> Til að reyna að skýra þessa fullyrðingu Arendt má kannski segja að þessir fordómar nútímans byggist á því að trú lygarinn ekki lygum sínum sé það vegna þess að hann stjórnir lyginni, meðan að lygarinn sem tekur þátt í lyginni með

---

<sup>69</sup> Sama rit, bls. 562-563

<sup>70</sup> Sama rit, bls. 564-566

<sup>71</sup> Sama rit, bls. 566-567

sjálfsblekkingu er ekki við stjórnvölinn heldur er það lygin sjálf sem ræður för. Rök karaktersins Staretz í *Bræðurnir Karamazov*, sem Arendt vitnar í, fyrir því að betra sé að ljúga að öðrum en sjálfum sér, hníga hins vegar að því að kaldrifjaðir lygarar séu meðvitaðir um muninn milli sannleikans og lyginna. Sannleikurinn er því enn til staðar í lygaranum og skaðinn á raunveruleikanum er því hvorki fullkominn né endanlegur. Og á sama máta er skaðinn gegn lygaranum ekki fullkominn né endanlegur heldur.<sup>72</sup>

Ein helsta hættan sem blekkingar og ímyndarsköpun nútímans býður upp á er, samkvæmt Arendt, hversu endanleg hagræðing á sannleikanum getur orðið. Í hinum frjálsa heimi, þar sem stjórnvöld hafa ekki einokunarvald yfir staðreyndum, eru það jafnt stofnanir, hagsmunasamtök og stjórnvöld sem nýta sér vald ímyndarsköpunar. Þær ímyndir sem skapaðar eru geta orðið að raunveruleika fyrir alla, og þá fyrst fyrir þá sem skapa ímyndirnar sjálfar. Og þótt blekkingin sé miðuð að einum hópi fremur en öðrum gengur hún oftast yfir alla. Í framhaldinu verður höfuðáhersla, bæði hins blekkta hóps og þeirra sem stóðu að blekkingunni, að viðhalda henni.<sup>73</sup>

Eins og fyrr kemur fram bendir Arendt á að raunsannindi sé mun viðkvæmari fyrir því að verða útmáð en röksannindi. Meiri líkur eru á að röksannindi komi fyrr eða síðar í ljós, sé þeim haldið leyndum, heldur en að raunsannindi geri það. Sé þeim síðarnefndu haldið niðri eru litlar sem engar líkur á að þau komi fram síðar.<sup>74</sup>

Arendt heldur því fram að hvorki fortíðinni né nútíðinni sé hægt að breyta með aðgerðum, lygum eða blekkingum, heldur aðeins framtíðinni.<sup>75</sup> Það sem Arendt á við hér er að aðgerðir breyta ekki fortíðinni eða nútíðinni. Með aðgerðum er hins vegar hægt að bera á borð lygar um fortíðina eða nútíðina og með þeim breyta framtíðinni. Umritun sögunnar til dæmis er þannig ætlað að breyta framtíðinni. Það er augljóst að staðreyndir eru ekki óhultar í höndum valds, en Arendt bendir á að vald getur aldrei skapað staðgengil fyrir öruggt jafnvægi raunsanninda. Staðreyndir standa fast á sínu og eru þar með fremri valdinu sem er hverfult. Þessi hverfuleiki gerir vald að óáreiðanlegu tóli til að ná fram stöðugleika af einhverju tagi, og því eru ekki eingöngu sannleikurinn og staðreyndir óöruggar heldur einnig ósannindi og staðleysur.<sup>76</sup>

Þegar Arendt hefur skoðað stöðu sannleikans í nútímasamfélagi svarar hún þeim spurningum sem hún leggur upp með í byrjun. Þótt sannleikurinn sé valdalaus býr hann þó yfir eigin styrkleika. Hvað svo sem valdaaðilar hugsa upp þá eru þeir ófærir um að

---

<sup>72</sup> Sama rit, bls. 566-567

<sup>73</sup> Sama rit, bls. 567

<sup>74</sup> Sama rit, bls. 548. Rétt er að benda hér á að í ritgerð sinni kemur Arendt einnig með annan vinkel á þessa fullyrðingu sína, en ég fjalla um hann á öðrum stað.

<sup>75</sup> Sama rit, bls. 569

<sup>76</sup> Sama rit, bls. 569-570

koma upp með raunhæfan staðgengil fyrir sannleika. Þetta á jafnt við um rökréttan-, trúar-, og staðreynda sannleika. Til að skoða stjórnsmál út frá sjónarhorni sannleikans og einnig til að segja sannleikann þarf að taka sér stöðu fyrir utan hinn pólitíska vettvang. Það sem einkennir þann sannleikavotta sem stendur utan við stjórnsmálin er óhlutdrægni. Til eru störf sem einkennast af þess konar óhlutdrægni, og útiloka pólitíska skuldbindingu og tryggð við nokkurn málstað. Þessi eru, samkvæmt Arendt, til að mynda, störf heimspekingsins, vísindamannsins, listamannsins, sagnfræðingsins, dómarsins, vitnisins og fréttamannsins.<sup>77</sup>

Þótt stjórnvöld séu ekki alltaf sannleikselskandi þá eru engu að síður til það sem Arendt nefnir „sannleiksstofnanir“ sem stofnað er til af stjórnvöldum og reknar af þeim. Þar á meðal er réttarkerfið og æðri menntastofnanir, en tilgangur þessarar stofnana, þótt reknar séu af ríkinu, er að framfylgja og boða réttlæti og sannleika. Líkurnar á að sannleikurinn nái yfirhöndinni opinberlega aukast verulega séu stofnanir sem þessar til staðar og hlutlausir, að því talið verður, fræðimenn tengdir þeim. Og jafnvel hinn pólitíski vettvangur hefur viðurkennt mikilvægi þess að einstaklingar og stofnanir sem það hefur engin völd yfir séu til. Pólitískt mikilvægi háskólanna liggur í sagnfræði og hugvísindum, en hlutverk þeirra er að túlka staðreyndasannleika og mannlegar heimildir. Að miðla sannleika í formi staðreynda felur meira í sér en daglegar upplýsingar fjölmiðlanna. Fjölmiðlar eru þó mikilvægir því án þeirra væri erfitt að ná áttum í síbreytilegum heimi. Þetta er mjög mikilvægt pólitískt séð og því er nauðsynlegt, ef fjölmiðlar eiga eftir að verða það sem gjarnan er nefnt „fjórða valdið“, að verja það bæði fyrir ríkisvaldinu og félagslegum þrýstingi, og það jafnvel mun betur en dómsvaldið. Ástæða þessa er að þetta mikilvæga pólitíska hlutverk, að miðla upplýsingum fer fram utan vettangs stjórnsmálanna, og hvorki aðgerð né ákvörðun ætti að tengjast því.<sup>78</sup>

En þrátt fyrir að Arendt fjalli um stjórnsmál líkt og öll opinber málefni stjórnvöld af hagsmunum og valdi og að það væri enginn pólitískur vettvangur nema vegna nauðsynjar, þá er sú skoðun hennar bundin við ákveðið svið stjórnsmálanna. Árekstrar raunsannindanna og stjórnsmála eru aðeins á lægstu sviðum mannlegra umsvifa. Þessi svið takmarkast af því sem menn geta ekki breytt að vild. Það er aðeins með því að virða sín eigin landamæri sem þessi vettvangur, þar sem við höfum frelsi til aðgerða og breytinga, getur haldist óskaddað, viðhaldið heilindum sínum og haldið loforð sín.

---

<sup>77</sup> Sama rit, bls. 570-571

<sup>78</sup> Sama rit, bls. 571-572

Samkvæmt hugmyndinni getum við ekki breytt sannleikanum, enda er hann allt í kringum okkur.<sup>79</sup>

Áður en ég byrja að skoða helstu atriðin sem Arendt fjallar um í tengslum við hvernig stjórnvöld hagræða sannleikanum vil ég aðeins koma inn á eitt atriði sem tengist ekki beint áherslu hennar en skiptir máli í þessu samhengi. Arendt heldur því fram að fjandskapur sá milli skoðunar og sannleika, og þar með að andstæðan sem að Platon hélt fram milli samskipta í formi samræðu, aðferðar heimspekingsins, og mælskulistar, aðferðar lýðskrumarans, sé ekki ennþá við lýði.<sup>80</sup> Þetta er hins vegar nokkuð sem ég get ekki verið sammála og er ekki ein um það. Halldór Reynisson, til dæmis, fjallar um skynsemi og sannleika, og hvernig mælskulistin verður oft þessu ofar. Hann bendir einmitt til hinnar fornu Aþenuborg í þessu samhengi:

Oft höfða stjórnámálamenn meira til tilfinninga en skynsemi, oft blanda þeir saman staðreyndum og slagorðum þannig að útkoman verður áróður. Mælskan kemur í stað upplýsingar, það sem máli skiptir er að sannfæra áheyrandann en ekki sannleikurinn sjálfur. Þetta var einnig höfuðlöstur hinna fornu mælskufræðinga Aþenuborgar [...]<sup>81</sup>

Sé hlustað á umræður á Alþingi er heldur ekki annað að heyra en alls konar tegundir af skoðunum og blekkingum, auk ímyndarsköpunar, sem er ákveðið form af skoðun, fyrirfinnist þar. Samræður um málefni virðast einnig fremur undantekning en regla á þingi, en umræður þar stjórnast oft að miklum parti af mælskulistinni, sem er jafn mikill löstur í dag og var í hinni fornu Aþenuborg. Tilgangurinn er þá að reyna að sannfæra andstæðinga þeirra mála sem um ræðir að það sé í þágu ábyrgðar sem koma þarf málum á skrið, eða stöðva þau eftir því sem við á. Þegar þessi aðferð er notuð skortir einmitt oft á að ápreifanlegar staðreyndir styðji þessi málefni. Ágætt dæmi um þetta er nýleg umræða um staðgöngumæðrun á Íslandi. Frummælandi þess frumvarps stóð sig að því virtist með miklum ágætum við að sannfæra fólk, bæði samstarfsfólk á Alþingi og einnig almenning, með mælskulistinni, um mikilvægi þessa frumvarps.<sup>82</sup> En þegar

---

<sup>79</sup> Sama rit, bls. 573-574

<sup>80</sup> Sama rit, bls. 549-550

<sup>81</sup> Halldór Reynisson, „Samdráttur og siðbót,“ *Siðferði og stjórnmal*, (Reykjavík: Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, 1995), bls. 22

<sup>82</sup> Eitt af mörgum dæmum hér má nefna er tilvitnun í Ragnheiði E. Árnadóttur í Fréttablaðinu 5. mars 2011 þar sem hún segir að „Þetta samkomulag yrði ekki frekar viðskiptatengt en aðrir samningar sem snúast um eggjagjöf, ættleiðingar eða forsjá barna og miða að því að tryggja hag barna og foreldra sem allra best.“ Skoðun nokkra umgagnaraðila er hins vegar: „Bent er á í umsögnum að erfitt hafi reynst að greina á milli staðgöngumæðrunar í hagnaðar- og velgjörðarskyni. Barnaheill telja að staðgöngumæðrun geti haft í för með sér að farið verði að líta á börn sem söluvöru, og sama geti gerst varðandi staðgöngumóður. Þannig geti skapast möguleiki á að kúga konur til að selja aðgang að líkama sínum á nýjan og enn alvarlegri máta en þekktst hefur. Siðfræðistofnun segir tilhneigingu hafa verið til markaðsvæðingar og Umboðsmaður barna hefur áhyggjur af því að þetta leiði til þess að litíð

sérfræðingar um þetta málefni skiluðu sérfræðialiti sínu þá hrundu flest sannfæringarrök viðkomandi alþingismanns.<sup>83</sup> Það getur haft mjög alvarlegar afleiðingar ef mál sem þessi, þar sem ábyrgð er lykillhugtak, eru ekki rannsökuð gaumgæfilega og þau metin út frá staðreyndum fremur en skoðunum áður en farið er að reka áróður fyrir þeim. Þetta á við um skoðanatengsl sem snúa að rökrétta sannleikanum jafnt sem staðreynda sannleikanum. Weber hefur þetta að segja um þessa tegund mælskulistar: „En nú er oft algerlega talað til tilfinninganna [...] til að ná eyrum fjöldans. Mætti nú nánast tala um „alræði þess, sem kann að nýta hrifnæmi lýðsins“.“<sup>84</sup>

Samskipti stjórnámálanna við almenning einkennast einnig oftast en ekki af stóru hlutverki mælskulistarinnar, en þessi tegund blekkingar er einnig jafn stór ef ekki stærri en beinar lygar, þótt þetta tvennt blandist oft vissulega saman. Þessi tegund skrumskælingar á raunsannindum er sérstaklega áhrifamikil þegar um er að ræða óvinsælar eða óþægilegar staðreyndir sem almenningur er ekki hrifinn af. Undir slíkum kringumstæðum er líklegra að almenningur, eða þeir sem er verið að reyna að hafa áhrif á, vilji trúá öðru en sannleikanum og sé því tilbúinn til að láta sannfæra sig um annað af mælskum stjórnámálum. Dr. Hulda Þórisdóttir bendir á í tengslum við efnahagshrunið hér, og þann meinta sannleika sem búið var að sannfæra almenning um að væri staðreynd, að:

Þegar fólk hefur markmið, í þessu tilviki markmiðið að trúá því að íslenskt efnahagslíf standi vel, þá meðtekur fólk upplýsingar og vinnur úr þeim í takt við markmiðið. Einnig eru upplýsingar sem ganga gegn markmiðinu endurtúlkaðar, hunsaðar eða dæmdar ógildar.<sup>85</sup>

Að þessari athugun lokinni ætla ég nú að skoða þau helstu atriði sem Arendt fjallar um í tengslum við hvernig stjórnvöld hagræða sannleikanum. Ef ég byrja á lýsingu hennar á hvernig raunsannindi og skoðanir styðja hvort annað, þá er hún mjög skýr. Það er hins vegar hættu á, sér í lagi í stjórnámálum í dag, að þetta tvennt renni saman. Falli ákveðnar skoðanir vel í þann jarðveg sem þeim er sáð eru þær oft teknar fyrir staðreyndir án þess að það hafi í raun verið skoðað í þau. Þetta getur leitt til þess að samspil staðreynda og skoðana, það er hvort skoðanir séu byggðar á staðreyndum, sé ekki skoðað nægilega

---

verði á börn sem söluvöru.“ <http://www.visir.is/otimabaert-ad-leyfa-stadgongumaedrun/article/2011702269907>

<sup>83</sup> Frumvarp þetta var lagt fyrir að 139. löggjafarþingi 2010-2011, þskj. 376 - 310.mál. Rétt er að taka fram að ritgerðarhöfundur telur á engan máta að þingmaðurinn hafi haft annað en fyllstu trú á málefninu og að hún væri að inna starf sitt varðandi það vel af hendi. Höfundur finnst það þó hafa verið gert á full fljótvirknislegan máta, og með skoðuna og mælskulist helst að vopni, og því er þetta frumvarp notað sem dæmi hér.

<sup>84</sup> Weber, *Mennt og máttur*. Bls. 167

<sup>85</sup> Rannsóknarnefnd Alþingis. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 8, bls. 277 - 278



vel sé verið að reifa vinsælar skoðanir, og að þannig byggist ákvarðanir á skoðunum fremur en staðreyndum. Þetta er nokkuð sem að gerist iðulega í stjórnmálum en getur haft slæmar afleiðingar þar sem skoðanir geta til dæmis allt eins byggst á röngum eða afbökuðum staðreyndum. Enn og aftur er bankahrunið á Íslandi gott dæmi hér. Þetta getur auðveldlega gerst þótt vilji þess sem á upptökin sé að fara rétt með staðreyndir. Í nútíma samfélagi okkar, sem byggist upp af miklum hraða, gætir oft þeirrar óábyrgu tilhneigingar að flýta sér um of, og það ýtir undir þær hættur að ýmist gefi fólk sér ekki tíma til að athuga staðreyndir nægilega vel, eða að það hugsí með sér að ef einhver er ósáttur, eða efist um staðreyndir tiltekins máls, þá sé það upp á þá sjálfa komið að grafast fyrir um þær. Að sumu leyti má segja að þetta sé gott dæmi um hvernig hugarfarssiðgæði án ábyrgðarsíðgæðis getur leitt til óæskilegrar niðurstöðu. Hugarfarssiðgæði ætlast til hreins hugarfars, sem er þá til staðar, að vilja fara rétt með staðreyndir, en það sem ábyrgðarsíðgæðið byggist á, ábyrgð á afleiðingu gerða, skortir.

Það hversu auðvelt getur verið að gera raunsannindi út sem skoðun er mjög áhugavert, en Arendt byggir það á því að engin leið sé að koma með sannfærandi ástæðu fyrir því hvers vegna raunsannindin séu í raun sannindi. Vegna þessa eru raunsannindin ekkert augljósari en skoðanir.<sup>86</sup> Sé það raunin að skoðanir og staðreyndir séu þetta líkar og auðvelt að koma fram með rangar skoðanir, vekur það óneitanlega upp spurningar um hvernig greina megi á milli þessa tvenns, og hvort það sé yfir höfuð alltaf hægt. Svarið kann hins vegar einmitt að liggja í því sem Arendt bendir á, að staðreyndir byggja ekki á neinum ákveðnum ástæðum heldur gerast þær bara.<sup>87</sup> Út frá þessu tel ég óhætt að segja að það sem gerist bara hefur í raun ekki pólitískt vægi fyrr en það hefur verið greint á einhvern máta. En þegar búið er að taka staðreyndina og greina hana sem æskilega eða óæskilega má segja að hún sé þegar orðin að veruleika og því orðið of seint að breyta henni. Vissulega eru vitni ekki öll áreiðanleg en þegar nægilega margir vitna, hver í sínu lagi, um sama hlutinn á sama tíma, má reikna með nokkrum áreiðanleika. Þetta á hins vegar síður við staðreyndir sem verða til vegna skráa, skjala eða minnismarkja, eða staðreyndir sem verða til byggðar á vilja einhvers ákveðins meirihluta þegar vafi leitur á málum.

Greining Arendt á lygaranum annars vegar sem manni aðgerða og þeim sem segir sannleikann hins vegar sem aðgerðalausum er áhugaverð í ljósi þess hvernig við skoðum aðgerðir, aðgerðaleyfi, og ekki síst hvernig frelsi kemur hér inn. En frelsi samkvæmt Arendt gefur lygaranum aukið svigrúm til lyga, þar sem frelsi gerir okkur

---

<sup>86</sup> Arendt, „Truth and Politics“, bls. 557

<sup>87</sup> Sama rit, bls. 557-558

kleift að segja það sem ekki er.<sup>88</sup> Aðgerðir hafa, að mínu mati, löngum þótt jákvæðar en aðgerðarleysi hefur á móti haft fremur neikvæða ímynd sé þessu tvennu stillt upp hlið við hlið. Að sama skapi er frelsi mjög ákjósanlegt og hefur jafnframt, í hinum ýmsu myndum, verið eitt helsta baráttumál mannsins. Að tengja aðgerðir og frelsi við lygar, sem þykja ekki mjög æskileg hegðan, er að ákveðnu leyti áhugaverð sýn. Ein af þeim spurningum sem geta vaknað er þá kannski hvort lygin geti verið æskileg, jafnt sem óæskileg. Þegar kemur að aðgerðum og frelsi eru hlutirnir kannski einfaldari, því augljóst er að hvort tveggja getur jafnt verið gott sem slæmt. Það má segja að enn einu sinni gegni ábyrgð mikilvægu hlutverki hér. Aðgerðir sem einkennast af ábyrgri hugsun og hegðan eru nokkuð líklegar til að vera af hinu góða, og að sama skapi má reikna með að frelsi mannsins, meðhöndlað á ábyrgan máta, leiði til jákvæðrar breytni.

Eins og ég hef áður nefnt geta lygar verið ábyrgar, en að sama skapi geta þær verið, og eru oft, óábyrgar. Þetta á sérstaklega við um þær lygar og brenglun á veruleikanum sem Arendt fjallar helst um, og bera í sér sterkan vott ofbeldis, enda er þá verið að reyna að breyta veruleikanum varanlega. Eðli ofbeldis og sér í lagi tortímingar er að því fylgja fórnarlömb, en ábyrgð elur ekki af sér fórnarlömb. Þrátt fyrir að ekki fari endilega allir sáttir frá borði eftir ábyrgar ákvarðanir þá skilur ábyrgð ekki eftir sig fórnarlömb á sama hátt og ofbeldi lyga og blekkinga gerir. Ábyrgð veldur ekki skaða. Vissulega geta ábyrgar ákvarðanir tekið frá einhverjum til að auka jöfnuð, og auka þar með ekki endilega velsæld allra, en þær valda ekki almennum skaða. Einnig getur, eins og fyrr hefur komið fram, samkvæmt Weber þurft að beita ofbeldi til að ná fram ábyrgri niðurstöðu, en þá er ofbeldi hins vegar leið til að ná ábyrgu markmiði, en ekki hluti af lokaútkomunni líkt og þegar veruleikanum er breytt.

Svo ég haldi áfram með ábyrgðarhluta lygarinnar, þá er rétt að benda á að við sjálfsblekkingu hverfur hann. Um leið og aðilar eru farnir að blekkja sjálfa sig gleymist að um lygi er að ræða og því eru hverfandi líkur á að sannleikurinn rati aftur upp á yfirborðið. Lygum sem þessum hlýtur því, myndi ég telja, að vera ætlað að vernda hagsmuni lygarans en ekki samfélagsins og því getur lygin ekki verið ábyrg. Ábyrga lygi verður að vera hægt að draga til baka, eða að minnsta kosti skýra sem samfélagslega æskilega, því án þess er ekki hægt að treysta því að fleiri óskýrðar lygar og þá jafnvel skaðlegar fyrir almenning séu ekki einnig til staðar. Ef lygarinn hefur svo mikla óbeit á lygum sínum að hann þurfi einnig að blekkja sjálfan sig til að geta beitt þeim bendir það eindregið til þess að lygar hans séu ekki í þágu samfélagsins. Ef svo

---

<sup>88</sup> Sama rit, bls. 563

væri ætti sannfæring hans um að þær myndu vera til hins góða fyrir almenning að vera nægilega sterkur hvati fyrir hann til að vernda einnig sannleikann.

Leiða má líkur að því að í nútíma samfélagi séu einhverjar lygar nauðsynlegar fyrir almannaheill, líkt og Arendt bendir einnig á<sup>89</sup>. En eins og áður hefur verið nefnt þá er einnig mikilvægt að lygarinn geri sér grein fyrir að um lygar er að ræða til að einhver viti sannleikann. Í þessu samhengi er einnig rétt að gera sér grein fyrir því að lygar leiða oft af sér lygar, og verði lygari svo samofinn lygum sínum að hann hætti að átta sig á þeim er hætta á að útkoman verði röð lyga sem byggjast á upprunalegu lyginni og geta þar með myndað langt lygaferli sem enginn gerir sér grein fyrir að er lygi. Ef siðferðileg hugsun dagsins í dag lítur lygavef sem þennan, sem telst þá væntanlega tilkominn vegna vanmáttar mannsins gegn sjálfsblekkingunni, mildari augum en hreinar lygar sem nokkuð auðveldlega er hægt að snúa við með einfaldri játningu, þá er hætta á að siðferði okkar sé í hættu statt. Eitt af því fáa sem getur liðið og afsakað lygar, er að hægt er að taka þær til baka með því að lygarinn viðurkenni tilvist þeirra. Það er því siðferðileg ábyrgð lygarans að falla ekki fyrir þeim sjálfur.

Endanleikinn sem Arendt bendir á í tengslum við blekkingar og ímyndarsköpun er einmitt gott dæmi, að mínu mati, um andstæðu ábyrgðarsíðgæðisins. Þrátt fyrir að nauðsynlegt geti verið að beita lygum eða blekkingum er jafn nauðsynlegt að gera það á ábyrgan máta og sjá til þess að það sé eingöngu um tímabundið ástand að ræða. Þrátt fyrir, eins og Arendt bendir á, að stjórnvöld hafi ekki einokunarvald yfir staðreyndum þá eru þau oft í aðstæðum til að geta komist að sannleikanum og opinberað hann. Dæmi um blekkingu af þessu tagi þessi árin, þótt ekki tækist að útmá sannleikann, er sú ímyndasköpun og blekkingar sem íslenskar fjármálastofnanir byggðu á árunum fyrir fall bankanna. Þeir sem að henni stóðu náðu að fá á sitt band, ekki bara íslensk stjórnvöld heldur þorra almennings. Algeng viðbrögð við gagnrýni þar á, sama frá hverjum hún kom, voru ásakanir um öfund og óvild. „Vandinn er greindur öðru fremur sem ímyndarvandi [...] sem bæta þurfi úr með því að leiðrétta sýn gagnrýnenda á íslensku bankana í samstilltu átaki stjórnmalamanna og fulltrúa viðskiptalífsins.“<sup>90</sup> Þarna voru komnir brestir í ímyndina en í stað þess að stjórnvöld skoðuðu ástæður þess tóku þau fremur þátt í að reyna að endurbyggja ímynd sem var fólksk til að byrja með. En í þessu samhengi má heldur ekki gleyma orðum Machiavelli í Furstanum: „Það er alltaf nóg af þeim sem eru svo einfaldir og háðir áhrifum líðandi stundar, að sá sem vill

---

<sup>89</sup> Arendt, „Sannleikur og stjórnmal“, bls. 132

<sup>90</sup> Rannsóknarnefnd Alþingis. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 8, bls. 162

blekkja finnur alltaf einhvern sem lætur blekkjast.<sup>91</sup> Við erum hins vegar í miklum vandræðum ef þeir sem láta blekkjast eru einmitt þeir sem eiga að vernda okkur.

Að útmá sannleikann er alvarlegt mál og á það ekki síst við með tilliti til samspils sannleika og ábyrgðar. Þegar stjórnómálag vandamál koma upp í lýðræðisríki er eðlileg krafa að farið sé í saumana á því sem hefur gerst og að einhver verði dreginn til ábyrgðar sé tilefni til þess. Ef sannleikurinn hins vegar er djúpt grafinn getur verið erfitt að komast að því hvað raunverulega gerðist og hver, ef einhver ákveðinn, ber raunverulega ábyrgðina. Dæmi um þetta má einmitt sjá hér á landi um þessar mundir. Þótt sannleikurinn um að íslensku bankarnir hafi hrunið meðal annars vegna óábygrga vinnubragða hafi ekki verið útmáður þá er margt á huldu um hver, ef einhver ákveðinn, bar ábyrgðina. Hættan sem af þessu leiðir getur bæði verið að rangir aðilar verði bornir sökum og jafnvel látnir gjalda fyrir það, og einnig að enginn verði látinn svara fyrir það sem gerist. Þótt það kunni að hljóma ásættanlegt að enginn verði látinn svara fyrir unnin brot þá er ekki endilega svo. Nauðsynlegt getur verið fyrir frið og sátt í samfélaginu að einhver útskýri, svari fyrir og hugsanlega taki út refsingu fyrir orðinn hlut. Gerist það ekki er hætta á að skortur á endalokum málsins valdi viðvarandi tortryggni og reiði í garð yfirvalda, sem getur aftur valdið sundrunu sem erfitt getur verið að laga. Ekki þarf að horfa lengra en til hruns íslensku bankanna til að sjá dæmi um slíkt.

Þeir sem helst geta stöðvað blekkingu af þessu tagi, samkvæmt Arendt, eru þeir sem hafa losnað undan áhrifum blekkingarinnar og eru ákveðnir í að ræða staðreyndir eða atburði sem samrýmast ekki ímyndinni. Samtímasagan er full af dæmum um sannleikselskendur sem þóttu bæði hættulegri og fjandsamlegri valdhöfum en raunverulegir andstæðingar.<sup>92</sup> Ef við viljum setja þetta í samhengi við Weber þá getur þetta átt við bæði hugarfarssiðgæði og ábyrgðarsiðgæðið. Að vilja brjóta niður blekkingu lýsir jafnt hreinu hugarfari viðkomandi og einnig ber það vott um ábyrgð. Blekkingar af þessum toga geta ekki fylgt góðar afleiðingar og því er það ábyrgðarhlutur að stöðva þær. Sé ekki komið upp um þær getur hver sá blekkingarheimur sem búið er að reisa hreinlega hrunið, eins og gerðist hér á landi árið 2008, og þá verður blekkingunni sjálfkrafa aflétt, oft með geigvænlegum afleiðingum.

Sú freisting til að breyta sögunni sem Arendt fjallar um er mikil og hafa margar tilraunir til sögufalsana verið gerðar. Áhugaverð spurning til að velta fyrir sér er hins vegar hvort það að við vitum að þessar tilraunir hafa mistekist þýði endilega að engar

---

<sup>91</sup> Niccolo Machiavelli, *Furstinn*. (Reykjavík: Mál og menning, 1998), bls. 82

<sup>92</sup> Arendt, „Truth and Politics“, bls. 567

tilraunir til sögufalsana hafi tekist. Ef að tilraunir af þessari tegund hafa tekist þá er væntanlega ekki nokkur leið fyrir okkur að vita af því. Arendt hefur vissulega fært rök fyrir því að það að falska fortíðina sé of viðamikil vinna til að hún geti heppnast, en eins og fyrr segir myndum við ekki vita af því hefði það gerst. En þótt vald geti hugsanlega verið fært um að yfirbuga sannleikann á stundum, þá hefur Arendt rétt fyrir sér með hverfulleika þess og þar með langtíma sannfæringarmátt þess einnig.

Þrátt fyrir að Arendt sé tíðrætt um að valdaaðilar vilji koma með staðgengil sannleikans þá þurfum við að horfa til þess hvort svo sé í raun. Í lýðræðisríkjum má ætla að tilgangur lyga og blekkinga ætti að vera að fela sannleikann nægilega lengi til að ná almenningi á sitt band, fremur en að finna staðgengil fyrir sannleikann. Eins og Arendt hefur bent á þá er bæði óæskilegt og einnig nánast ómögulegt af ýmsum ástæðum að halda sannleikanum niðri í lengri tíma, eða að útrýma honum alveg. Ætla má því að þetta sé ekki tilgangur stjórnvalda, heldur sé tilgangurinn fremur að hagræða sannleikanum til að ná sínu fram. Þær hættur sem valdamenn hafa ratað í í því ferli, til dæmis að falla sjálfir fyrir eigin blekkingum, hafa þá fremur verið óæskileg aukaáhrif fremur en beinn vilji. Leiða má einnig líkur að því að þeir valdamenn sem missa tókin á blekkingum sínum þannig að skaði verði af, hafa farið offari í hlutverki sínu og gleymt þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera valdhafi, og þar með því að blekkingum skal eingöngu beitt sé það í þágu ríkisins og þegnanna, og á þann hátt að þessir aðilar beri ekki skaða af því.

Í þessu samhengi er einmitt rétt að horfa til þeirra aðila sem Arendt telur upp og standa vörð um sannleikann með óhlutdrægni sinni. Sú staðreynd að þessir aðilar fá að starfa óáreittir, og jafnvel að tilstuðlan ríkisins, sýnir og sannar að þrátt fyrir að sannleikanum sé hagrætt á ýmsan máta af stjórnámálamönnum þá er það samt sem áður vilji þeirra að sannleikurinn sé um leið varðveittur og að komið sé í veg fyrir misbeitingu á honum. Þetta er einmitt munurinn á heilbrigðu lýðræðisríki og öðrum stjórnarháttum sem einkennast af einræði í ýmsu formi, kúgun og spillingu. Vissulega getur besti ásetningur farið út um þúfur, en segja má að þar sem sú ábyrgð er í heiðri höfð að skerða ekki vinnu og frelsi óháðra aðila til að tjá sig eru góðar líkur á að sannleikurinn geti lifað hönd í hönd með ábyrgri lygi.

Helsta hættan samfara sannleiksstofnunum þeim sem Arendt fjallar um hér er að þær spillist innan frá. Sé allt með feldu innan þessarar stofnana fer yfirleitt ekki á milli mála ef stjórnvöld eða einhverjir stjórnaraðilar fara að reyna að hafa áhrif á störf þeirra, og ætti að vera hægt að gera slíkt opinbert og stöðva það, sé sá vilji fyrir hendi. En ef stofnanirnar spillast innan frá getur verið torveldara að greina slíkt og koma í veg fyrir

það. Einnig er hættu, og þá kannski sú mesta, að hægt sé að kúga þessar stofnanir með peningavaldi, en slíkt getur einnig verið erfitt að koma auga á og stöðva, jafnt fyrir innanbúðarfólk, sem og þá sem fyrir utan standa.

Í ritinu *Samfélagssáttmálinn* bendir Rousseau, meðal annars, á að almenningsálitið sé ákveðin tegund laga og að eftirlitsmenn séu ráðherrar þess. Dómnafnd þessarar eftirlitsmanna sker, hins vegar, ekki úr um almenningsálitið, heldur er hún aðeins boðberi þess. Um leið og hún víkur frá því verða ákvarðanir hennar marklausar og áhrifalausar.<sup>93</sup> Það má segja að hlutverk þessarar eftirlitsmanna samsvari að hluta til hlutverki fjölmiðla í dag. Þegar kemur að stjórnámálum er hlutverk fjölmiðla að greina frá því sem þar á sér stað á hlutlausan hátt. Um leið og þeir fara að taka afstöðu til stjórnamála eða reyna að hafa áhrif á almenningsálitið tengt þeim þá er hlutleysi þeirra horfið og þeir verða marklausir. Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á að það er ekki eingöngu hættu á að fjölmiðlar spillist vegna íhlutunar stjórnvalda, heldur geta þeir einnig spillst gegn stjórnvöldum. Þannig geta þeir, jafnvel með því að nota sannleikann, myndað skoðun úr staðreynd. Þetta er nokkuð sem fjölmiðlar, sem eiga að vera hlutlausir, nýta sér í talsverðum mæli til að skapa tilfinningar með eða á móti hinum ýmsu aðilum eða tilefnum.<sup>94</sup> Halldór Reynisson bendir einnig á að:

[...] fjölmiðlamenn eru ekki allir jafn færir í sínu fagi, né vandaðir að innræti. Þess vegna eru margir embættismenn hræddir við að veita upplýsingar af ótta við að þær verði rangtúlkaðar eða rifnar úr samhengi.<sup>95</sup>

Eðli stjórnamála er að ná fram einhverjum ákveðnum vilja. Algengasta ástæða þess, í lýðræðisríki, að fólk býður sig fram í stjórnámálum er að það telur sig hafa eitthvað mikilvægt að bjóða fyrir samfélagið. Að ná fram þessum málum krefst aðgerða, og eins og Arendt hefur bent á búa aðgerðir í lygum og blekkingum fremur en sannleika. Þrátt fyrir að, eins og Arendt bendir á, sannleikurinn er jörðin sem við stöndum á og himininn fyrir ofan okkur, eru allar blekkingarnar ekki endilega slæmar. Blekkingar geta, til dæmis, ýtt undir framkvæmd með því að skyggja tímabundið á hindranir, eða breytt viðhorfum til hins betra og þannig ýtt undir betra samfélag. Þær

---

<sup>93</sup> Jean-Jacques Rousseau, *Samfélagssáttmálinn*. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004), bls. 230

<sup>94</sup> Dæmi um slíkt er frétt þann 8.8.2011 í Mbl.is. Titill fréttarinnar er „Framseldur burt frá tveggja ára dóttur“, en greinin fjallar um pólskan mann sem var dæmdur til fangelsisvistar í Póllandi fyrir fjögur brot framín þar í landi, og nú á að framselja hann til Póllands samkvæmt beiðni frá pólskum yfirvöldum. Hann er nú í sambúð með íslenskri konu hér á landi og á með henni tveggja ára dóttur. Í stað þess að vera með hlutlausan titil á fréttinni velur blaðamaður titil sem vekur samúð með brotamanninum og lætur yfirvöld, í besta lagi, út fyrir að vera tilfinningalaust batterí.

<sup>95</sup> Halldór Reynisson, „Samdráttur og siðbót“, bls. 22

geta einnig falið slæman veruleika meðan hann gengur yfir og þannig komið í veg fyrir ýmis samfélagsleg mein. Stjórn upplýsingaflæðis í hættuástandi er dæmi um þetta, þar sem markmiðið er að upplýsa almenning eins og nauðsynlegt er, en um leið koma í veg fyrir glundroða. Í því getur til dæmis falist að útmála ekki verstu hugsanlegu útkomu af yfirvofandi hættu. Á þennan máta geta blekkingar stjórnmalanna verið jákvæðar, ábyrgar og ýtt undir betra samfélag, samfélag sem býr yfir mikilfengleika og reisn, þrátt fyrir að stjórnmalamenn ríkisins taki á sig að beygja sannleikann fyrir hag almennings. Sé litið til þessa er ekki alveg rétt að halda því fram að raunsannindi rekist aðeins á við stjórnmal á lægstu sviðum mannlegra umsvifa.

Á hinn bóginn getur lygin verið jafn slæg og sannleikurinn er viðkvæmur. Sé ekki vakað yfir því að lygin fari ekki úr böndunum getur hún tekið yfir líf bæði einstaklinga og heilu samfélaganna. Hægt er að verða svo samdauna henni að skilin milli hennar og sannleika hverfi og hún getur valdið bæði sundrunu og sinnuleysi. Að sumu leyti má líkja lyginni við eldinn sem getur bæði bjargað okkur og eytt.

Sissela Bok varpar fram áhugaverðri spurningu sem hinn ábyrgi stjórnmalamaður ætti að íhuga vandlega áður en hann grípur til lygi. „Ég get treyst á mismunandi vegu: að þú munir koma fram við mig af heiðarleika, að þú berir hagsmuni mína fyrir brjósti, að þú komir ekki til með að valda mér skaða. En ef ég treysti ekki orðum þínum, get ég þá í raun treyst fyrri atviki þínu?“<sup>96</sup> Vel má vera að stjórnmalamaður sem grípur til lygi hafi þessa hagsmuni almennings í huga, en til þess að sú lygi hafi þau jákvæðu áhrif fyrir almenning sem hann væntanlega vill þá verður forsendan fyrir því að vera að almenningur treysti honum. Hafi hann ekki áður gripið til lygi er forsenda fyrir að treysta honum, en hafi hann gripið til lygi hlýtur það að vera byggt á þeirri lygi, hvernig uppljóstrun á henni var háttáð og hverjar afleiðingar lyginnar voru hvort honum er enn treyst. Í þessu samhengi hlýtur þá líka að vakna sú spurning, ef honum er enn treyst, hvort honum er þá treyst til að ljúga ekki aftur, eða að gera það eingöngu á ábyrgan hátt.

Bok er einnig mjög hlynnt því að almenningur fái að hafa eitthvað um það að segja hvort logið er að honum eða ekki. Þannig vill hún láta bera undir fólk hvort það sé sátt við að láta blekkja sig eða ljúga að sér í þessum eða hinum kringumstæðunum. Vissulega getur það verið skynsamlegt, eins og í dæmi hennar um hvort eigi að leyfa lögreglu hraðamælingar í ómerktum bílum,<sup>97</sup> en ekki er víst að það gildi um stærri mál. Benedict de Spinoza bendir á að: „Hverflyndt lyndisfar fjöldans fer nærri því að fylla þá

---

<sup>96</sup> Sissela Bok, *Lyng. Moral choice in public and private life*, (London : Quartet Books, 1980), bls. 31, footnote. Mín þýðing.

<sup>97</sup> Sama rit, bls. 99

sem hafa reynslu af því örvæntingu, því að það stjórnast eingöngu af tilfinningum, ekki af skynsemi [...]”<sup>98</sup>. Þetta lætur nærri og réttlætir vissulega að ekki er endilega æskilegt að láta fjöldann stjórna mikilvægum ákvörðunum.

Þessu tengt þá má ekki gleymast í umræðu um sannleika og stjórnsmál hvernig almenningur gegnir hlutverki sínu sem borgarar. Í lýðræðisríki eru það stjórnsmálsmenn sem vinna fyrir borgarana en ekki öfugt, enda heyrir það kall oft frá almenningi. Hins vegar virðist oft gleymast að um leið hvílir á herðum borgaranna ákveðin eftirlitsskylda. Það er ábyrgðarhluti að vera partur af samfélagi og hvort sem við séum sátt við það eða ekki þá er hluti af þessari ábyrgð að fylgjast með því sem valdhafar gera og koma því á framfæri séum við ósátt. Fari valdamenn, til dæmis, offari í lygum og blekkingum þá gerist það fyrr eða seinna að merki um það fara að sjást. Það er þá á ábyrgð hins almenna borgara að taka eftir því og gera allt sem hann getur til að benda samfélaginu á þá brotalöm til að hægt sé að takast á við vandann.

Það er vissulega ekki ofmælt hjá Arendt að sannleikur er ekki það fyrsta sem kemur í huga manns þegar rætt er um stjórnsmál. Þvert á móti þá virðist algengara, sér í lagi þegar illa árar í ríki, að reikna fremur með lygum eða blekkingum þegar stjórnsmál ber á góma. Áhugavert er hins vegar að velta því upp hvort þetta eðli stjórnsmála sé jafnvel að einhverju leyti tilkomið frá þegnunum sjálfum. Það er, þegar illa árar er ekki gefið að þegnarnir séu tilbúnir að taka því sem stjórnsmálsmenn segja sem sannleika heldur vilja fremur reikna með að það sem þeir segja sé lygi og blekkingar, því að þegnarnir séu ekki tilbúin til að trúá því að ástand ríkisins sé eins slæmt og það í raun kann að vera.

Ljóst er að áhyggjur Arendt snúast ekki um hvort lygar og blekkingar fyrirfinnist í stjórnsmálum, heldur um eðli þeirra og umfang. Að mati Arendt er eðli lyga í stjórnsmálum í dag ekki það að vera til heilla ríkisins og einskorðaðar við óvini þess, heldur er þeim fremur beint gegn almenningi og til að styðja stjórnsmálsmenn við að blekkja hann. Einnig er hún á því að umfang lyga hafi aukist að því marki að í dag miðist lygar ekki eingöngu að einföldum, tímabundnum blekkingum, heldur að því að skapa nýja veruleika. Sé litið til sögunnar, til dæmis Sovétríkja kommúnismans, er ljóst að Arendt hefur nokkuð til síns máls og að áhyggjur hennar eiga fullkomlega rétt á sér. Arendt sér hins vegar einnig það ljós í þessu myrkri að sannleikurinn hefur það sterka viðveru að allt að því ómögulegt er að kveða hann fullkomlega niður. Hann hefur þá tilhneigingu að brjótast gegnum glufur blekkinganna og opinberast á ný.

---

<sup>98</sup> Benedict de Spinoza, *A theologico-political treatise. A political Treatise*, (New York: Dover Publications, Inc. 1951), bls. 216. Mín þýðing



Nýlega rakst ég á hugsun eignaða Vaclav Havel sem mér finnst eiga vel við sem lokaorð hér áður en ég sný mér að umræðu um ábyrgð: „Sannleikur er vitneskja grundvölluð á ábyrgð.“<sup>99</sup> Þessa hugsun skil ég á þann veg að sannleikurinn sé ekki undanskilinn ábyrgð, og það þurfi að hafa í huga þegar hann er meðhöndlaður. Út frá þessu má segja að þessi einfalda setning feli í sér inntakið í sambandi sannleika og ábyrgðar.

## Garrath Williams

Síðustu tveir kaflar ritgerðar minnar hafa mikið til fjallað um ábyrgð, bæði í umfjöllun um ábyrgðarsíðgæði og sannleika Weber, og ábyrgð í tengslum við umfjöllun Arendt um sannleika. Í þessum lokakafla ætla ég að fjalla um ábyrgð sem dyggð út frá hugmyndum breska samtíma heimspekingsins Garrath Williams, sem birtast í grein hans „Responsibility as a Virtue“. Í síðari hluta þessa kafla mun ég einnig skoða hvað ýmsir samtímamenn hafa haft að segja um ábyrgð og hvað það á sammerkt með Williams. Segja má að í Williams komi saman bæði hugarfars- og ábyrgðarsíðgæði Weber. Líkt og í ábyrgðarsíðgæði Weber þá snýst dyggðin ábyrgð hjá Williams líka um útkomuna. Hins vegar kemur hugarfarssíðgæðið einnig sterkt hér inn á þann hátt að til að ástunda dyggðina ábyrgð er þörf á að hafa viljann til að gera það sem er rétt og gott. Það sem helst greinir á milli Weber og Williams er að á meðan Weber er eingöngu að horfa til stjórnmalamanna, enda þeir sem héldu völdum á þeim tíma, þá er Williams að horfa til bæði þeirra en einnig, en ekki síður, til alls almennings, sem í dag hefur mun meiri völd en áður og þá ekki síst í gegnum stofnanakerfi nútímans.

Eins og fyrr segir ætla ég að skoða grein Williams „Responsibility as a Virtue“. Hún fjallar að meginhluta um hvernig ábyrgð hefur færst frá því að vera dyggð með afmarkaðan tilgang og svið innan stjórnála, yfir í að vera dyggð sem ætlast er til að sé sýnd á öllum sviðum tilverunnar. Megináhersla Williams hér er þó hvernig hún endurspeglast í stofnanakerfi nútímans og í stjórnmalum.

Williams skilgreinir ábyrgð á eftirfarandi hátt: *ábyrgð stendur fyrir viljann til að bregðast við fjölda viðtekinna kvaða.*<sup>100</sup> Einnig mætti orða þetta sem svo að ábyrgð sé að vera tilbúinn til að standa undir þeim mörgu hlutverkum sem einstaklingar í nútímasamfélagi gegna og því flókna samspili krafna sem er afleiðing þess. Þessi

---

<sup>99</sup> David Rowe, „Truth and Responsibility“. [www.risk.net](http://www.risk.net), 20.08.2008. Mín þýðing

<sup>100</sup> Garrath Williams, „Responsibility as a Virtue“, Grein. (Birt á netinu: 13 Mars 2008. Springer Science + Business Media B.V., 2008), bls. 459. Mín þýðing, á ensku hljómar skilgreining Williams þannig: *responsibility represents the readiness to respond to a plurality of normative demands.*

skilgreining á, að mati Williams, að útskýra hvernig og hvers vegna þessi dyggð er orðin eins mikilvæg í nútíma samfélögum og reyndin er. Þótt Williams kafi ekki djúpt í hugtakið með þessari skilgreiningu þá lýsir hún nokkuð vel hvers ábyrgð krefst af fólki og hversu flókið getur verið að hegða sér á ábyrgan máta. Aðaláherslan hjá Williams er að ábyrgð felur í sér fjölda skyldna. Ábyrgð er aldrei einföld heldur takast á hinar ýmsu aðstæður og sjónarmið, sem oftast en ekki skarast. Hann bendir á að hvert svo sem hlutverk eða starf okkar er þá beinist það ekki bara að einu markmiði eða einum aðila. Ábyrgð er mjög margþætt<sup>101</sup> og dreifir sér yfir ótalmörg svið.<sup>102</sup>

Megináhersla Williams er á margþættingu og leggur hann fram fjórar skýringar til stuðnings máli sínu: Í fyrsta lagi þá er erfitt að sjá hið nána samband milli ábyrgðar, dómgreindar og frumkvæðis án margþættingar þarfa. Í öðru lagi koma ósamhljóða sjónarhorn ítrekað upp. Þetta á við um væntingar, forgang, skyldur, hver á að gera hvað, og svo framvegis hjá hverjum aðila fyrir sig. Sú þriðja er hlutdrægni og óhlutdrægni, en hver aðili tengist óhjákvæmilega mörgum öðrum. Að lokum, í tengslum við margþættingu, bendir Williams á að hver einasti ábyrgur aðili sé fastur í ófullkomnu samhengi. Einstaklingar og stofnanir bregðast ekki alltaf við á réttan hátt, hlutir fara ekki sem skyldi og aðstæður eru flóknar. Því er þörf á málamiðlunum sem ekki væri þörf á í fullkomnum heimi. Ábyrgð snýst því alltaf um að sættast við aðila eins og þeir eru og munu verða, og gera það í samræmi við manns eigið samband við þá og ábyrgðir gagnvart þeim.<sup>103</sup>

Williams kemur einnig með þrjár nánari útlistanir á því hvers vegna hann nálgast hugtakið ábyrgð líkt og hann gerir. Sú fyrsta snýr að notkun hugtaksins „viðteknar kröfur“ (normative demands) sem hann notar í skýringu sinni á ábyrgð, fremur en orðin ábyrgð, skyldur, eða „ástæður“. Með því að nota viðteknar kröfur nær Williams, að eigin mati, betur að útskýra hið flókna ferli sem liggur, eða ætti að liggja, að baki ákvörðunum sem ábyrgur einstaklingur tekur.<sup>104</sup> Önnur útlistun Williams hér snýr að notkun hans á „bregðast við“ kröfum. Samkvæmt honum notar hann „bregðast við“ á mjög opinn máta enda sé það sem flokkast undir fullnægjandi viðbrögð mjög almennt og standi oft fyrir reynslu og dómgreind.<sup>105</sup> Að lokum, í þessari upptalningu beinir Williams því að lesandanum að líta á ábyrgð sem það „að vera til reiðu“ (readiness), það er, að vera bæði viljugur og fær. Ábyrgð er það að viðurkenna þær kröfur sem

---

<sup>101</sup> Ég kys hér að nota orðið „margþætting“ sem þýðingu á orðinu „plurality“ þar sem ég tel það lýsandi fyrir það sem Williams hefur að segja, að ábyrgð samanstandi af mörgum mismunandi þáttum.

<sup>102</sup> Garrath Williams, „Responsibility as a Virtue“, bls. 459

<sup>103</sup> Sama rit, bls. 461

<sup>104</sup> Sama rit, bls. 461

<sup>105</sup> Sama rit, bls. 461-462

maður stendur frammi fyrir, aðrir geta hvorki knúið fram né gefið fyrirmæli um ábyrgð.<sup>106</sup> Í framhaldi af spurningunni um vilja og getu bendir Williams á að það sé alltaf spurning um dómgreind að ákvarða hvaða kröfur það eru í raun sem eru lagðar á herðar manna og hvers konar viðbrögð séu bæði möguleg og við hæfi. Dómgreind er grundvallaratriði hér og verður að taka alvarlega.<sup>107</sup>

Williams bendir á að hinn mikli fjöldi mismunandi kvaða sem fylgir ábyrgð hvíli í raun ekki bara með miklum þunga í stjórnámálum og stjórnámálamönnum, heldur einnig á almenningi öllum. Þessi fjölbreytileiki væntinga og krafna er sérstaklega áberandi í nútíma þjóðfélögum. Hann heldur áfram og segir að vegna þessa fjölbreytileika vanti þá föstu póla, eða sameiginlegu mælikvarða á því hvernig við metum hvað sé rétt að gera, sem voru til staðar í eldri samfélögum: trú, yfirvald, náttúru, hefð. Í dag skorti þessa festu, við erum ekki fædd í mörg hlutverk og jafnvel þau sem við erum fædd í má deila um, til dæmis fjölskyldu og þjóðerni, en því fleiri eru þau hlutverk sem við veljum okkur, og með hverju hlutverki eykst fjöldi krafna. Þetta, samkvæmt Williams, skapar þversögn. Séu kröfurnar orðnar of margar er hætta á að annað hvort verði valið úr kröfum til að sinna eða að einstaklingar taki að líta svo á að þeir komi einir að þeim ákvörðunum sem þarf að taka. Ef það yrði raunin myndum við glata nauðsynlegum tengslum milli ábyrgðar og samábyrgðar. Með þessu er Williams að segja að það líti út fyrir að ábyrgð sé orðin ómöguleg á sama tímapunkti og við höfum loksins tengst dyggðinni og byrjað að krefjast hennar bæði af stofnunum okkar sem og okkur sjálfum. Því fleiri sem kröfurnar á okkur verða, því meiri þörf er á dyggð sem hjálpar okkur við að takast á við þær allar og að gefa hverri rétt vægi. En það er einmitt vegna þessara auknu krafna sem við eigum erfiðara með að takast á við þær.<sup>108</sup>

Í framhaldi af þessari umræðu er áhugavert að líta aðeins til Weber og umfjöllun hans um ábyrgð. Sú samábyrgð sem Williams er ofarlega í huga er víðsfjarri hjá Weber, en engu að síður er hún ekki endilega fjarri kenningum hans. Weber ræðir um ábyrgð stjórnámálamannsins sem ábyrgð einstaklings og samábyrgð er ekki hugtak sem kemur upp í hans umræðu, enda er það heldur ekki hugtak þess tíma. Líkt og Williams fjallar Weber hins vegar að ákveðnu leyti um ábyrgð sem hlutverkatengda, ábyrgð stjórnámálamannsins sé til dæmis önnur en ábyrgð annarra. Út frá þessu má ætla að samábyrgð gæti verið honum ofar í huga, líkt og Williams, ef hann væri uppi í nútímasamfélagi þar sem stofnakerfið er víðtækt og almenningur hefur mun stærra og margþættara hlutverki að gegna en á hans tímum.

---

<sup>106</sup> Sama rit, bls. 462

<sup>107</sup> Sama rit, bls. 462

<sup>108</sup> Sama rit, bls. 462 - 463

Williams bendir á að skoða megi ábyrgð sem eitt mikilvægasta og uppbyggilegasta siðferðilega svar okkar við skorti á fyrrnefndum föstum pólum. Dyggðin ábyrgð finnst Williams hins vegar ekki veita nægilegan samhljóm til að sameina okkur þar sem ábyrgð hefur mismunandi merkingu fyrir mismunandi aðila, byggða á þeim kröfum sem við ætlum mismunandi aðilum að standa undir.<sup>109</sup>

Williams fjallar einnig um hvernig aukin og almenn ábyrgð er afsprengi stofnanakerfi nútímans. Stofnanakerfi í dag er ekki bundið við stjórnsmál og stjórnsmálsmenn heldur tekur meiri hluti alls almennings þátt í bæði að móta það og starfa innan þess. Í frjálslyndu lýðræðissamfélagi dagsins í dag nær stofnanakerfið yfir allt frá skólum til alþingis, fyrirtækjum til góðgerðarstarfsemi, og þannig eru það mun fleiri en bara stjórnsmálsmenn sem hafa beina aðild að mikilvægum ákvörðunum og þeirri ábyrgð sem því fylgir.<sup>110</sup>

Samkvæmt Williams skapa sameiginlegar væntingar þörf fyrir að semja um fjölda kvaða, og er til staðar hjá næstum hverjum aðila í samfélagi okkar og í næstum hverju sviði tilverunnar.<sup>111</sup>

En þrátt fyrir að ábyrgð sé, samkvæmt Williams, siðferðilegur ávinningur er grundvöll hennar ekki að finna á sviði hugmynda, hyggju eða virðis, heldur er grundvöllurinn hvernig þeirri vinnu sem innviðir stofnana okkar byggja á er skipt niður á siðferðilegan hátt, þar sem ábyrgð hvers og eins er skilgreind. Þetta sést best á því hvað gerist þegar innviðirnir breyta. Þegar það gerist þá verði fólk ófært um að bregðast við öllum þeim margvíslegu kröfum sem dynja á þeim og án skipulegs farvegs fyrir sameiginlega ábyrgð loki það á siðferðilega næmni og hörfi inn á staðbundin yfirráð vörðuð ímynduðum vegg vina og óvina.<sup>112</sup>

Williams veltir einnig fyrir sér hversu háð hvert öðru við erum. Allt það sem nútíma samfélag okkar býður okkur — réttindi okkar, veraldleg gæði, þau völd og tækifæri sem flestum stendur til boða — er byggt á áður óþekktri dreifingu ábyrgðar. Þetta vill Williams meina, út frá dyggðinni ábyrgð, að sé sérstakt siðferðilegt afrek. Sé litið til margra galla nútíma samfélags, svo sem efnishyggju og ójöfnuðar, sjálfmiðaðra viðhorfa til frelsis og sjálfstæðis, má segja að það sé með ólíkindum að flest okkar ekki aðeins treysti á hvort annað heldur hegði okkur einnig á þann veg að við leyfum öðrum

---

<sup>109</sup> Sama rit, bls. 463

<sup>110</sup> Sama rit, bls. 464 - 465

<sup>111</sup> Sama rit, bls. 465

<sup>112</sup> Sama rit, bls. 465 - 466

að treysta á okkur. Með þessu taka flestir þátt í að viðhalda samböndum og stofnunum sem beina gífurlegri orku í að uppfylla þarfir og langanir hvers annars.<sup>113</sup>

Samkvæmt Williams er sú ábyrgð sem stofnanauppbygging okkar býður upp á ekki fullkomin, að því leyti að hún krefst ábyrgðar stöðugt. Ein ástæða þessa liggur í grundvallartengingu milli ábyrgðar, skuldbindingar og dómgreindar. Sama hversu afmörkuð hlutverk okkar og ábyrgð er, og hversu strangt sem ábyrgðareftirlitið er, verðum við samt sem áður að að hegða okkur svo að aðrir geti reitt sig á okkur. Ábyrgðar er alltaf krafist á að minnsta kosti þrjá mismunandi vegu. Í fyrsta lagi hvílir á okkur sameiginleg ábyrgðarskylda. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því hvaða ábyrgðarkröfur hvíla á okkur, og einnig að vera fær um að gera grein fyrir hvers vegna við tókum þessa ákvörðun fremur en hina. Við þurfum svo einnig að geta gert aðra ábyrga fyrir þeirra ábyrgðarhlutverkum. Næsta atriðið sem hann nefnir er sú krafa að við séum ávallt á varðbergi fyrir ábyrgð sem fellur út fyrir þann ramma sem okkur hefur verið settur og að taka hana þá á okkur sem viðbót. Þriðja atriðið snýr að því að takast á hendur aukna ábyrgð og að kunna að útdeila ábyrgð til annarra.<sup>114</sup>

Kjarninn í grein Williams er að sýna fram á að aðilar í nútíma samfélögum hafi meiri ástæðu til að krefjast dyggðarinnar ábyrgðar af hvert öðru heldur en fólk í nokkru öðru eldra samfélagi. Þetta byggir hann á því að kröfurnar sem við gerum til hvers annars og á stofnanir okkar séu orðnar það víðtækar, margvíslegar, og breytilegar að annað komi ekki til greina.<sup>115</sup>

Í umfjöllun sinni gengur Williams út frá því að bæði séu einstaklingar hæfir til að dæma á ábyrgan hátt um hvað beri að gera og einnig að aðrir séu hæfir til að dæma þeirra hæfni. Hins vegar geta einstaklingar brugðist ábyrgðarskyldu sinni jafnvel þótt þeir vilji vel. Því sé vilji ekki nóg þegar kemur að ábyrgð heldur þarf einnig til getu. En það að vera ábyrgur krefst einnig samvinnu í aðstæðum og því er þáttur nútíma stofnana og hvernig þær deila ábyrgð niður jafn mikilvægur og raun ber vitni samkvæmt Williams. Dyggðin ábyrgð er því ekki eins einstaklingsmiðuð og við kunnum að halda heldur á hún sér rætur í því hversu innbyrðis háð við erum hvert öðru. Þetta á jafnt við um að vera háð hvert öðru á efnislegan, stofnanalegan og siðferðilegan máta. Og ólíkt mörgum öðrum dyggðum er ábyrgð dyggð heildarinnar sem og einstaklingsins.<sup>116</sup>

Ég ætla nú að skoða kenningu Williams aðeins betur, en ágætt er í því samhengi að byrja á að skoða nokkur af þeim algengustu ábyrgðarsviðum sem líf fólks nær yfir.

---

<sup>113</sup> Sama rit, bls. 466 -467

<sup>114</sup> Sama rit, bls. 467

<sup>115</sup> Sama rit, bls. 468

<sup>116</sup> Sama rit, bls. 469

Það má, til að mynda, ímynda sér íslenska, gifta útivinnandi móður. Ábyrgð hennar nær að öllu jöfnu yfir eftirfarandi svið: hennar sjálfrar, barna hennar, maka, heimilis, yfirmanns, vinnustaðar, vinnufélaga, vegfarenda, nærsamfélags hennar, verslunarmáta, umhverfis, fjærumhverfis, hnattumhverfis. Ekki er svo ólíklegt að eitthvað hafi orðið útundan í þessari upptalningu. Þegar ábyrgð er brotin niður á þennan hátt er ljóst að hún er mjög umfangsmikil og því er allt að því óhjákvæmilegt að ákveðin togstreita geti myndast þegar mismunandi skyldur togast á við ákvarðanatöku.

Ekki er heldur eingöngu um að ræða togstreitu milli ólíkra þátta lífs okkar heldur einnig, og ekki síður, getur myndast togstreita innan hvers þáttar. Einfalt dæmi um slíkt er foreldri sem vill annars vegar vernda barn sitt og um leið veita því sjálfstæði til að fá að reka sig sjálft á. Einnig hlýtur að vakna hér sú spurning hvort nægilegt sé að búa yfir ábyrgðartilfinningu sem nær yfir það takmarkaða svið sem daglegt líf okkar nær til, líkt og fjölskyldu og heimili, eða vinnustað til að auðvelda líf okkar og minnka togstreituna? Þegar ábyrgð er skoðuð út frá kenningu Williams undirstrikar það bæði hversu mikilvæg ábyrgð er í nútíma samfélagi og einnig, og alls ekki síður, að hafa ber þessa togstreitu í huga þegar fólk er ásakað um að hafa brugðist ábyrgð sem því kann að hafa verið lögð á herðar. Bæði er fólk misfært um að taka ákvarðanir þar sem hagsmunir skarast, og einnig hefur fólk mjög misjafnar skoðanir um hvað er rétt ákvörðun. Þetta verður sérstaklega ljóst þegar stór hópur á hagsmuna að gæta, en hægt er að gefa sér að við aðstæður sem slíkar eru alltaf einhverjir ósáttir við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið. Hér er þá kannski spurningin um að velja viturlega hagsmuni hvaða hópa beri að verja á kostnað annarra. Val sem þetta er augljóslega ekki alltaf auðvelt, en sýnir oft um leið hversu síðað og ábyrgt samfélagið sjálft er í raun. Williams er augljóslega ekki einn um þessar vangaveltur, en til dæmis bendir Sigurður Línal einmitt á að:

[...] siðferðileg sjálfðæmishyggja og afstæðishyggja [hefur] haldizt í hendur við það aukna sjálfræði sem frelsinu fylgir. Þetta hefur valdið því að hver maður og hver þjóðfélagshópur hneigist til þess að móta það siðferði sem honum hentar. Hagsmunahópar leggja áherslu á þau siðferðisgildi sem koma þeim í hag.<sup>117</sup>

Í framhaldinu kemur Sigurður með nokkur góð dæmi máli sínu til stuðnings. Eitt þeirra er um siðareglu tengda launum, sem getur gengið á önnur gildi, svo sem velferð sjúkra, aldraðra og barna. Annað dæmi er um greiðsluvanda heimilanna, sem oft stafar af eyðslu umfram efni. Dæmi sem þessi benda á þá hluti sem við viljum varast viljum við lifa í raunverulega ábyrgðarfullu samfélagi, sem ekki er gegnsýrt af eiginhagsmunum.

---

<sup>117</sup> Sigurður Línal „Stjórnmál, lög og siðferði“, *Siðferði og stjórnmál*, bls. 66

Varðandi þá margþættingu ábyrgðar sem Williams fjallar um þá leikur enginn vafi á að að baki öllum ákvörðunum liggja margvíslegar og jafnvel síbreytilegar aðstæður og skyldur sem hverja þarf að skoða og leggja mat á áður en ákvörðun er tekin. En ekki má heldur gleyma því að þegar allt kemur til alls þá snýst ábyrgð í grunninn um einfalt val: vil ég gera það sem ég tel að komi flestum sem best eða vil ég gera eitthvað annað. Ef sú ákvörðun að vera ábyrgur í vali sínu hefur verið tekin má segja að framhaldið, það er hvernig brugðist er við í kjölfarið, einkennist ef til vill fremur af dómgreind og frumkvæði.

Við mikilvægar ákvarðanir er nauðsynlegt að skoða allar hliðar mála og vega og meta fyrir sig hvert og eitt atriði sem máli gæti skipt. Út frá þessu mati er síðan hægt að forgangsraða atriðum og jafnvel komast að þeirri niðurstöðu að einhverjar kröfur hafi það lítið vægi í heildinni að þeim megi horfa framhjá. Hér má nefnilega heldur ekki gleyma því að það er sjaldnast sem hægt er að bregðast fullkomlega við öllum kröfum. Þegar það gengur upp er eðlilegast að líta á það sem bónus fremur en norm. Það breytir því þó ekki að það er vissulega skylda okkar að hafa opna og sveigjanlega afstöðu við allar ákvarðanatökur.

Það er hins vegar þriðja atriði Williams varðandi margþættingu, hlutdrægni og óhlutdrægni, sem mér finnst hvað áhugaverðast. Hver aðili tengist óhjákvæmilega hinum ýmsu aðilum, til dæmis fjölskyldu og vinum. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart starfsfólki sínu, kennari gagnvart nemendum sínum, og svo framvegis. Ábyrg manneskja á að vera dómbær á tengsl sín við aðra, þær kröfur sem hver tengsl bera með sér, og hvaða kröfur aðrir hafa rétt á að bera fram. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um stofnanir.<sup>118</sup> Eins einfalt og þetta hljómar þá er þetta líklega það sem vegur þyngst í því að vera ábyrg manneskja. Það liggur óhjákvæmilega djúpt í eðli allra að veita sjálfum sér og þeim sem standa manni næst forgang í ákvörðunum, enda er eðlilegt að bera hag þessarra aðila fyrir brjósti umfram hag annarra.

Besta dæmið um þetta er þegar eitthvað kemur fyrir, til dæmis slys eða hamfarir. Fyrsta hugsun fólks er hvort þeir sem standa þeim næstir séu öruggir, og síðan koma áhyggjur af óviðkomandi. Hið sama gerist við ákvarðanatöku, þótt ekki sé það endilega jafn ljóst. Þetta er hins vegar nokkuð sem ábyrgum einstaklingum ber að hafa í huga og varast að láta afvegaleiða sig. Vissulega eru margar aðstæður þar sem eðlilegt og jafnvel rétt er að huga fyrst að eigin þörfum og þeirra sem standa næst manni, en jafnvel við þær aðstæður þarf samt að vega og meta allar kröfur áður en valið er hvaða leið er farin. Það sama á við í aðstæðum þar sem kröfur óviðkomandi ganga fram fyrir

---

<sup>118</sup> Garrath Williams, „Responsibility as a Virtue“, bls. 461

kröfur aðstandenda, ekki má hunska kröfur aðstandenda þótt þær verði á endanum undir. Að vera fær um að bera hag almennings fyrir brjósti umfram eigin hag eða hag þeirra sem næst manni standa, þegar slíkt á við, er það sem greinir raunverulega ábyrga aðila frá hinum. Þegar persónutengsl eru annars vegar þá getur hugmyndin um hvað er rétt eða rangt oft brenglast, bæði í huga þess sem ber að vera ábyrgur fyrir ákvörðun og eins, og ekki síður, í huga þess sem ber fram kröfur. Hætta er á að þessi brenglun geti haft varanleg áhrif á samband gerenda og þolenda, ef svo má kalla viðkomandi aðila, sem undirstrikar enn fremur að ábyrgð er ekki alltaf sjálfgefín eða einföld.

Lokapunktur Williams um margþættingu, ófullkomið samhengi, er mjög mikilvægur í allri umræðu um ábyrgð, og nokkuð sem fólk ætti mun oft að hafa í huga en það virðist gera þegar fjallað er um ábyrgð, og sér í lagi þá í tengslum við það sem hefur misfarist. Það er alltof algengt að rætt sé um ábyrgð og ábyrgðarleysi út frá því sem virðist vera fullkomnar aðstæður í fullkomnum heimi. Aðilar, jafnt einstaklingar sem stofnanir, eru ásakaðir um að hafa ekki staðið undir þeirri ábyrgð sem þeim bar og er þá oft ásakað til dæmis um vanrækslu, kæruleysi, vankunnáttu eða annað svipað. Þegar ásökunum sem þessum er varpað fram virðist ærið oft gleymast að það að gera hið eina rétta er ekki klippt og skorið og oft á tíðum dugir hin mesta viska og besti vilji ekki til, enda lifum við í ófullkomnum heimi auk þess að vera sjálf ófullkomin og umkringd ófullkomnum aðilum.

Ágætt dæmi til að skoða í þessu samhengi er hversu blind íslensk yfirvöld virtust vera á útrás fjármálamanna í aðdraganda bankahrunsins á Íslandi. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er meðal annarra vitnað í Lars Christiansen, yfirmann greiningardeildar Danske Bank. Hans skoðun er að í tenglum við útrásina hafi stjórnáamenn, embættismenn og eftirlitsaðilar allir spilað í sama liði. „Þeir sem áttu að sjá til þess að allt færi vel fram og gæta efnahagslífsins og hagsmuna almennings voru klappstýrur útrásarliðsins.“ Einnig tekur Guðni Ágústsson í sama streng.<sup>119</sup> Eitt af því sem er mikilvægt að skoða hér er hvers vegna allir þessir aðilar spiluðu saman. Þrátt fyrir að einfaldasta og þægilegasta skýringin sé skortur á ábyrgð þá þarf hún ekki endilega að vera rétt. Það er allt eins líklegt að þessir aðilar hafi í raun trúað því að ástandið væri eins gott og þeir vildu vera láta, enda hljómaði það mjög fullkomið. Svo ég vitni í Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur þá vísaði hún í grandaleysi sitt þegar minnt á fræg orð sín um erlendan bankamann í nóvember 2008: „Ég trúði því að íslenska

---

<sup>119</sup> Rannsóknarnefnd Alþingis. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, bindi 8, bls. 158



bankakerfið væri sterkt.<sup>120</sup> Vissulega bar þeim ábyrgðarskylda til að sinna vinnu sinni betur en þeir gerðu, eins og í ljós kom eftir á. En eins og ég benti á hér á undan þá erum við þrátt fyrir allt ófullkomnar verur, og þó að hlutverk stjórn mála- og embættismanna, jafnt og eftirlitsaðila sé að gæta hagsmuna almennings, þá geta þeir verið jafn ginkeyptir fyrir blekkingum og aðrir. Hér má einnig velja því upp að þeir eru jú vanari, svo ég vísi í Arendt, að beita blekkingum sjálfir en að verða fyrir þeim.

Í tólftu neðanmálgrein Williams kemur hann inn á það sem hann kallar viðkvæmt mál; hvort einstaklingar geti verið ójafnir í siðferðislegum málum. Þetta er ekki nokkuð sem Williams kys að velja fyrir sér í sjálfri greininni en finnst greinilega þörf á að benda á engu að síður. Hvernig svo sem það er í raun þá eru einstaklingar vissulega almennt dæmdir sem mishæfir siðferðilega séð. Með því að vekja máls á þessu þá er Williams að opna fyrir það að hugsanlega séu allir jafnhæfir til að taka siðferðilega réttar ákvarðanir, þótt að nokkuð augljóst sé að ekki allir gera það. Þær spurningar sem vakna hér eru þá hvort þeir einstaklingar sem ekki taki siðferðilega ábyrgar ákvarðanir geri það vegna þess að þeir kjósi að hunsa þær, eða hvort þeir einhverja hluta vegna telji sér ekki stætt að gera það þótt þeir vildu. Einnig má velja fyrir sér hvort gerðar séu mismunandi kröfur til einstaklingar óháð hæfi þeirra. Ef allir væru jafn færir um að vera ábyrgir þá hlyti það að umbylta allri umræðu og fræðslu um þessi mál, enda væri spurningin ekki lengur um getu heldur vilja. Um leið myndu einnig rök sem réttlæta skort á ábyrgð og siðferðilegri þekkingu eða getu, enda það tvennt náskýlt, verða ómerk og þar með væri ekki hægt að skýla sér bak við vanþekkingu eða vangetu, heldur væri einfaldlega um að ræða hreinan vilja þegar ábyrgð er hunsuð. Út frá því væri þá væntanlega hægt að ræða um glæpsamlegt atferli þegar ábyrgðarleysi veldur skaða. Leiða má þó líkur að því að Williams komi með þessa athugasemd sína hér í tengslum við not sín á „viðteknum kröfum“ enda má jafnvel hugsa sér að auðveldara sé að skoða hluti út frá viðteknum kröfum frá umhverfinu en siðferðilega réttum ákvörðunum, þótt vissulega haldist bæði í hendur og sé jafnvel sami hluturinn.

Fullyrðing Williams um að þótt ábyrgir aðilar eigi að geta gert grein fyrir ákvörðunum / viðbrögðum sínum eigi þeir ekki að þurfa þess heldur eigi þær að vera teknar gildar, enda hafi þeir gert ráð fyrir ákveðnum viðbrögðum við mat sitt, hljómar ekki að öllu leyti sannfærandi. Þetta hýtur að vera matsatriði í hvert sinn, byggt á hversu víðtækar og veigamiklar afleiðingar hver ákvörðun / viðbrögð hefur. Ákvarðanir

---

<sup>120</sup> Rannsóknarnefnd Alþingis. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, bindi 8, bls. 162

sem hafa djúpstæð og/eða víðtæk áhrif hlýtur að vera eðlilegt að kalla eftir útskýringum á, eða jafnvel enn fremur ætti að vera hinum ábyrga eðlilegt að rökstyðja þær sjálfur um leið og þær eru kynntar. Þetta á sér í lagi við viti hann að þær séu líklegar til að verða umdeildar. Svarið við spurningunni um hver ákvarðar hvort viðbrögð hins ábyrga eigi við hlýtur að vera sá eða þeir sem þessi viðbrögð hafa sem mest áhrif á. Ef einhver gerir eitthvað sem hefur mikil áhrif á líf mitt og tilveru hlýtur það að vera mitt að ákvarða hvort þessar ákvarðanir hafi átt við eða ekki. Ekki er hins vegar ólíklegt að dómgreind mín sé skert þegar kemur að hlutum sem varða mig, en til að sporna við því að mat mitt sé byggt á skertri dómgreind er eðlilegt að ég komi með góð rök fyrir mati mínu. Ef ekki er farið fram á það er hætt á að eiginhagsmunir hvers og eins<sup>121</sup> verði alltaf ofan á. Svarið við spurningunni um hver hefur leyfi til að krefja ábyrgan aðila um svör er ekki alveg einfalt heldur. Eðlilegt væri að sá sem ákvörðun hefur áhrif á hafi leyfi til að krefjast svara, hvort sem það sé einn aðili eða margir sem flokkast þar undir. Ekki má heldur gleyma, séu mál ekki eingöngu af persónulegum toga, að líklegt er að sá sem ákvarðanir tekur hafi einhvern yfirboðara sem hann svari til, hvort sem það er einstaklingur, stofnun, þjóð, eða annað. Undir slíkum kringumstæðum hlýtur viðkomandi yfirboðari einnig að hafa leyfi til að krefjast svara enda hafi allar slíkar ákvarðanir ýmist bein eða óbein áhrif á viðkomandi.

Varðandi vilja og getu tel ég viljann vera mun mikilvægara atriði en getuna í þessu samhengi. Geta fólks er óneitanlega mismikil í lífinu en óhætt er þó held ég að segja að flestir hafi nokkuð góða hugmynd um hvað er réttlátt og ranglátt, séu þeir tilbúnir til að líta hlutlaust á málin. En það er einmitt hér sem viljinn kemur hvað sterkast inn, að vera tilbúinn til að líta hlutlaust á mál er lykilatriði þegar kemur að ábyrgð. Segja má að ákveðinn partur af eðli ábyrgðar sé viljinn til að reyna að finna þá lausn á málum sem kemur flestum til góða burt séð frá því hvaða áhrif ákvarðanir þar að lútandi kunna að hafa á eigin tilveru. Ábyrgð er því umfram annað háð viljanum til að gera gott. Á einum stað í *Samfélagssáttmálanum* bendir Rousseau á að

[...] það sem gerir vilja almennan er ekki fjöldi atkvæðisbærra manna, heldur hagsmunirnir sem sameina þá. Við slíkt skipulag hlýtur hver og einn að lúta sömu skilyrðum og hann setur öðrum. Þannig myndast aðdáunarvert samspil hagsmuna og réttlætis sem ljær sameiginlegum ráðagerðum sanngirnissblæ.<sup>122</sup>

Þótt Rousseau sé ekki að fjalla um ábyrgð þarna þá á þetta mjög vel við tengsl einstaklingsins við ábyrgð með þarfir samfélagsins í huga.

---

<sup>121</sup> Eða ákveðinna hópa með sameiginlega hagsmuni líkt og í dæmi Sigurðar Líndal á bls. 7 í ritgerðinni.

<sup>122</sup> Jean-Jacques Rousseau, *Samfélagssáttmálinn*, bls. 97

Vissulega er það rétt hjá Williams að getuna til að dæma verður að taka alvarlega, en hins vegar er nokkuð ljóst að viljinn, eins og ég sagði áður, er ekki síður mikilvægur. Flestir einstaklingar eru stöðugt að nota dómgreind sína í mismikilvægum og stórum málum, allt frá því hvernig er skynsamlegast að klæða barnið sitt í frosti og snjó yfir í víðtækari hluti eins og hvernig er farsælast að leysa Icesave deiluna þannig að sem fæstir hljóti skaða af. Auðvitað hefur fólk mismikla getu til að ráða fram úr stórum málum en getu sem slíka má hins vegar oft auka, til dæmis með því að leita sér upplýsinga eða annarrar fræðslu. Það má því ekki vanmeta viljann hér. Það er með ábyrgð eins og annað, ef viljinn er nægur er oft hægt að finna leiðir og leggja aðeins aukalega á sig til að ná takmarkinu. Hluti af því getur verið að ganga gegn áliti fjöldans, sem getur reynst erfitt, líkt og sjá mátti á uppgangstíma bankanna þegar varla mátti mæla styggðaryrði gegn þeim, og því síður efast um áreiðanleika þeirra.

Williams hefur nokkuð til síns máls þegar hann fjallar um fjölbreytileika krafna í dag. Ég er þó ekki fullkomlega sammála þeirri skoðun hans að kröfurnar á okkur séu orðnar svo viðamiklar að við náum ekki utan um að sinna þeim af þeim heilindum sem okkur ber. Það er rétt að í dag gegnum við flest mun fleiri hlutverkum en áður og samfara því eru kröfurnar á okkur bæði fleiri og fjölbreyttari, auk þess sem að kröfurnar innan hvers hlutverks eru oft einnig fjölbreyttari. Þar af leiðandi getur vissulega verið erfðara að standa undir þeim svo vel sé. En ekki má gleyma því að þetta eru í raun kröfur sem við flest viljum takast á hendur, sem aftur gerir það auðveldara. Við viljum fremur bera meiri ábyrgð sjálf og vera þar með betur upplýst um hvað er að gerast í kringum okkur en þegnum stóð til boða áður fyrr, þegar öll ábyrgð var á höndum yfirvalda og borgaraleg réttindi takmarkaðri. Einstaklingar í dag hafa einnig meira frelsi og mun fjölbreyttara val þegar kemur að því að velja hvernig þeir vilja hátt lífi sínu en áður var í boði. Við höfum til dæmis vel flest val um hvort við viljum halda áfram í námi þegar skyldunámi lýkur eða hvort við viljum halda út á vinnumarkaðinn. Ef við höldum áfram í námi ráðum við hvaða nám við kjósum okkur og með því erum við að ákveðnu leyti að velja okkur framtíð og um leið þær kröfur sem fylgja þeirri framtíð. Það má því segja að strax á ungdómsárum okkur ákveðum við bæði hvernig ábyrgð og hversu mikla við viljum takast á við í lífinu.

Varðandi þá föstu póla í lífi okkar sem Williams segir að skorti í nútíma þjóðfélagi, trú, yfirvald, náttúru og hefð, þá er ég ekki sammála því að þeir séu ekki til staðar lengur, þó að vægi þeirra sé óneitanlega mun minna en það var áður fyrr. Það má fremur segja að áður fyrr hafi yfirvöld borið ábyrgð á þessum föstu pólum og séð til þess að þeim væri sinnt og af því hafi þeir verið í jafn föstum skorðum og var. Þegar

ábyrgð einstaklinga á eigin lífi og tilveru jókst breyttist bæði vægi og sýnileiki þessara póla í samræmi við hvernig almenningur leit í raun til þeirra, án afskipta yfirvalda. Trú var, til dæmis, mjög mikilvægur og sýnilegur póll í lífi fólks hér áður fyrr meðan að vel flestir fóru í kirkju á hverjum sunnudegi og ýmsa aðra helgidaga. Í dag er trúin sjálfsagt jafn mikilvægur póll í lífi margra þótt að hún finni sér annan farveg en með fastri kirkjusókn sem oft var væntanlega fremur af skyldu en vilja. Hún er því ekki grundvöllur opinbers mælikvarða eins og hún var.

Williams hefur hins vegar nokkuð til síns máls varðandi þau hlutverk sem við fæðumst til, líkt og fjölskyldu og þjóðerni. Þessi hlutverk eru mikið á reiki, eins og sjá má til dæmis á hlutum eins og tölum um hækkaða skilnaðartíðni. Hér áður fyrr var hjónabandið mun fastari póll en það er í dag, skilnaðir voru fátíðir og litið var á hjónaband sem ábyrgðarskuldbindingu sem ekki var sjálfsagt að yfirgefa þótt eitthvað bjátaði á. Einnig verða þessi hlutverk sífellt óljósari með tilkomu hluta eins og ættleiðingar, tæknifrjóvgunar og staðgöngumæðrunar, þar sem bæði fjölskyldutengsl barna og þjóðerni geta verið mjög óskýr. Þetta getur síðan leitt af sér óskýr hlutverk og þar af leiðandi aukna togstreitu ábyrgðar allra hlutaðeigandi, bæði barna og foreldra.

Ég er hins vegar mjög ósammála Williams um að við séum ekki fær um að höndla auknar ábyrgðarkröfur. Vissulega eru ekki allir jafnfærir um það, og oft er það spurning um vilja, en einnig má segja að með auknum kröfum fylgi aukin vitneskja sem aftur hjálpar okkur við að standa undir þeim kröfum sem eru gerðar. Ef við erum ekki meðvituð um samfélagið sem við búum í og þarfir þeirra sem þar búa erum við ekki fær um að standa undir þeim ábyrgðarkröfum sem það gerir. En um leið og við sýnum viljann til að skilja það og staðsetja okkur sjálf í þessum kröfum kemur getan til að takast á við ábyrgðina oft sjálfkrafa fram. Það er ekki endilega auðvelt, í jafn einstaklingsmiðuðu samfélagi og við búum í, að hugsa þær ábyrgðarkröfur sem upp koma í eins víðu samfélaglegu samhengi og þær iðulega krefjast, en engu að síður nokkuð sem á ekki að vera óyfirstíganlegt sé viljinn fyrir hendi. Þetta sést ekki síst í því hvað við erum dugleg að hugsa upp ábyrgar lausnir sem aðrir hefðu átt að grípa til eftir að þeir hafa að okkar mati brugðist. Það má hins vegar fremur segja að vandamálið hér sé að ekki er víst að til sé ein ábyrg lausn sem nær til krafna sem snerta stóran hóp fólks. Einnig er það því miður oft svo að þær kröfur sem eru gerðar eru sjálfar ekki sérlega ábyrgar. Gott dæmi um það er bankahrunið. Krafa þorra almennings um að allir ættu að græða var ekki raunsæ eða ábyrg en um leið það sterk að þeir sem ábyrgðar áttu að gæta féllu í þá gryfju að fylgja almenningi að málum í stað þess að taka ábyrga en um leiða óvinsæla afstöðu.

Það er hins vegar rétt hjá Williams að hætta er alltaf á að skilningur einstaklinga á því hvers sé krafist af þeim geti orðið ýmist of eða van, og að þeir ýmist taki aðeins á sig hluta af kröfum eða ráðist í að reyna að standa einir undir ábyrgð, og skeri þar með á tengslin milli ábyrgðar og samábyrgðar. Að taka aðeins á sig hluta af kröfum getur vissulega hljómað sem ákveðin viðleitni en reyndin er hins vegar ekki sú. Séu aðilar ekki færir um að standa undir ábyrgð sem þeim er lögð á herðar er betra að afsala sér henni heldur en að sinna henni aðeins að takmörkuðu leyti. Að sinna aðeins hluta skyldna sinna er að vissu leyti að beita blekkingum. Tengdir aðilar telja að ábyrgðarkröfur þeirra séu teknar alvarlega meðan aðeins einhverjum þeirra er í raun sinnt.

Að standa einn undir kröfum þarf ekki að vera slæmt. Undir þeim kringumstæðum þarf hins vegar að huga að hvort það sé eigið val eða annarra ákvörðun. Sé það eigið val má ætla að sá einstaklingur treysti sér til að standa undir því og líti svo á að það sé besti ábyrgi kosturinn í stöðunni. Williams talar um að tengslin milli ábyrgðar og samábyrgðar skipti sköpum<sup>123</sup>, sem er almennt rétt, en er þó ekki algilt. Tengslin milli ábyrgðar og samábyrgðar eru mikilvæg að því leyti að ábyrgðarefnin eins og um þau er fjallað hér snerta fleiri en einn aðila og eru þannig orðin samfélagsleg. Um leið og ábyrgð er orðin samfélagsleg krefst hún þess að allar viðkomandi aðilar séu meðvitaðir um að standa þarf undir henni og veiti þannig aðhald þeim sem ber, það sem nefna má í þessu samhengi, „yfirábyrgð“. Um leið hafa þessir sömu aðilar unnið sér inn réttinn til að krefja hinn ábyrga svara telji þeir þann aðila hafa brugðist ábyrgðarskyldu sinni. Því jafnvel þegar um samábyrgð er að ræða er almennt einhver sem ber meiri ábyrgð en aðrir. Til dæmis ber verkstjóri ríkari ábyrgð en verkamaður, og einnig ber forsætisráðherra jafnan ríkari ábyrgð en aðrir ráðherrar í ríkisstjórn<sup>124</sup>, og þarf sá að svara fyrir sé ábyrgð ábótavant.

Í tengslum við samábyrgð rakst ég á áhugaverða hugsun í ræðu sem Harold Pinter flutti. Í ræðunni fer hann hörðum orðum um utanríkisstefnu Bandaríkjamanna og segir meðal annars: „Hvað hefur orðið um siðferðiskennd okkar? [...] Vísar [siðferðiskennd] til [...] samvisku? [...] Samvisku sem tengist ekki aðeins athöfnum okkar sjálfra heldur sameiginlegri ábyrgð okkar á athöfnum annarra?“<sup>125</sup> Það sem mér finnst áhugaverðast

---

<sup>123</sup> Garrath Williams. „Responsibility as a Virtue“, bls. 463

<sup>124</sup> Þótt forsætisráðherra beri ekki lagalega ábyrgð á því sem aðrir ráðherrar gera ber hann engu að síður pólitíska ábyrgð. Í lokaritgerð sinni „Störf, staðu og hlutverk ráðherra“ hefur Ásta Möller eftir einum viðmælenda sinna að „[...] ef hann [forsætisráðherra] væri ekki með hina pólitísku ábyrgð og pólitísku byrði þá væri verkefnið afar lítið.“, bls. 56

<sup>125</sup> Harold Pinter, „Listin, sannleikurinn og stjórn málin - glefsur úr Nóbelsverðlaunaræðu Harolds Pinter“, [www.bjartur.is](http://www.bjartur.is)

hér er ábending hans um sameiginlega ábyrgð á athöfnum annarra. Það virðist oft vilja gleymast að við berum ekki bara ábyrgð á eigin athöfnum heldur einnig annarra að vissu marki. Þetta gerum við til dæmis með álitsgjöf, gagnrýni og stuðningi og inngrípum. Eins og Williams kemur aðeins inn á þá er ábyrgð á athöfnum annarra hluti af samábyrgðinni. Um leið og að við deilum ábyrgð á milli okkar þá þurfum við um leið að vera tilbúin að koma öðrum til aðstoðar í þeirra eigin ábyrgðarhlutverki sé þess þörf.<sup>126</sup>

Það að dyggðina ábyrgð skorti samhljóm til að sameina okkur vegna mismunandi krafa nær ekki að sannfæra mig. Vissulega eru kröfur okkar mismunandi eftir því hvað við ætlum hverjum og hvað það er sem við sækjumst eftir, og svo framvegis. En við ætlumst þó öll til að ábyrgð sé sýnd og viljum að auki standa undir ábyrgð sé þess ætlast til af okkur. Þetta eitt sér ætti að veða þungt þegar kemur að því að finna sameiningartákn. Einnig erum við velflest sammála um að ábyrgð er mikil nauðsyn til að samfélög nái að dafna og til að þegnar þeirra geti unnið saman að sameiginlegum markmiðum byggðum á gagnkvæmri virðingu og jöfnuði. Þrátt fyrir að þetta gangi ekki alltaf sem skyldi þá þýðir það ekki að ekki sé vilji fyrir samábyrgð, og segja má að það komi til dæmis nokkuð skýrt fram hér á landi um þessar mundir þar sem kall eftir aukinni ábyrgð heyrir úr öllum áttum. Það má hins vegar fremur segja að það skorti oft kunnáttu í hvernig sýna á ábyrgð á sem árangursríkastan máta.

Nátengt kröfunni um ábyrgð er krafan um réttlæti. Öll viljum við réttlæti okkur til handa. Með kröfu um réttlæti verðum við hinn vegar einnig að skilja að réttlæti fyrir aðra hlýtur þá að vera hluti af kröfu okkar, því ef eigið réttlæti brýtur á öðrum hljóta þeir að geta réttlætt okkar óréttlæti sem þeirra réttlæti. Hlutverk ábyrgðar er þá að sjá til þess að réttlæti einum til handa skapi ekki óréttlæti fyrir aðra. Rétt er að taka fram að mín skilgreining á réttlæti hér er það að ekki sé gengið á rétt þegna, en ekki að það fylgi að þeir fái endilega allt sem þeir telji sig eiga heimtingu á, enda erum við þá komin út í sjálfðæmishyggju.

Ekki er alveg rétt heldur hjá Williams að ábyrgð eigi sér beina uppsprettu í stofnanakerfi nútímans. Það er fremur að nútíma stofnanakerfi veiti fleirum tækifæri til að vera ábyrgðir á fleiri sviðum og sýnilegri hátt. Nútíma stofnanakerfi eru því ekki uppspretta heldur fremur farvegur fyrir eiginleika sem voru þegar fyrir hendi. Eðlislega ábyrgir aðilar sem höfðu kannski ekki mikil færi til áhrifa áður fyrr, til dæmis vegna þess að þeir kusu að standa utan vettvangs stjórn mála, eiga núna auðveldara með að koma sér í ópólítískar stöður sem eru samt sem áður valdamiklar og krefjast víðtækrar

---

<sup>126</sup> Garrath Williams, „Responsibility as a Virtue“, bls. 467

ábyrgðar af viðkomandi. Þetta þýðir ekki eingöngu að stöðurnar/stofnanirnar krefjist víðtækari og aukinnar ábyrgðar heldur einnig að það fólk sem býr yfir ákveðnum eiginleikum hefur aukin tækifæri til að nýta þá.

Varðandi lýsingu Williams á því sem auðveldlega getur gerst þegar innviðir stofnana bresta þá er hann svolítið að snúa hlutunum við. Grundvöllur ábyrgðar er nefnilega það sem stofnanirnar byggja á, siðferðilegum vilja til að deila ábyrgð sem við getum staðið undir. Án þessa vilja og þarfar fyrir ábyrgt samfélag sem fylgir honum er engin eftirspurn eftir stofnunum okkar og þeirri auknu dreifingu ábyrgðar sem þeim fylgir. Það er á þessum grunni sem stofnanirnar eru byggðar á. Ef og þegar stofnanirnar síðan bresta þá er þessi grundvöllur enn til staðar til að fara aftur til, endurskoða hvað fór úrskeiðis, og byggja síðan að nýju upp vonandi enn ábyrgari tilveru, eftir að hafa væntanlega lært af því sem fór úrskeiðis. Þetta er til að mynda nokkuð augljóst þegar litið er til þess sem gerðist á Íslandi árið 2008. Þá brugðust ýmsir aðilar og stofnanir ábyrgðarhlutverki sínu og það olli vissulega þeirri keðjuverkun sem Williams lýsir.<sup>127</sup> Þessi viðbrögð voru hins vegar eingöngu tímabundin, og fljótlega tók samfélagið við sér og fór að vinna að enduruppbyggingu sem enn stendur yfir og kemur til með að skila sér í styrkara og ábyrgara samfélagi gangi sú vinna sem stefnt er að eftir.

Sé nútíma samfélag skoðað út frá áður óþekktri dreifingu ábyrgðar má segja að þetta sé að vissu leyti siðferðilegt afrek, enda ekki sjálfgefið að meginþorri fólks sé fær um að halda þessum dyggðar staðli stöðugum í öllu því áreiti sem fylgir daglegu amstri, svo ekki sé talað um hærri ábyrgðarstöður. Ekki má hins vegar horfa fram hjá að það að sýna ábyrgð í og á því sem maður tekur sér fyrir hendur er að ákveðnu marki gert í eiginhagsmunaskyni. Flest erum við meðvituð um að ef við hlaupumst undan ábyrgð þá erum við um leið að bjóða hættunni heim um að aðrir geri það sama gagnvart okkur. Það má eiginlega segja að því viðameira sem stofnanakerfið, og sameiginleg ábyrgð okkar á að láta það ganga upp verður, því meira verður fallið fyrir alla, okkur jafnt sem hina, ef við bregðumst í hlutverki okkar. Svo má heldur ekki gleyma þeim mikilvæga eiginleika okkar að aðlagast. Manneskjan hefur ótrúlega hæfileika til að aðlagast nýjum veruleika, sem veldur því að það að takast á við aukna og víðtækari ábyrgð verður fljótt hluti af eðlilegu daglegu mynstri og er því ekki endilega eins mikið álag og það gæti virst við krufningu sem þessa. Vissulega er fólk mishæft þegar kemur að því að takast á við ábyrgð, en þá er líka algengast að þeir minna hæfu leiti í störf og aðstæður þar sem ekki er jafn mikil þörf á þessum hæfileika og annars staðar.

---

<sup>127</sup> Sama rit, bls. 465 - 466

Um leið og kröfurnar eru orðnar meiri og víðtækari, þá hefur almenningur í dag mun fleiri og meiri tækifæri til að fá að sýna þá ábyrgð sem hann býr yfir og veita henni yfir á fleiri svið en áður var mögulegt. Þetta um leið kallar á að fleiri aðilar sýni ábyrgð og þannig aukast bæði kröfur og framboð ábyrgra aðila sífellt. Segja má að því fleiri og meiri kröfur sem eru gerðar því fleiri ábyrga aðila öllum við af okkur.

Eins og áður hefur komið fram má segja að í raun séu velflestir aðilar hæfir. Vissulega eru aðilar mishæfir, og einnig er vilji ekki nóg þegar kemur að ábyrgð heldur er einnig þörf á getu. Hins vegar er það hér sem stofnanavæðingin ætti að nýtast því það ætti einmitt að vera hlutverk stofnananna að velja réttu aðilana á réttan stað með tilliti til vilja og getu. Stofnanavæðing er því í raun ekki að „búa til“ ábyrga aðila heldur er hún að finna aðilum réttan farveg þeirrar ábyrgðar sem þeir búa yfir, í samræmi við bæði vilja þeirra og getu. Þetta krefst þeirrar samvinnu í útdeilingu ábyrgðar sem Williams telur nauðsynlega. Williams hefur einnig rétt fyrir sér þegar hann bendir á að dyggðin ábyrgð sé ekki eins einstaklingsmiðuð og við kunnum að telja, enda kemur ábyrg hegðan iðulega einhverjum öðrum en okkur sjálfum einnig til góða. En þótt við séum háð hvert öðru á flestan máta og ábyrg hegðan hvers annars skipti lykilmáli í samfélagi okkar þá hlýtur ábyrgð að eiga sér einstaklingsmiðaðar rætur, því hún miðar jú fyrst og fremst að því að koma okkur til góða. Ef ekki, hvers vegna annars ættum við að finna fyrir þörf hjá okkur til að vera virkir og ábyrgir aðilar í samfélagi við aðra. Og eins og Páll Skúlason bendir á þá er erfitt að komast hjá þessu:

Stjórnsmál koma öllum þegnum þessa lands við, hvort sem þeir kæra sig um það eða ekki [...] Hver einasti hugsandi þegn landsins sinnir stjórnsmálum hvern einasta dag, kemst ekki hjá því með neinu móti að hafa áhyggjur af þjóðarhag og hugsa um hvað honum og fjölskyldu hans sé fyrir best sem íbúum þessa ríkis.<sup>128</sup>

Ef við gefum okkur að þetta sé rétt hjá Páli vaknar upp sú spurning hvort þetta sé ekki einmitt sú hugsun sem er undirstaða þess stofnanakerfis og þeirrar ábyrgðar sem það byggir á og við þekkjum í dag. Hún felur bæði í sér það ábyrgðarsíðgæði sem Weber titlar sem síðgæði stjórnsmálanna og einnig þá samábyrgð sem Williams bendir á að sé undirstaða og nauðsyn nútíma síðferðis.

Krafan í dag er að stjórnvöld eigi að vera ábyrg gagnvart öðrum en sjálfum sér, og að hægt sé að gera þau ábyrg fyrir því sem miður fer. Einnig er komin ákveðin krafa um ábyrgð hjá almenningi enda eðlilegt í samfélagi að allir séu samstíga um að stuðla að betra þjóðfélagi. En þjóðfélagsbreytingar svo sem aukin lífsgæði og opnari samfélög

---

<sup>128</sup> Páll Skúlason, *Um síðfræði og stjórnsmál. Nokkrar greinar úr pælingum*, (Reykjavík: Háskólaútgáfan. 1990), bls. 95



skipta einnig máli þegar kemur að einstaklingsábyrgð. Einstaklingar í dag hafa að jafnaði mun fleiri hlutverkum að gegna en áður og þá eru um leið fleiri aðilar sem þeir bera ábyrgð gagnvart. Þegar farið er að bera ábyrgð út fyrir fjölskylduna er hætt við því að sú ábyrgð muni víkja fyrir því sem nærtækara er, og því sé ábyrgð ekki lengur sjálfsagður hlutur sem ekki þurfi orð yfir.

Vegna breyttra og bættra lífsgæða er hópurinn sem hefur það mjög gott orðinn stærri en áður var. Það, ásamt breyttu stjórnarfari nútímans veldur því að almenningur gerir víðtækari kröfu um að hinir betur settu sýni þá ábyrgð að koma hinum verr settu til aðstoðar. Segja má þetta sé eðlileg krafa enda er það oft almenningur allur sem heldur uppi ríkidæmi hinna ríkustu, sem oftast en ekki er í dag byggt á hinum ýmsustu þjónustugreinum. Ekki má heldur gleyma hinni víðtæku alþjóðavæðingu sem, til dæmis, aukinn fréttáflutningur, bættar samgöngur og alnetið hafa átt þátt í að skapa. Í dag nær krafan um ábyrgð langt út fyrir okkar eigin samfélög, og eðlilegt þykir, sérstaklega þegar kemur að auðugri og þróaðri þjóðfélögum, að þau sýni ríka ábyrgð gagnvart þeim sem minna mega sín í heiminum. Nærtækt dæmi eru lönd þar sem hungursneið ríkir. Að búa fjarri þeim veruleika og í auðugu samfélagi gerir okkur einmitt fær um að koma til aðstoðar og þannig verður hjálparstarf að okkar ábyrgð, þrátt fyrir landfræðilega og menningarlega fjarlægð. Iris Marion Young bendir til dæmis á að sameiginleg ábyrgð einstaklinga eigi rætur að rekja til þess að tilheyra sameiginlegu kerfi sem er háð samvinnu og samkeppni innbyrðis, en í gegnum það leitum við ávinninga og leiðum til að koma verkefnum á fót. Þessi sameiginlega ábyrgð nær út fyrir þau mörk sem búseta okkar kann að setja.<sup>129</sup> Á þennan hátt má segja að stofnanakerfi Williams geti í raun náð langt út fyrir nærsamfélag okkar, og að takmörk þess, séu þau einhver, liggi fremur í upplýsingaaðgengi en landfræðilegum svæðismörkum. Góð dæmi um útbreidd stofnanakerfi eru alþjóðlegar hjálparstofnanir, en þær líkt og margar stofnanir sem Williams vitnar til eru ópólítískar. Það sem þær byggja á er hins vegar nátengt eftirfarandi fullyrðingu Vaclav Havel: „[...] því meira sem frelsið er, því meiri þýðingu hefur ábyrgð. Ábyrgð er að standa ekki á sama um það sem gerist allt í kringum okkur, atburði sem eiga sér stað hvar sem er í hnattrænni siðmenningu dagsins í dag.“<sup>130</sup>

Þegar spurning Williams um hvers vegna ábyrgðarhugtakið sé orðið jafn mikilvægt í nútímaþjóðfélagi og það er orðið og hvers vegna við erum sífellt að krefjast

---

<sup>129</sup> Iris Marion Young, „Responsibility and global justice: A social connection model“. *Social Philosophy and Policy*, vol. 23, nr. 1, winter 2006. Bls. 119

<sup>130</sup> Vaclav Havel, [The Opening of the conference "Building Consensus about EU Policies on Democracy Support"](#). Prague. 2009. Mín þýðing

ábyrgðar af bæði hvert öðru sem og stofnunum okkar er skoðuð, verður einnig að hafa í huga að nútímaþjóðfélag er mjög einstaklings- og kröfumiðað. Við ætlumst til þess að fá að njóta alls hins besta sem völ er á, bæði sem einstaklingar og sem þjóðfélag. Við ætlumst til þess jafnt af einstaklingum sem og stofnunum að ávallt sé framkvæmt af ábyrgð. En um leið og við ætlumst til þessara hluta gerum við okkur grein fyrir því að það að sýna ábyrgð kemur sér oft mun betur fyrir samfélagið heldur en fyrir einstaklinginn sem um ræðir, og því er langt í frá sjálfgefið að ábyrg hegðan verði fyrir valinu þegar kemur að veigamiklum ákvörðunum. Af þessum sökum erum við einnig meðvituð um að ábyrgð er ekki eitthvað sem kemur endilega sjálfkrafa heldur eitthvað sem við verðum að treysta meðbræðrum okkar til að sýna. En þar sem bæði er erfitt að treysta í blindni, og kannski ekki mjög raunsætt heldur, er mikilvægt að bæði stofnunum og almenningi sé veitt aðhald og eftirfylgni í þessum efnum. Við ætlumst til mikils af stofnunum okkar, en megum ekki gleyma að hluti af ábyrgu samfélagi er að almenningur sjálfur sé einnig fær um ábyrga hegðan. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir orðar þetta samspil ágætlega:

Takist okkur að siðvæða kerfið munum við siðvæða stjórnámamennina. Siðlausir stjórnámamenn styðja sig að mörgu leyti við siðlaust almenningsálit. [...] Þær siðareglur sem okkur hefur verið kennt að halda í heiðri almennt í lífinu eiga að vera meginreglur stjórnmalanna [...]<sup>131</sup>

Traust er einnig mikilvægur hluti ábyrgðar og þarft að koma aðeins inn á þá umræðu þótt hvorki Weber né Williams geri það í umfjöllun sinni. Án trausts er engin ábyrgð og án ábyrgðar er ekkert traust. Með því að sýna öðrum að við treystum þeim erum við að ýta undir að viðkomandi sýni ábyrgðarfulla framkomu gagnvart því sem að okkur snýr. Að sama skapi treystum við ekki þeim sem hegða sér á óábyrgan máta hvort sem að okkur eða öðrum snýr. Af því leiðir að því minna traust sem ríkir, því háværi vill krafan um ábyrgð vera. Ef við treystum aðilum ekki til að standa undir þeirri ábyrgð sem okkur finnst að þeir eigi að sýna er hætt við að við séum sífellt að minna þá á hana, og því gerist það að með þverrandi trausti verður krafan um ábyrgð og umræður um hana háværi.

Árni Sigfússon fjallar um traust í greininni „Um siðferði í stjórnmalum“. Þetta er ágætis umfjöllun í heild sinni, en eitt í henni fékk mig til að staldra við. Hann segir að: „Mælikvarðinn á traustið gagnvart stjórnmalamanni er öryggistilfinningin sem

---

<sup>131</sup> Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. „Hvaða siðareglur telur þú mikilvægast að stjórnmalamaður haldi í heiðri?“ *Siðferði og stjórnmal*. Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Bls. 53

einstaklingur finnur fyrir þegar hann hlustar á eða er í návist stjórnámamannsins.<sup>132</sup> Þótt þessi öryggistilfinning sé hugsanlega það sem einstaklingur fer eftir þegar hann ákveður að velja einhvern einn, umfram annan, til að treysta og vera fulltrúi sinn, þá er það engu að síður ekki ávísun á að viðkomandi sé í raun traustur. Hann gæti einfaldlega verið mjög fær í mælskulistinni og eigin ímyndasköpun. En eins og ég fjallaði um í kaflanum um Arendt hér á undan þá nota stjórnámamenn oft mælskulistina til að höfða til tilfinninga fólks. Eini raunverulegi mælikvarðinn á traust hlýtur að vera reynsla. Ef viðkomandi hefur sýnt sig traustverðugan er líklegt að hann verði það áfram. En þar sem erfitt er að byggja á reynslu, því nýir aðilar eru alltaf að koma fram, er eðlileg að embættis- og stjórnámamenn standi oft ekki undir því trausti sem þeim er sýnt, og því er eftirlit með valdamönnum bæði sjálfsagt og nauðsynlegt.

Í umfjöllun sinni kemur Williams ekki inn á sannleikann líkt og Weber geri heldur er áhersla hans á hversu margslungin dyggðin ábyrgð er, og einnig hversu mikilvæg hún er. Eins og ég hef áður minnst á hér þá fylgir ábyrgð, eðli málsins fremur ábyrgðarsíðgæði Weber en hugarfarssiðgæði hans, þótt hið síðarnefnda eigi einnig við að ákveðnu leyti. Þetta leiðir af sér að sé ábyrg gerð að fela sannleikann þá er það afstaða sem verður að una eigi ábyrgðin að vera ofan á. Segja má að samkvæmt Williams leiði ábyrg útkoma af ábyrgri hugsun og framkvæmd. Séu ætlun og framkvæmd byggðar á ábyrgri hugsun þá verður útkoman ábyrg þótt ekki séu kannski allir sammála um þá útkomu. Staðreyndin er sú að ábyrgð er í eðli sínu það flókin og margþætt að ábyrg niðurstaða leiðir ekki endilega til að öllum finnist hagsmunum sínum best þjónað, enda getur ábyrg niðurstaða miðað að því að brjóta ekki á öðrum fremur en endilega að auka hag þeirra. Við þessar vangaveltur er ágætt að hafa í huga, líkt og Williams bendir okkur á, að ábyrgð í dag er ekki eingöngu bundin við stjórnámál, heldur nær einnig til stofnanakerfa nútímans og í raun til almennings alls.

## Lokaorð

Í þessari ritgerð leitaði ég svara við eftirfarandi spurningu: Eru ábyrgð og sannsögli eða heiðarleiki dyggðir sem eðlilegt er að ætlast til að stjórnkerfið, bæði stjórnámamenn og stofnanir, leitist við að starfa samkvæmt? Við greiningu sem þessa er nauðsynlegt að skoða ábyrgð og sannleika hvort fyrir sig sem afmörkuð hugtök innan þess ramma stjórnkerfisins sem ég setti þeim, auk þess að sjá þau sem hugtök sem fara saman. Við

---

<sup>132</sup> Árni Sigfússon. „Um síðferði í stjórnámálum“. *Síðferði og stjórnámál*. Síðfræðistofnun Háskóla Íslands. Bls. 58

lestur tveggja af þeim þremur greinum sem ég notast við, annars vegar grein Arendt og hins vegar Williams er ljóst að efni hvorrar um sig er mjög afmarkað. Grein Arendt snýst um sannleika í stjórnámálum og ábyrgð kemur ekki mikið þar inn, meðan grein Williams snýst um ábyrgð og fjallar ekki mikið um sannleika. Efni þeirra beggja á hins vegar vel við um það sem Weber hefur að segja um siðferði í stjórnámálum, og á það við bæði um hugarfars- og ábyrgðarsíðgæði. Einnig verður ljóst við lestur á greinum Arendt og Williams að erfitt er að fjalla um sannleika í stjórnámálum án þess að leiða hugann að mikilvægi þess að ábyrgð sé höfð í huga þegar sannleikur er annars vegar, hvort sem aðaláherslan er lögð á að hann komi fram eða að hann er bældur. Og að sama skapi býður umfjöllun um ábyrgð upp á talsverðar vangaveltur um hvort sannleikur geti verið algildur sé vilji til að sýna fulla ábyrgð, eða hvort nauðsynlegt geti verið að setja hann tímabundið í annað sæti.

Það sem er sérstaklega áhugavert við greinar Arendt og Williams er hvernig sannleikur og ábyrgð hafa þróast. Samkvæmt Arendt á sannleikur í stjórnámálum sífellt erfðara uppdráttur og meiri tilhneigingar gætir með tímanum til að reyna að útmá hann algjörlega. Hluti af þessu er að í nútímanum eru raunsannindin sannindi stjórnámálanna meðan að á fyrri tímum skipuðu röksannindi oftast stóran sess þar. Eðli sannleikans er hins vegar þannig að erfitt er að finna staðgengil fyrir hann, auk þess sem hann býr yfir þrálátri viðveru þess sem er.

Ábyrgð verður á hinn bóginn sífellt útbreiddari og er í dag komin langt út fyrir uppruna sinn sem var í stjórnámálum. Einstaklingar eru ábyrgari í hugsun og hegðan þar sem samfélagsleg tengsl þeirra eru mun víðtækari en áður fyrr. Einnig er fjölþætt ábyrgð undirstaðan í stofnanakerfum nútímans, sem byggð eru upp af mun fleiri hópum og félagasamtökum en eingöngu stjórnámalönnum. Þessi þróun veitir hæfum einstaklingum sem áður vantaði farveg utan stjórnámálanna fleiri tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu ábyrgs samfélags.

Það sem er þá sérstaklega áhugavert hér er hvers vegna vægi sannleikans virðist ekki hafa aukist til jafns við aukna ábyrgð. Hluti af skýringu á þessu misræmi milli mikilvægis dyggða kann þó að liggja í því að Arendt er að skoða sannleika og stjórnámál á lægstu sviðum stjórnámálanna meðan Williams er að skoða stjórnámál og stofnanir á almennari nótum. Stjórnámál á sínum lægstu sviðum snúast að miklu leyti um valdabaráttu og eitt sterkasta vopnið þar er að hagræða sannleikanum, meðan að ábyrgð eða skortur þar á er ekki beitt vopn og kann þetta að skýra hvers vegna meiri líkur eru á að sannleikur eigi undir högg að sækja fremur en ábyrgð í baráttu stjórnámálanna.

Megintilgangur minn í þessari umfjöllun er að vekja lesendur til umhugsunar um mikilvægi þessara tveggja dyggða. Þótt þær eigi ekki alltaf fullkomna samleið þá þarf ávallt að hafa þær báðar í huga viljum við gera okkar besta til að vernda innviði samfélags okkar og reyna að skapa tilveru þar sem einstaklingar fá notið sín til fullnustu. Í þessu efni er fátt mikilvægara en að hægt sé að treysta því að bæði stjórnvöld og stofnanir beri hag þegna sinna fyrir brjósti umfram eigin hagsmuni og hafi hvoru tveggja að leiðarljósi, sannleika og ábyrgð.

## Heimildaskrá

Arendt, Hannah. „Sannleikur og stjórnmál.“ *Af ást til heimsins*. Ritstj. Sigríður Þorgeirsdóttir. Reykjavík: Heimspekistofnun-Háskólaútgáfan. 2011.

Arendt, Hannah. „Truth and Politics.“ *The Portable Hannah Arendt*. Ritstj. Baehr, Peter. Penguin Putnam Inc. 2nd. ed. 2003.

Ásta Möller. „Störf, staða og hlutverk ráðherra“. Lokaverkefni við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Október 2006.

Bok, Sissela. *Lying. Moral choice in public and private life*. London : Quartet Books, 1980

Fréttablaðið 5. mars 2011

Halldór Reynisson. „Samdráttur og siðbót.“ *Siðferði og stjórnmál*. Ritstj. Jón Á. Kalmannsson. Reykjavík: Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. 1995.

Havel, Vaclav. [The Opening of the conference "Building Consensus about EU Policies on Democracy Support"](#). Prague. 2009.

<http://lorla.com/strange-and-funny-american-laws/>

Kompás. *Handbók um réttindafræðslu fyrir ungt fólk*.  
vefir.nams.is/kompas/pdf\_klippt/5.kafli/ 12.pdf

Machiavelli, Niccolo. *Furstinn*. Reykjavík: Mál og menning. 1998

[www.mbl.is](http://www.mbl.is) „Framseldur burt frá tveggja ára dóttur“. 8. ágúst 2011

Pinter, Harold. „Listin, sannleikurinn og stjórnmálin - glefsur úr Nóbelsverðlaunaræðu Harold's Pinter“. [www.bjartur.is](http://www.bjartur.is)

Platon. *Ríkið I*. Eyjólfur Kjalar Emilsson (þýð.). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 1997.

Pressan. „Geir H. Haarde: Hrúnið bönkunum sjálfum að kenna - Stjórnvöld voru göbbuð.“  
Vefmiðillinn Pressan. 12. apr. 2010.

Rannsóknarnefnd Alþingis. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. Bindi 1 og 8*. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis. 2010.

Rousseau, Jean-Jacques. *Samfélagssáttmálinn*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 2004.

Rowe, David. „Truth and Responsibility“. [www.risk.net](http://www.risk.net), 20.08.2008.

Spinoza, Benedict de. *A theologico-political treatise. A political Treatise*. New York: Dover Publications, inc. 1951.

Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun. Þskj. 376 - 310. mál. 139. löggjararþing 2010-2011.

Weber, Max. *Mennt og máttur*. Helgi Skúli Kjartansson (þýð.). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 1973.

Williams, Garrath. „Responsibility as a Virtue“. Grein. Birt á netinu: 13 Mars 2008. Springer Science + Business Media B.V. 2008

[www.eyjan.is](http://www.eyjan.is), Sunnudagur 25. janúar 2009

[www.rannsoknarnefnd.is](http://www.rannsoknarnefnd.is)

Young, Iris Marion. „Responsibility and global justice: A social connection model“. *Social Philosophy and Policy*, vol. 23, nr. 1, winter 2006.